allt

Benedikt H. Alfonsson:
Hagar seglum eftir vindi
• nám
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Óskarsverðlaunin:
The Aviator
• tilnefnd í ellefu flokkum
SÍÐA 27 ▶

Sigursteinn Másson:
Á framboðslista Röskvu
• sestur á skólabekk
SÍÐA 34 ▶

HM í handbolta í Túnis:
Eins marks tap gegn Slóvenum í gær
• íslenska liðið gaf eftir undir lokin
SÍÐA 24 ▶

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. janúar 2005 – 24. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 visir

MIÐVIKUDAGUR

LEYFI TIL YFIRFLUGS EKKI STUÐNINGUR VIÐ STRÍÐ Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra staðfesti á Alþingi í gær að veitt hefði verið leyfi til yfirflugs yfir Ísland þremur vikum áður en ráðist var inn í Írak. Hann segir þetta ekki hafa verið stuðning við stríð. **Sjá síðu 2**

MÁTTU GIFTAST EN EKKI BÚA SAMAN Ásthildur Albertsdóttir, eiginkona Said Hasan, 23ja ára Jórdaníumanns, hefur kært ákvörðun Útlendingastofnunar um að vísa Hasan úr landi og banna honum að koma aftur hingað, bæði til Útlendingaeftirlitsins og dómsmálaráðuneytisins. **Sjá síðu 4**

REGLUGERÐ FLÝTT OG VOTTORÐA KRAFIST EES-borgarar hafa forgang að vinnu hér, heilbrigðisvottorða verður krafist með umsókninni og reglugerð flýtt. Þannig bregst félagsmálaráðherra við gagnrýni ASÍ á Impregilo og atvinnuleyfin. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG



ÁFRAM MILT OG BJART FYRIR AUSTAN Það má reikna með strekkingsvindi á Norðausturlandi en annars fremur hægum vindi. Úrkomulítið í dag. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG

TÓNLEIKAR Í RÁÐHÚSINU Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan átta í kvöld. Stjórnandi verður Eero Koivistoinen, einn fremsti jazztónlistarmaður Finna um langt árabil.

Kvikmyndir	30	Myndlist	28
Tónlist	28	Íþróttir	24
Leikhús	28	Sjónvarp	32



Gölluð lög ítrekað verið samþykkt

Eftirlaunafrumvarpið er ekki eina lagafrumvarpið sem samþykkt hefur verið á Alþingi og reynst gallað eftir á. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir að vanda verði vinnubrögð.

ALÞINGI Þingmenn ríkisstjórnarinnar hafa viðurkennt að eftirlaunafrumvarpið sem samþykkt var á Alþingi 2003 hafi verið gallað. Þó nokkur dæmi eru um að Alþingi hafi samþykkt lög sem síðan hafi verið dæmd ólögmæt af dómstólum á síðustu árum. „Þekktustu dæmin tengjast málefnum öryrkja en ríkisstjórnin hefur tapað tveimur málum fyrir Hæstarétti sem Öryrkjabandalagið höfðaði á hendur henni," segir Svanur Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

„Valdimarsdómurinn 1998 var upphaf þess að dómstólar á Íslandi fóru að veita stjórnvöldum virkt aðhald," bendir Svanur á en þá úrskurðaði Hæstiréttur að ríkisstjórnin hefði brotið stjórnarská með því að takmarka veiðileyfi.

Mannréttindaákvæðin voru innleidd í íslenska stjórnarskrá og EES-samningurinn var samþykktur en með því urðu Íslendingar að leiða í gildi Evrópulög. „Frægur dómur í máli Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur féll í Mannréttindadómstólnum í Strassborg og varðaði ábyrgðarsjóð launa," segir Svanur.

Þá féll annar dómur gegn íslenskum stjórnvöldum í Strassborg og leiddi til grundvallarbreytinga á stjórnskipun landsins þegar aðskilja þurfti valdsvið dómara og sýslumanna.

Drífa Hjartardóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að Alþingi verði einfaldlega að vanda sig betur við lagasetningar. „Við verðum að gefa okkur meiri tíma til að skoða betur áhrif laganna, bæði aftur í tímann og fram í tímann. Þegar við erum að setja lög eru þau að vissu leyti afturvirk eins og með eftirlaunafrumvarpið," segir Drífa. „Við erum með mjög góða lögfræðideild hjá Alþingi en oft erum við að afgreiða frumvörp á mjög skömmum tíma," segir hún. **- sda**

MYND/AP

LEITAÐ Í RÚSTUNUM Í BANDA ACEH Kona leitar í rústum heimilis í Banda Aceh. Dag hvern finnast rúmlega þúsund lík í héraðinu, sem varð verst úti allra landsvæða sem flóðbylgjan skall á.

Tala látinna vegna flóðbylgjunnar miklu í Asíu fer enn hækkandi:

Þeir látnu jafnmargir Íslendingum

ASÍA Ljóst þykir að ekki færri en 280 þúsund manns hafi farist þegar flóðbylgjan mikla reið yfir ellefu ríki Asíu og Austur-Afríku á annan dag jóla. Óttast er að tugþúsundir til viðbótar kunni að hafa farist. Til samanburðar má nefna að Íslendingar voru 293 þúsund talsins 1. desember síðastliðinn.

Heilbrigðisyfirvöld í Indónesíu birtu í gær nýjar dánartölur. Samkvæmt þeim hafa meira en 220 þúsund manns látist eða er saknað og taldir af í Indónesíu einni saman. Þar finnast um þúsund lík dag hvern. Þau eru mjög illa farin eftir að hafa legið undir braki og leðju, og því er afar erfitt að bera kennsl á þau. Þá er talið að mikinn fjölda líka hafi borið á haf út og litlar líkur eru á að þau finnist.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stjórnvöld víða um heim hafa heitið háum fjárhæðum til styrktar uppbyggingarstarfi. Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna hvatti í gær til þess að hluta þess fjár yrði varið til aðstoðar við fólk sem hefur hrakist frá heimilum sínum á Srí Lanka vegna borgarastríðsins þar. ■

EFTIRLIT Í VERSLUNUM Heilbrigðisyfirvöld bregðast við ábendingum eins og þau fengu vegna Hollywood-kúrsins.

Hollywood-kúrinn:

Tekinn úr umferð

MATVÆLI Umboðsaðila Hollywood-kúrsins hefur verið synjað um leyfi til að markaðssetja vöru sína af Umhverfisstofnun. Umboðsaðilinn hefur samkvæmt Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs fjarlægt drykkinn af sölustöðum.

Steinar B. Aðalbjörnsson, fagsviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir heimildina ekki hafa fengist þar sem of mikið af A-vítamíni sé í kúrnum. Mikil neysla á A-vítamíni geti valdið ógleði, höfuðverk og lifrarskemmdum. Hjá þunguðum konum geti of mikið A-vítamín valdið fósturskaða.

Steinar segir Lýðheilsustöð hafa reiknað að dagleg neysla þeirra sem neyti kúrsins geti orðið allt að 5.000 míkrógrömmum, sem sé 2.000 míkrógrömmum yfir hættumörkum. **- gag**

Aukinn hagvöxtur:

Ekki hætta á ofhitnun

EFNAHAGSMÁL Hagvöxtur verður 5,5 prósent í ár og 4,7 prósent á næsta ári en þrátt fyrir það eru að mati fjármálaráðuneytisins ekki líkur á því að hagkerfið ofhitni. Þetta kemur fram í þjóðhagsspá ráðuneytisins.

Hagvaxtarspá ráðuneytisins er nokkru meiri nú en áður og segir Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu, ástæðuna þá helsta að stækkun Norðuráls fór fyrr af stað en gert var ráð fyrir. Hún bætist við stóriðjuframkvæmdir á Austfjörðum sem ná hápunkti í ár og á næsta ári.

sjá síðu 20

Oxford-háskóli:

Vill færri breska nema

BRETLAND, AP Skólayfirvöld Oxford-háskóla hafa ákveðið að fækka þeim bresku námsmönnum sem fá inni í skólanum. Þess í stað á að veita fleiri erlendum námsmönnum skólavist og er ástæðan einkum sú að þeir borga hærri skólagjöld en Bretar.

Skólastjórnendur hafa kvartað undan fjárskorti. Eitt af því sem þeir segja mögulegt með því að veita fleiri erlendum námsmönnum skólavist er að greiða kennurum hærri laun og geta því betur keppt við bandaríska skóla.

Stjórnmálamenn og námsmenn hafa tekið hugmyndinni illa. ■

SPURNING DAGSINS

Ágúst, kom einhvern tíma sumar?

„Það er ennþá vor."

Í gær voru 25 ár frá frumsýningu Lands og sona, myndar Ágústs Guðmundssonar sem markaði upphaf íslenska kvikmyndavorsins.

Mannréttindasamtök harðorð í garð Íraksstjórnar:

Fangar enn pyntaðir

ÍRAK Saddam Hussein og samverkamenn hans hafa verið hraktir frá völdum en íraskar öryggissveitir pynta fanga sína ennþá. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu bandarísku mannréttindasamtakanna Human Rights Watch, sem hafa skoðað stöðu mannréttinda í Írak.

„Íraska bráðabirgðastjórnin undir forystu Ayad Allawi forsætisráðherra virðist taka virkan þátt, eða vera í það minnsta samábyrg, í þessum grófu brotum á grundvallarmannréttindum," segir í skýrslu samtakanna.

Einnig er þar bent á að hvorki bandarísk né bresk stjórnvöld hafi sett sig upp á móti því að íraskar öryggissveitir pynti fanga.

„Írösku þjóðinni var lofað einhverju betra en þessu," sagði Sara Leah Whitson, svæðisstjóri samtakanna í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku, í viðtali við AP-fréttastofuna. Hún sagðist skilja þann vanda sem öryggissveitirnar stæðu frammi fyrir vegna hryðjuverkaárása í Írak. „Við fordæmum grimmd uppreisnarmanna. En alþjóðalög liggja ljós fyrir: engin ríkisstjórn getur réttlætt pyntingar með vísan til öryggismála." ■

ÍRASKIR FANGAR
Þessir Írakar voru handteknir í vopnaleitarárás bandarískra hermanna á bensínstöð í Mosul í norðurhluta Íraks. Fjöldi fanga íraskra öryggissveita hefur verið pyntaður, að sögn mannréttindasamtakanna Human Rights Watch, sem ræddu við 90 fanga.

Leyfi til yfirflugs – ekki stríðsvilji

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra staðfesti á Alþingi í gær að veitt hefði verið leyfi til yfirflugs yfir Ísland þremur vikum áður en ráðist var inn í Írak. Hann segir þetta ekki hafa verið stuðning við stríð.

STJÓRNMÁL Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra staðfesti í umræðum um störf þingsins á Alþingi í gær að íslensk stjórnvöld hefðu veitt Bandaríkjamönnum leyfi til yfirflugs og notkun Keflavíkurstöðvarinnar vegna vaxandi spennu í Írak þegar í febrúar 2003. Þetta kom fram í máli forsætisráðherra eftir að Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, spurði hann um efni fréttar Stöðvar 2 um málið í gærkvöld.

Össur vitnaði til orða Halldórs daginn fyrir innrásina um að öryggisráðið ætti að hafa síðasta orðið. „Þetta sagði hann þremur vikum eftir að hann sem utanríkisráðherra leyfði að flogið yrði um lofthelgi landsins og herflugvélar hefðu hér viðdvöl vegna innrásarinnar í Írak. Nú virðist mega draga þá ályktun að stuðningur Íslands hafi komið fram þremur vikum fyrr en áður var sagt."

Halldór Ásgrímsson vísaði því á bug að með þessu hefði verið lýst yfir stuðningi við stríð í Írak og benti á að liðsflutningar til Persaflóa hefðu hafist löngu fyrir febrúar. Ísland hefði gefið leyfi til yfirflugs á svipuðum tíma og Þjóðverjar, sem hefðu gefið sitt leyfi jafnvel þótt þeir hefðu verið á móti innrásinni. „Við höfum aldrei hafnað beiðni bandamanna okkar um yfirflug en flutningarnir fóru að mjög litlu leyti um Keflavík".

Til mjög hvassra orðaskipta kom á milli Halldórs og Össurar og var formaður Samfylkingarinnar sakaður um að nota ræðustól Alþingis í baráttu sinni fyrir endurkjöri til formanns.

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, sagði ástæðu til að ræða þetta mál daglega í þinginu þar til sannleikurinn hefði verið leiddur í ljós: „Listinn yfir hinar vígfúsu þjóðir hafði það að markmiði að grafa undan Sameinuðu þjóðunum og öryggisráðinu. Hann hefur stórpólitíska þýðingu og er stórpólitískt utanríkismál."

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
Segir að draga megi ályktun um að stuðningur Íslands við innrásina í Írak hafi verið kominn fram þremur vikum fyrr en áður var sagt.

a.snaevarr@frettabladid.is

Umfangsmikið fíkniefnamál:

Rannsókn á lokastigi

FÍKNIEFNI Rannsókn á einu umfangsmesta fíkniefnamáli síðustu ára, sem staðið hefur yfir síðan í mars á síðasta ári, er á lokastigi að sögn Ásgeirs Karlssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík.

Fimm sitja enn í gæsluvarðhaldi vegna málsins en í gær staðfesti Hæstiréttur gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir einum gæsluvarðhaldsfanganna. Sá er undir sterkum rökstuddum grun um að hafa framið fíkniefnabrot sem varðað geta allt að tólf ára fangelsi.

Upphaf málsins var þegar tæplega þrjú kíló af amfetamíni og nokkurt magn af kókaíni fundust um borð í Dettifossi, skipi Eimskipafélagsins, í mars. Átta kíló af amfetamíni sem fundust síðan í vörusendingu í einu skipa Eimskips í júlí. **- hrs**

EVRÓPA

MANNSKÆÐIR JARÐSKJÁLFTAR Tveir létust og 22 slösuðust í hrinu jarðskjálfta á landamærum Tyrklands og Íran. Skjálftarnir í gær voru ekki mjög öflugir, sá stærsti mældist 5,5 á Richterkvarða.

FÓRNFÝSNIN LOFUÐ Vatíkanið lofaði í gær konu sem neitaði að gangast undir fóstureyðingu og lést í í fyrra úr krabbameini. Læknar sögðu henni að til að geta leitað sér lækninga við krabbameini yrði að eyða fóstrinu og því neitaði hún.

STUÐLUÐU AÐ HRYÐJUVERKUM Franska lögreglan hefur handtekið sjö einstaklinga sem eru grunaðir um að hafa fengið Frakka til að berjast gegn yfirvöldum í Írak. Fólkið, fimm karlar og tvær konur, reyndi að fá franska múslima til að berjast í Írak.

Guðmundur Árni Stefánsson:

Vill fund

STJÓRNMÁL Guðmundur Árni Stefánsson, Samfylkingunni, skýrði frá því á Alþingi í gær að hann hefði beðið formann utanríkismálanefndar um að halda fund í nefndinni fyrir hvatningu forsætisráðherra. Benti Guðmundur Árni á að Eiríkur Tómasson prófessor hefði sagst hafa farið yfir gögn um Íraksmálið í álitsgerð sinni um lögmæti ákvörðunar forsætis- og utanríkisráðherra um að styðja innrásina í Írak: „Við viljum fá þessi gögn" sagði Guðmundur Árni. „Hvers vegna þessi tregða við að leggja spilin á borðið?" **- ás**

GUÐMUNDUR ÁRNI

LÖGREGLUFRÉTTIR

INNBROT Í TVÆR BIFREIÐAR Brotist var inn í tvær bifreiðar í Norðlingaholti í Reykjavík. Hliðarrúður voru brotnar og hljómflutningstæki tekin. Lögreglunni var tilkynnt um atvikin klukkan tíu í gærmorgun. Málið er í rannsókn.

68 VERKEFNI Í VIKUNNI Rólegt var í umdæmi lögreglunnar á Hvolsvelli í síðustu viku. Samkvæmt vef lögreglunnar voru 68 verkefni skráð á tímabilinu. Meðal þeirra voru tveir ökumenn sem teknir voru fyrir of hraðan akstur á Suðurlandsvegi. Mældist sá sem hraðar ók á 135 km hraða við erfiðar aðstæður, myrkur og blautur vegur.

HVASSVIÐRI FYRIR VESTAN Kyrrstæður bíll fauk á annan við flugvöll Ísafjarðarbæjar í fyrrinótt. Lágu bílarnir saman þegar menn komu að flugstöðvarbyggingunni í morgun. Tjón er lítið að sögn lögreglunnar á Ísafirði. Mjög hvasst var fyrripart nætur en lægði og var veður gott í gær, að sögn lögreglunnar.

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Subaru Legacy Wagon
Verð áður frá 2.710.000
Verð nú frá 2.440.000

=270.000
króna gengishagnaður
LEGACY
Verð á mán 28.239,-*

Í samstarfi við SP-fjármögnun

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Mæður sem fæða sitt fyrsta barn:

Meðalaldur hefur hækkað um 4,2 ár

FÆÐINGAR Meðalaldur mæðra hefur farið stighækkandi á síðustu áratugum, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Hann hefur hækkað um 2,2 ár á tímabilinu 1963-2003, miðað við öll fædd börn, en um 4,2 ár sé eingöngu miðað við frumburði.

Elsta íslenska konan sem alið hefur frumburð á árabilinu 1971-2003 var 48 ára gömul. Hún ól barn sitt 2001. Þá fæddu tvær aðrar 48 ára gamlar konur börn þetta sama ár, en í hvorugu tilvikinu var um frumburði að ræða.

Jafnframt leiða tölurnar í ljós að mun fleiri stúlkur undir 15 ára aldri eignuðust börn á árinum á árunum 1971-1981 en á síðari áratugum. Á ofangreindum áratug ólu 28 stúlkur á umræddum aldri barn. Þar af var ein undir 15 ára aldrinum að eignast sitt annað barn. Það var árið 1978. Hins vegar fæddu þrjár stúlkur undir þessum aldri á áratugnum 1993-2003. ■

ELDRI MÆÐUR Elsta frumbyrjan hér á landi á árabilinu 1971-2003 var 48 ára. Myndin er tekin á fæðingardeild Landspítalans, en er ekki í tengslum við fréttina.

MEÐALALDUR MÆÐRA – ÖLL BÖRN

2003	29.3
1993	28.5
1983	26.5
1973	25.7
1963	27.1

MEÐALALDUR MÆÐRA – FRUMBURÐIR

2003	26
1993	24.8
1983	22.7
1973	21.6
1963	21.8

Himinn og haf / SÍA – 9050050



Navision + Skýrr = sterkt samband

Microsoft Business Solutions

Navision Viðskiptalausnir Skýrr

Skýrr hf. hefur nú bætt viðskiptalausnum Microsoft Navision við vöru- og þjónustuúrval fyrirtækisins. Þjónustan verður veitt undir heitinu **Navision Viðskiptalausnir Skýrr**.

Microsoft Navision-lausnirnar henta sérstaklega vel fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og hafa mörg undanfarin ár notið verðskuldaðrar hylli hér á landi.

Skýrr er komið í framvarðasveit þjónustu við Microsoft Navision-viðskiptalausnir á Íslandi og ætlar sér þar forystuhlutverk.

Skýrr býður fyrsta flokks þjónustu færustu sérfræðinga og samkeppnishæft verð.

Skýrr

Skýrr er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatækni, með 200 starfsmenn og liðlega 2.200 viðskiptavini. Skýrr býður fjölbreyttar lausnir og þjónustu, sem henta margvíslegum þörfum kröfuharðra viðskiptavina. Fyrirtækið er vottað samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001. Samstarfsaðilar Skýrr eru nokkur stærstu UT-fyrirtæki veraldar, meðal annars Microsoft, Oracle, Business Objects og VeriSign.

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 25.01.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	62,25	62,55
Sterlingspund	GBP	116,88	117,44
Evra	EUR	81,23	81,69
Dönsk króna	DKK	10,91	10,98
Norsk króna	NOK	9,90	9,96
Sænsk króna	SEK	8,96	9,01
Japanskt jen	JPY	0,60	0,61
SDR	XDR	94,63	95,19

Gengisvísitala krónunnar
111,71 +0,18%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi skipstjóri á Hauki ÍS:

Fékk sjö mánaða skilorð

DÓMSMÁL Skipstjórinn í ferð Hauks ÍS til Þýskalands þar sem tveir skipverjanna voru handteknir fyrir tilraun til fíkniefnasmygls var dæmdur í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir ræktun kannabisplantna.

Maðurinn, sem er fertugur, var dæmdur í tuttugu mánaða fangelsi í Suður-Ameríku fyrir að reyna að smygla fjórtán kílóum af kókaíni. Sá dómur hefur engin áhrif á dóm mannsins nú þar sem hann braut af sér í öðru landi. „Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður gerst sekur um brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, svo vitað sé," segir í dómnum.

Maðurinn var fundinn sekur um ræktun á tæplega tvö hundruð kannabisplöntum og fyrir að vera með nokkur grömm af maríjúana í fórum sínum. Hann játaði brot sitt greiðlega. Með brotum sínum sem maðurinn framdi árin 2002 og 2003 rauf hann skilorð, en árið 2000 var hann dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi til þriggja ára fyrir brot gegn almennum hegningarlögum. - hrs

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR
Skipstjórinn var ekki viðstaddur dómsuppsögu í héraðsdómi þar sem hann er úti á sjó en hann mætti við þingfestingu málsins.

EVRÓPA

HANDBENDI MAFÍÓSA HANDTEKIN Lögreglan á Sikiley hefur handtekið 46 einstaklinga sem grunaðir eru um að hafa aðstoðað mafíuforingjann Bernardo Provenzano á flótta hans undan lögreglunni. Provenzano hefur forðast lögregluna í meira en fjóra áratugi.

BÆNDUR MÓTMÆLA Grískir bómullarbændur lokuðu fjölmörgum vegum í norðurhluta landsins fyrir allri umferð til að krefjast hærri niðurgreiðslna úr ríkissjóði. Stjórnvöld sögðust hins vegar ekki geta hækkað niðurgreiðslur til bændanna þar sem reglur Evrópusambandsins bönnuðu slíkt, og skipti þá engu þó bændur legðu þúsundum dráttarvéla á vegi og hraðbrautir.

KOSNINGAAUGLÝSINGAR
Kosningarnar eru í algleymi eins og sjá má á þessari götumynd frá Kaupmannahöfn.

Skoðanakönnun:

Sterk staða stjórnarliða

DANMÖRK Dönsku stjórnarflokkarnir myndu vinna öruggan sigur á stjórnarandstöðuflokkunum ef gengið yrði til kosninga nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Gallups fyrir Berlingske Tidende.

Samkvæmt könnuninni bættu stjórnarflokkarnir við sig fjórum þingsætum og fengju 102 af 179 sætum á danska þinginu. Jafnaðarmenn og samstarfsflokkar þeirra fengju einungis 73 sæti en fjögur sæti skiptast milli Færeyja og Grænlands.

Kosningarnar fara fram 8. febrúar. ■

EVRÓPA

MÓÐGAÐI PÁFANN Pólskur útgefandi hefur verið dæmdur til greiðslu sektar fyrir að skrifa móðgandi grein um Jóhannes Pál II páfa í vikurit sitt Nie í ágúst 2002. Jerzy Urban gerði þar grín að bágri heilsu páfa í aðdraganda heimsóknar hans og þarf að greiða andvirði 400 þúsund króna fyrir það.

Máttum giftast en ekki búa saman

Ásthildur Albertsdóttir, eiginkona Said Hasan, hefur kært ákvörðun Útlendingastofnunar um að vísa Hasan úr landi og banna honum að koma aftur hingað, bæði til Útlendingaeftirlitsins og dómsmálaráðuneytisins.

ÚTLENDINGAR Said Hasan, 23ja ára Jórdana sem er giftur íslenskri konu, Ásthildi Albertssdóttur, hefur verið neitað um dvalarleyfi vegna aldurs og honum er bannað að koma hingað í þrjú ár þar sem hann fór ekki úr landi innan tilskilins tíma. Ásthildur segir að það hafi gerst vegna ónógra upplýsinga.

Hasan verður 24 ára í ágúst og samkvæmt íslenskum lögum á hann þá að geta fengið dvalarleyfi. Vegna misskilnings hefur hann fyllt út vitlaus eyðublöð og sótti um makaleyfi en það var aldrei grundvöllur fyrir því. Þar sem hjónunum var aldrei bent á mistökin gátu þau ekki leiðrétt þau.

Hasan hefur tvisvar sinnum fengið vinnu á Kárahnjúkum og sótt um atvinnuleyfi en ekki fengið þar sem hann hefur ekki dvalarleyfi.

Ásthildur gagnrýnir stjórnsýsluna harkalega og telur seint og illa svarað ef svar á annað borð berst. Bréfaskipti fari fram á íslensku, sem Hasan ekki skilur, auk þess sem hann hafi ekki fengið arabískan túlk nema einu sinni og hann hafi þá talað egypska arabísku, ekki jórdanska, og því hafi misskilnings gætt. Búið er að kæra það. Þá telur hún að verið sé að teygja lögin, til dæmis varðandi aldurinn.

„Maður má gifta sig hvenær sem maður vill. Við erum ósátt við að mega ekki búa saman en geta gift okkur," segir hún og vísar í plögg frá stofnuninni þar sem kemur fram að „ekkert er því til fyrirstöðu að kærandi og kona hans búi saman utan Íslands," segir Ásthildur og spyr:

„Á að reka mig úr landi? Hasan á barn á Íslandi og vill því gjarnan búa hér. Hann er kominn til Jórdaníu en er ekki velkominn hjá fjölskyldu sinni þar sem það þykir ekki gott að hann búi ekki með barnsmóður sinni."

Embættismenn í Útlendingastofnun gátu engin svör gefið í gær. ghs@frettabladid.is

SAID HASAN OG ÁSTHILDUR ALBERTSDÓTTIR
Finnst kveðjur Útlendingastofnunnar kuldalegar en stofnunin segir ekkert því til fyrirstöðu að þau búi saman utan Íslands.

MUSTERIÐ Í WAI
Sjónarvottar standa við rústir musterisins í Wai þar sem 200 dóu og 200 slösuðust.

Pílagrímar á Indlandi:

200 tróðust til bana

BOMBAY, AP Um 200 manns dóu þegar þeir tróðust undir í örtröð sem myndaðist þegar þúsundir pílagríma þustu úr musteri á fjallstoppi í vesturhluta Indlands eftir að eldur kom þar upp. Annars eins fjöldi slasaðist í troðningnum.

Örtröðin myndaðist í þröngum stigagangi í musteri hindúa í borginni Wai, sem er um 250 kílómetra sunnan af Bombay (Mumbai). Að sögn sjónarvotta voru flestir hinna látnu konur. Brunaliðsmenn kepptust við að slökkva eldinn sem breiddist um musterisbygginguna en talið er að kviknað hafi í af völdum skammhlaups í öryggi. ■

Vinnumálastofnun:

Gefur út 61 atvinnuleyfi

VINNUMARKAÐURINN Vinnumálastofnun gefur í dag út 61 nýtt atvinnuleyfi.

Impregilo fær 24 atvinnuleyfi og gilda þau öll fyrir Kínverja, Fosskraft fær 19 leyfi, aðrir verktakar á Austurlandi fá fimm leyfi og fiskvinnslu-, þjónustufyrirtæki og íþróttafélög fá 13 leyfi.

Atvinnuleyfin eru gefin út fyrir 24 Kínverja, 22 Pólverja, fjóra Litháa, þrjá Letta, þrjá Serba, einn Eista, einn Pakistana, einn Víetnama og einn Albana. - ghs

Veðrið

LÍTIÐ BREYTIST
Það eru sáralitlar breytingar á veðrinu í dag og næstu daga. Það verður áfram suðvestanátt, yfirleitt fremur hæg en þó má reikna með einhverjum vindi norðvestanlands. Hitinn verður á bilinu 2-10 stig svo það má reikna með hláku eitthvað áfram. Í dag og á morgun verður yfirleitt þurrt en gæti farið að rigna á fimmtudaginn vestanlands. Þetta kætir hestamenn og golfara - en það er verra með skíðafólkið!

Í dag



Á morgun



Suðvestlæg átt með strekkingsvindi norðvestanlands en annars heldur hægari.

Föstudagur



Suðvestlæg átt með strekkingsvindi norðvestanlands. Rigning um tíma vestanlands.

Kveðja, Guðrún Arnardóttir náttúrufræðingur.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	1°C	skýjað	Dublin	10°C	skýjað	Osló	2°C	léttskýjað
Helsinki	-3°C	skýjað	Moskva	-8°C	skýjað	Varsjá	-4°C	skýjað
Þórshöfn	8°C	sk. m.köflum	Prag	-3°C	skýjað	Róm	10°C	rigning
London	6°C	sk. m.köflum	Aþena	15°C	rigning	Berlín	0°C	léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



BJARTSÝNISMAÐUR ÁRSINS 2004

Dagur Kári Pétursson, kvikmyndaleikstjóri og tónlistarmaður, er handhafi Íslensku bjartsýnisverðlaunanna fyrir árið 2004. Verðlaunin voru afhent af forseta Íslands við hátíðlega athöfn sl. mánudag. Við óskum Degi Kára innilega til hamingju.

Íslensku bjartsýnisverðlaunin, áður Bjartsýnisverðlaun Brøstes, eru menningarverðlaun sem fyrst voru afhent árið 1981. Þau hafa fyrir löngu áunnið sér virðingu og viðurkenningu enda hafa margir af þekktustu listamönnum þjóðarinnar hlotið bjartsýnisverðlaunin. Dagur Kári er þess fyllilega verðugur að bætast í þennan góða hóp verðlaunahafa.

1981 Garðar Cortes
1982 Bragi Ásgeirsson
1983 Þorgerður Ingólfsdóttir
1984 Helgi Tómasson
1985 Ágúst Guðmundsson
1986 Kjartan Ragnarsson
1987 Guðmundur Emilsson
1988 Einar Már Guðmundsson
1989 Hlíf Svavarsdóttir
1990 Leifur Breiðfjörð
1991 Helgi Gíslason
1992 Sigrún Eðvaldsdóttir
1993 Kristján Jóhannsson
1994 Helga Ingólfsdóttir
1995 Friðrik Þór Friðriksson
1996 Haukur Tómasson
1997 Karólína Lárusdóttir
1998 Gyrðir Elíasson
1999 Björk Guðmundsdóttir
2000 Hilmir Snær Guðnason
2001 Björn Steinar Sólbergsson
2002 Andri Snær Magnason
2003 Hilmar Örn Hilmarsson

ALCAN

Alcan á Íslandi er bakhjarl Íslensku bjartsýnisverðlaunanna.

KJÖRKASSINN

Fylgistu með heimsmeistaramótinu í handbolta?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	55,6%
Nei	44,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu dottið í hálkunni í vetur?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

visir

Skýrsla um loftslagsbreytingar:

Margoft bent á hættuna

UMHVERFISMÁL „Fræðimenn hafa bent á það lengi að þegar hlýnun kemst á ákveðið stig mun það kerfi halda áfram óháð aðgerðum og það er því svo sem ekkert nýtt í þessu hvað það varðar," segir Helgi Jensson, forstöðumaður á framkvæmda- og eftirlitssviði Umhverfisstofnunar, um fréttir af nýútkominni skýrslu um loftslagshlýnun og afleiðingar þeirra.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að í skýrslunni kemur fram að að afleiðingar hlýnunarinnar geti verið að Grænlandsjökull bráðni og Golfstraumurinn heyri sögunni til. Þessar kenningar eru ekki nýjar af nálinni en í skýrslunni er meðal annars sagt að það verði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda því eftir tíu ár verði of seint að snúa þróuninni við. Helgi segist ekki geta tjáð sig um þau tímamörk þar sem hann hafi ekki lesið skýrsluna, sem kom út í gær, og viti því ekki út frá hvaða forsendum hún er unnin.

- bs

HELGI JENSSON
Segir að fræðimenn hafi lengi bent á að ef hlýnun komist á ákveðið stig verði ekki aftur snúið.

Mannréttindastofa:

Sett á laggirnar

BRUSSEL, AP Evrópusambandið ætlar að setja á laggirnar sérstaka mannréttindastofu eftir tvö ár. Varaforseti sambandsins, Franco Frattini, segir þetta rökrétta þróun í ljósi þess að brýnna sé en áður að tryggja grundvallarmannréttindi innan sambandsins. Stofnunin mun fylgjast því hvort mannréttindabrot séu framin innan sambandsins og benda á leiðir til að koma í veg fyrir þau. Luc Frieden, forseti Evrópusambandsins, segir að stofnun sem þessi verði til þess fallin að auka og tryggja almenn mannréttindi og leggur áherslu á að hún verði sjálfstæð. ■

FRÁ MJÓAFIRÐI
38 manns eru búsettir í Mjóafirði eftir að fjölgaði um einn á síðasta ári.

Mjóifjörður:

Nýbúar velkomnir

AUSTURLAND Mjóafjarðarhreppur ætlar að slást í hóp með þeim sem fjölga vilja íbúum í fjórðungnum í kjölfar stóriðju- og virkjunarframkvæmda. Hreppurinn hefur auglýst tillögu að deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir átta nýjum íbúðarhúsalóðum við Þinghólsveg og einni frístundalóð við Brekku, höfuðból Mjófirðinga. Í Mjóafirði er ársbúseta í tíu húsum en íbúar í hreppnum eru 38 talsins. Fjölgaði þeim um einn á síðasta ári þegar barn kom í heiminn.

Samgöngur við Mjóafjörð eru um Mjóafjarðarheiði, sem segja má að sé fyrst og fremst sumarvegur, og allt árið með póst- og flutningabátnum Anný sem kemur tvisvar í viku til Norðfjarðar. Þá hefur skipaferðum í Mjóafjörð fjölgað mikið með tilkomu laxeldisins sem þar er.

- eg

VESTFIRÐIR

VIÐBÚNAÐARSTIGI AFLÉTT Ekki er talin hætta á snjóflóðum við neinn þéttbýlisstað á Vestfjörðum. Viðbúnaðarstigi á Bíldudal var aflétt á hádegi í gær. Lögreglan á Patreksfirði segir krapaflóð hafa lokað leið til Reykjavíkur í gær við bæinn Auðshaug á Hjarðarnesi, milli Vatnsfjarðar og Kjálkafjarðar.

Reglugerð flýtt og vottorða krafist

EES-borgarar hafa forgang að vinnu hér, heilbrigðisvottorða verður krafist með umsókninni og reglugerð flýtt. Þannig bregst félagsmálaráðherra við gagnrýni ASÍ á Impregilo og atvinnuleyfin.

ATVINNULEYFI Árni Magnússon félagsmálaráðherra gerði grein fyrir niðurstöðu ráðuneytisstjórahópsins svokallaða í ríkisstjórn í morgun og talaði bæði við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í gær.

Til að koma til móts við gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar vegna Impregilo hefur verið ákveðið að gera breytingar á reglum við útgáfu atvinnuleyfa. Umsókn erlendra starfsmanna þurfa að fylgja heilbrigðisvottorð frá heimalandi viðkomandi og verða engin leyfi gefin út nema slík vottorð liggi fyrir.

Starfsréttindi útlendinga eru til umfjöllunar í vinnu við reglugerð um útgáfu atvinnuleyfa. Reglugerðinni verður flýtt og verður hún gefin út á næstu dögum. Þar verður skýrt með hvaða hætti eigi að horfa til þeirra.

Ráðuneytið telur að borgarar EES hafi forgang að störfum hér og verða settar reglur um það.

Þá verður skoðað hvort fara eigi í útgáfu á nýrri tegund atvinnuleyfa sem felur í sér minni réttindaáherslu en nú en mikill stígandi hefur verið í leyfum undanfarin ár.

Árni segir að rætt hafi verið við dómsmálaráðherra um það að útgáfa atvinnu- og dvalarleyfa eigi að vera á einni hendi og niðurstaðan sú að þannig verði málum háttað. Undirbúningur þess er hafinn og þykir líklegt að Útlendingastofnun fái þetta hlutverk.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er líklegt að löggæsla verði aukin á Kárahnjúkum en verkalýðshreyfingin hefur gagnrýnt að lögregla sjáist lítið þar.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir að félagsmálaráðherra hafi látið „góð orð" falla á fundi sínum með verkalýðshreyfingunni en farið verði yfir þetta mál á miðstjórnarfundi ASÍ í dag.

ghs@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NIÐURSTAÐA KOMIN
Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins á fundi með félagsmálaráðherra í gær en þar kynnti hann niðurstöðu ráðuneytisstjórahópsins og greindi frá ákvörðunum sínum.

KLAKI BARINN AF HÚSAVÍKURKIRKJU
Fimm björgunarsveitarmenn voru tvo klukkutíma að berja klakann af þakinu.

Húsavík:

Klakabrynjuð kirkja

SNJÓAVETUR Björgunarsveitin Garðar á Húsavík var kölluð út um síðustu helgi til að berja klaka af Húsavíkurkirkju. Að sögn Hauks Tryggvasonar kirkjuvarðar stafaði hætta af fallandi klaka auk þess sem vatn var farið að leka inn í kirkjuna. „Það var óvenjumikill snjór á þakinu og þegar hann blotnaði myndaðist mikill klaki á þakbrúninni. Vatn komst ekki niður og leitaði inn í kirkjuna en ekki eru neinar skemmdir sýnilegar," sagði Haukur.

- kk

LÖGREGLUFRÉTTIR

SÓLPALLUR FAUK Á HÓLMAVÍK Sterkbyggður sólpallur, við hús í Austurtúni á Hólmavík, fauk í miklum vindhviðum um eittleytið í fyrrinótt. Huga þurfti að bát sem stóð við húsvegg. Kyrrstæðir bílar runnu til og rákust í vindhviðunum. Lögreglan á Hólmavík segir tjón annars hafa verið lítið.

GÓSSIÐ SENT Í PÓSTI Pakki með fatnaði og fleiru sem eigendur söknuðu frá því í desember barst lögreglunni á Vopafirði í fyrradag. Aðkomufólk sem hafði stolið fötunum hafði sent þau til baka. Fólkið verður ekki ákært, að sögn lögreglunnar.

MARGIR Á SJÓ Alls voru 223 bátar á sjó um hádegi í gær. Er það tuttugu bátum fleiri en deginum áður. Vaktmaður tikynningarskyldunnar segir það mikið miðað við bága veðurspá.

Súr hvalur

Harðfiskur að vestan og hákarl frá Bjarnarhöfn

Stór humar og risarækjur

opið laugardaga frá 10-14.30

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Ráðuneyti um Vatnsenda:

Bíður umsagnar frá Kópavogi

DEILA „Umsögn borgarstjóra við beiðninni var send Kópavogsbæ og yfirvöldum þar gefið tækifæri til að bregðast við röksemdum borgarinnar. Við búmst við svörum innan tveggja vikna og tökum efnislega afstöðu í framhaldinu," segir Pétur Örn Sigurðsson, lögfræðingur hjá iðnaðarráðuneytinu, um lögnámsbeiðni Kópavogsbæjar á landi í Vatnsendakrika.

Pétur segir að lögnámsbeiðnin sé í rauninni eignarnámskrafa en bæjaryfirvöld í Kópavogi og Reykjavík hafa karpað um eignarhald á landinu í Vatnsenda um skeið.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi sagði í viðtali við Fréttablaðið að hann undraðist lögnámsbeiðnina þar sem málið væri í faglegum farvegi hjá Óbyggðanefnd. Flosi Eiríksson, bæjarráðsmaður í Kópavogi, sagði hins vegar að landið væri ekki í kröfulýsingu Óbyggðanefndar, sem ætti því ekki að fjalla um málið.

Pétur segir að þó að iðnaðarráðuneytið takið málið til meðferðar sé það alls ekki að taka afstöðu til þess hvort Óbyggðanefnd eigi að fjalla um málið eða ekki og engin tengsl séu þarna á milli.

- bs

FRÁ VATNSENDA
Kópavogur og Reykjavík hafa um hríð karpað um eignarhald yfir Vatnsenda og málið er til meðferðar í Óbyggðanefnd og í iðnaðarráðuneytinu.

SIMPLY CLEVER

GÓÐ KAUP ERU STAÐALBÚNAÐUR

SkodaFabia Terno

Ríkulega búinn og sportlegur

Skoda Fabia Terno á aðeins 1.490.000 kr.

Innifalið í Terno er m.a.:
sóllúga, 14" álfelgur, þokuljós í stuðara, geislaspilari, rafmagn í rúðum, leður á stýri, gírstöng og handbremsu.

Fabia Terno **1.490.000 kr.**

Afborgun á mánuði er **14.600 kr**. miðað við gengistryggðan Bílasamning Lýsingar til 7 ára og 447.000 kr. útborgun.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

SkodaFabia Combi

Ný og glæsileg viðbót við Skoda línuna:

Nú fæst nýr og rúmgóður Skoda Fabia Combi með sjálfskiptingu. Bíll sem sameinar sportlegt útlit og einstakt notagildi. Bíllinn er búinn ríkulegum staðalbúnaði og má þar nefna rafmagn í framrúðum, geislaspilara, þokuljós í stuðara og leður á stýri, gírstöng og handbremsu. Svo er bíllinn með 14" álfelgum sem gera hann enn glæsilegri.

Svona búinn kostar Skoda Fabia Combi Comfort aðeins 1.695.000 kr.

Afborgun á mánuði er **16.620 kr**. miðað við gengistryggðan Bílasamning Lýsingar til 7 ára og 508.000 kr. útborgun.

HEKLA

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

VEISTU SVARIÐ?

1 *Fyrrverandi starfsmenn hvaða fyrirtækis setti sýslumaðurinn í Reykjavík lögbann á?*

2 *Í hvaða sæti er Ísland á lista yfir þau lönd sem best standa í sjálfbærri þróun?*

3 *Hvaða bandaríski konungur spjallþáttanna lést í vikunni?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Starfsmannafélag Hafnarfjarðar:

Sveitarfélögin reka grjótharða láglaunapólitík

KJARAMÁL Almennir starfsmenn Hafnarfjarðar vilja að bærinn taki upp sjálfstæða launastefnu gagnvart þeim og hætti að láta launanefnd sveitarfélaganna semja um kjör þeirra á milli. Var það samþykkt einróma á ríflega 70 manna aðalfundi Starfsmannafélags Hafnarfjarðar 19. janúar.

Árni Guðmundsson, formaður félagsins, segir stefnu launanefndar sveitarfélaganna mjög fjandsamlega gagnvart almennu launafólki.

„Almennum bæjarstarfsmönnum finnst illa farið með sig launalega. Þeim finnst ábyrgðarhluti hjá bæjarfélögum að láta málin þróast út í þessa grjóthörðu láglaunapólitík eins og orðið er," segir Árni.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir ályktun starfsmannafélagsins verða á borði bæjarráðs í næstu viku. Afstaða til hennar hafi ekki verið tekin. Með samstarfi sveitarfélaga sé ekki stefnt á lág laun.

„Sveitarfélögin hafa sýnt það í samningum sem hafa verið gerðir að undanförnu. Þar hafa orðið hækkanir umfram það sem mörg hafa verið sátt við," segir Lúðvík. - gag

ÁRNI GUÐMUNDSSON
Formaður Starfsmannafélags Hafnarfjarðar.

Ráðherra á Spáni:

Páfinn líti í eigin barm

MADRÍD, AP Jose Bono, varnarmálaráðherra Spánar, vísar á bug gagnrýni Jóhannesar Páls páfa sem hefur mótmælt lögleiðingu fóstureyðinga og því að samkynhneigðir fái að ganga í hjónaband. Ráðherrann segir að afstaða kirkjunnar gangi í sumum tilfellum gegn boðskap Jesú Krists.

Ráðherrann sagði að ríkið gæti ekki troðið trú upp á fólk heldur ætti fólkið að ráða sínum trúmálum sjálft. hann sagði að ef kaþólska kirkjan teldi guðsótta manna fara hnignandi ætti hún ef til vill að líta í eigin barm. ■

HAFNARFRAMKVÆMDIR Á REYÐARFIRÐI

Fjarðabyggð:

Áætlun talin standast

HÖFNIN Framkvæmdir við höfnina í Fjarðabyggð ganga þokkalega en nokkur seinkun hefur orðið á vinnu Arnarfells við að reka niður 380 metra þil. Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri segist ekki hafa stórar áhyggjur af seinkun. Siglingastofnun telji að áætlun standist.

Bygging hafnarinnar kostar einn milljarð króna og á fyrsti hluti hafnarinnar að vera tilbúinn 1. júlí í sumar. Verið er að reka niður síðustu 100 metrana af þilinu þannig að í sumar geti skip lagst að bryggju.

Höfnin á að vera tilbúin 1. nóvember 2006. - ghs

Margar ábendingar um ólöglegt vinnuafl

Samiðn hefur borist aragrúi ábendinga og upplýsinga um ólöglegt vinnuafl í byggingariðnaði hér, að sögn formanns sambandsins. Lögreglan í Reykjavík og Útlendingastofnun hafa leitað eftir samstarfi við Samiðn um málið.

ATVINNUMÁL Lögreglan í Reykjavík og Útlendingastofnun hafa óskað eftir samstarfi við Samiðn, samband iðnfélaga, vegna gruns um fjölda útlendinga í ólöglegri atvinnu hér á landi, að sögn Finnbjörns A. Hermannssonar, formanns Samiðnar.

„Við munum að sjálfsögðu verða því," sagði Finnbjörn, sem sagði jafnframt að óskin hefði borist í kjölfar umræðu í fjölmiðlum.

„Við ætlum ekki að að stilla okkur upp sem eftirlitsvaldi hér á landi," sagði Finnbjörn enn fremur. „Þetta er á forræði opinberra aðila, en við erum tilbúnir til að vinna með þeim ef það hjálpar. Við lítum svo á að þetta sé fyrst og fremst á ábyrgð stjórnvalda."

FINNBJÖRN A. HERMANNSSON
Lögregla og Útlendingastofa leita samvinnu.

Samiðn vinnur nú að könnun á starfsemi með ólöglegt erlent vinnuafl og stendur hún fram á vorið. Hlutur erlenda vinnuaflsins er aðeins hluti af þeirri könnun, því hún nær til þess hverjir eru almennt að vinna störf iðnaðarmanna. Hörgull er á þeim þessa dagana, að sögn Finnbjörns, og þá fara aðrir í störfin.

„Við erum búnir að fá aragrúa ábendinga og upplýsinga, þannig að það fer ekkert á milli mála að við höfum síst verið of stórtækir í yfirlýsingum um fjölda," sagði Finnbjörn. „Upplýsingar berast frá fólki sem veit um vinnuafl af þessu tagi í sínu umhverfi og vill láta okkur vita. Við viljum fá farveg hjá opinberum aðilum, hvernig við förum með upplýsingar, bæði sem koma til okkar frá utanaðkomandi og eins það sem eftirlitsmenn okkar verða varir við, því við erum auðvitað með okkar vinnustaðaeftirlit samt sem áður. En það snýr ekki einungis að útlendingum, heldur er um almennt vinnustaðaeftirlit að ræða. Og þetta ólöglega vinnuafl er víðar en í byggingariðnaði."

Finnbjörn sagði að samkvæmt orðrómi væru ólöglegir starfsmenn með fjögur til átta hundruð krónur á tímann í dagvinnu, á meðan íslenskur smiður með réttindi fengi fjórtán til sextán hundruð krónur á tímann.

„Við höfum mikinn áhuga á að nálgast þessa menn og aðstoða þá við að innheimta rétt laun," sagði Finnbjörn.

jss@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BYGGINGARIÐNAÐUR
Ólöglegt vinnuafl er ekki sagt bundið við byggingariðnaðinn. Myndin er ótengd efni fréttarinnar.

Ríkisstjórnin vill friða hluta landsins:

Þjóðgarður í undirbúningi

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin samþykkti í gær að hafinn yrði undirbúningur þess að Vatnajökulsþjóðgarður yrði stofnaður. Stefnt er að því hann nái yfir 10.600 ferkílómetra svæði.

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra segir undirbúningsvinnu hefjast strax en hún geti tekið nokkurn tíma. Ef til vill verði þjóðgarðurinn opnaður í áföngum. Umhverfisráðuneytið ætli að vinna með heimamönnum þeirra sjö sveitarfélaga sem þjóðgarðurinn nái til og annarra sem hlut eigi að máli.

Sigríður segir ákvörðun ríkisstjórnarinnar hafa átt sér langan aðdraganda. Nefnd fulltrúa frá stjórnmálaflokkunum hafi skilað áliti í maí og á grundvelli tilagna hennar verði unnið áfram að málinu.

Í áliti nefndarinnar segir að Vatnajökulsþjóðgarður verði einstakur í heiminum þegar horft sé til stærðar og fjölbreytileika. Hann verði aufúsugestur á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna um athyglisverða staði í heiminum og með þeim markverðustu á sviði jarðfræði og landmótunar. - gag

Afganistan:

Einn gyðingur eftir

KABÚL, AP Einn gyðingur býr í Afganistan eftir að sá næstsíðasti bar beinin fyrir viku síðan, áttræður að aldri. Báðir mennirnir höfðust við í eina samkomuhúsi gyðinga í landinu og elduðu saman grátt silfur um árabil.

Um 40 þúsund gyðingar bjuggu í Afganistan í lok 19. aldar en um miðja 20. öld voru þeir aðeins fimm þúsund. Flestir fluttu til Ísraelsríkis við stofnun þess og síðustu fjölskyldurnar flúðu land við innrás Sovétmanna. Ishaq Levin varð þó eftir og bjó í eina samkomuhússi landsins. Árið 1992 flutti Zebulon Simentov í samkomuhúsið en nágrannarnir áttu ekki skap saman. ■

Ágúst Ólafur um dómsmálaráðherra:

Grafið undan embætti umboðsmanns

ALÞINGI Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að stjórnvöld og sérstaklega dómsmálaráðherra hafi með ummælum sínum grafið undan embætti Umboðsmanns Alþingis og virðingu þess. „Dómsmálaráðherra hefur kallað Umboðsmann Alþingis „álitsgjafa", „mann úti í bæ" og niðurstöður hans „lögfræðilegar vangaveltur" og „fræðilegar vangaveltur"," segir Ágúst Ólafur.

„Eins og kemur fram í skýrslunni hefur umboðsmaður neyðst til þess að setja sér skriflegar samskiptareglur gagnvart stjórnvöldum í kjölfar reiðisímtals þáverandi forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar. Það er alveg sambærilegt og ef menn væru að hringja í dómara. Auðvitað ætti umboðsmaður Alþingis ekki að þurfa að setja sér skriflegar samskiptareglur við stjórnvöld en ef menn beita sínu áhrifavaldi svona neyðumst við til að fara í þennan farveg," segir Ágúst Ólafur. - sda

ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON
Segir að með ummælum sínum hafi stjórnvöld grafið undan embætti Umboðsmanns Alþingis og virðingu þess.

ÍRAK

BUSH RÆDDI VIÐ ALLAWI George W. Bush Bandaríkjaforseti og Iyad Allawi, forsætisráðherra írösku bráðabirgðastjórnarinnar, ræddu saman í síma í gær. Þeir fóru yfir undirbúning kosninganna á sunnudag en þetta er í sjötta sinn á fáeinum dögum sem þeir ræða saman.

FJÓRÐUNGUR SKRÁÐI SIG Um fjórðungur íraskra ríkisborgara erlendis hafði í gær skráð sig til þátttöku í kosningunum á sunnudag, 1,2 milljónir Íraka sem búa utan Íraks hafa atkvæðarétt og skráðu 255 þúsund þeirra sig á kjörskrá áður en frestur til þess rann út.

SKOTIÐ Á KJÖRSTAÐ Vígamenn skutu úr vélbyssu á kjörstað í Diwaniyah-borg í miðhluta Íraks í gær. Enginn særðist en árásin er enn ein áminningin um andstöðu vígamanna við kosningarnar.

Eiginkonuníðingur dæmdur fyrir kannabisræktun í héraðsdómi:

KAFTEINN KÓKAÍN RAUF SKILORÐ EN SLEPPUR VIÐ REFSINGU

Fékk skilorð fyrir að berja konuna sína í tætlur

DV – hefur þú séð DV í dag?

VILTU SPARA - VILTU GRÆÐA

RISA ÚTSALA

Ingvar Helgason Notaðir bílar

Bætum við 50 bílum vegna mikillar sölu!

OPNUNARTÍMAR
VIRKA DAGA.....9 - 18
LAUGARDAGA.... 12 - 17

VERÐDÆMI

AFSL. 300 ÞÚS.

Opel Vectra Elegance
Skráður 10/03 ekinn 13 þ. km
Verð kr. 2.550 þ.kr.
Útsöluverð kr. 2.250 þ.

VERÐDÆMI

AFSL. 340 ÞÚS.

Opel Astra 1.2
Skráður 06/10 ekinn 81 þ. km
Verð kr. 960 þ.kr.
Útsöluverð kr. 620 þ.

VERÐDÆMI

AFSL. 300 ÞÚS.

Subaru Legacy GL
Skráður 02/03 ekinn 34 þ. km
Verð kr. 1.790 þ.kr.
Útsöluverð kr. 1.490 þ.

VERÐDÆMI

AFSL. 510 ÞÚS.

Patrol Elegance 33"
Skráður 03/03 ekinn 118 þ. km
Verð kr. 3.980 þ.kr.
Útsöluverð kr. 3.470 þ.

100% lánamöguleikar

Söluráðgjafar notaðra bíla sími 525 8020

Pétur Björnsson
sölustjóri.
Sími 525 8000
Netfang:
petur@ih.is

Guðmundur J. Ólafsson
söluráðgjafi.
Sími 525 8022.
Netfang:
gudmundur@ih.is

Garðar Már Garðarsson
söluráðgjafi.
Sími 525 8027.
Netfang:
gardar@ih.is

Ragnar Borgþórsson
söluráðgjafi.
Sími 525 8029.
Netfang:
ragnarb@ih.is

Sigurður Ófeigsson
söluráðgjafi.
Sími 525 8028.
Netfang:
siggi@ih.is

Veitingar í boði

Heppnir viðskiptavinir geta unnið
bensínkort
frá

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

PUÐAÐ Í SNJÓNUM
Suður-kóreskir hermenn stunda strangar vetraræfingar í Pyeongchang austur af Seúl.

Síldarvinnslan:

Samkeppni um starfsfólk að aukast

ATVINNUMÁL Björgólfur Jóhannsson, forstóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, telur að samkeppni um starfsfólk sé að aukast á svæðinu. Vinnumarkaðurinn verði gjörbreyttur þegar álverið hefji starfsemi árið 2007 því að þá komist hreyfing á sérhæft starfsfólk.

„Við finnum að það er aukin samkeppni með að fá ákveðna starfshópa til starfa og það á eftir að aukast," segir hann. „Hreyfing á starfsfólki gefur okkur líka tækifæri, til dæmis með því að gera meiri kröfur til starfsmanna og reyna að fá hæfara starfsfólk."

Síldarvinnslan hefur verið stærsti vinnuveitandinn á svæðinu eða sem nemur 80-85 prósentum af vinnumarkaðnum en stjórnendur fyrirtækisins hafa um nokkurt skeið talað um að það myndi breytast með álveri á Reyðarfirði. Skipulagsbreytingar hafa því átt sér stað hjá fyrirtækinu til að búa það undir breyttar aðstæður.

„Við erum búin að færa ýmsa vinnu yfir í einkafyrirtæki," segir Björgólfur. - ghs

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON
Framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar telur samkeppni um sérhæft og gott starfsfólk þegar farna að aukast á svæðinu.

Egilsstaðaflugvöllur:

Stóraukin umferð

FLUGSAMGÖNGUR Umsvif á Egilsstaðaflugvelli jukust til muna á síðasta ári, samanborið við árið 2003, og munar þar mestu um stórframkvæmdirnar á Austurlandi; Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði.

Rúmlega 109 þúsund farþegar fóru um völlinn í fyrra, og hafa aldrei verið fleiri, en það er 28 prósentum meira en árið áður. Lendingum fjölgaði enn meira, sem nemur 34 prósentum. Fraktflutningar jukust einnig verulega í fyrra, um 22 prósent.

- kk

ALLT STÍFLAÐ
Starfsmaður Esso við Leirunesti freistar þess hreinsa stíflað niðurfall.

Akureyri:

Vatnselgur á götum

SNJÓBRÁÐ Töluverður vatnsflaumur var víða á götum Akureyrar í fyrradag eftir að hlýr suðvestanstrekkingur bræddi snjóruðninga við götur bæjarins.

Í flestum tilfellum réðu niðurföll við vatnselginn en þar sem þau voru stífluð mynduðust götulón. Samkvæmt spá Veðurstofunnar er gert ráð fyrir áframhaldandi hlýindum og snjóbráð um allt land vikuna á enda. - kk

LÖGREGLUFRÉTTIR

BIFREIÐ STOLIÐ Í BREIÐHOLTI
Silfurgrárri Nissan Sunny bifreið, árgerð 1989, var stolið fyrir framan Breiðholtssundlaug seinnipart sunnudags. Eigandi bifreiðarinnar hafði brugðið sér í sund með dóttur sinni um sexleytið. Þegar feðginin komu upp úr lauginni, tveimur tímum seinna, var bíllinn horfinn. Lögreglan auglýsir eftir bílnum. Númer hans er JJ 669.

Vill 5.000 milljarða aukalega

Bandaríkjaforseti vill fá aukafjárveitingu upp á 5.000 milljarða króna vegna stríðsins gegn hryðjuverkum. Meirihluti fjárveitingarinnar mun renna til heraflans í Írak en kostnaður vegna stríðsins er löngu farinn fram úr áætlun.

WASHINGTON, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti mun óska eftir aukafjárveitingu frá bandaríska þinginu að andvirði 5.000 milljarða króna til að standa straum af kostnaði við stríðsrekstur í Írak og Afganistan. Féhirðir Hvíta hússins kunngjörði þetta í gær.

Verði þingið við ósk forsetans verður heildarkostnaður stríðsins gegn hryðjuverkum, sem hófst eftir 11. september 2001, kominn upp í sautján þúsund milljarða króna. Það er tæplega helmingur þess fjár sem Bandaríkjamenn eyddu í fyrri heimsstyrjöld og í Víetnamstríðinu reiknað á núvirði og um sexföld þjóðarframleiðsla Íslands. Þrír fjórðu hlutar af aukafjárveitingunni munu renna til heraflans í Írak.

Kostnaður vegna stríðsins er löngu farinn fram úr áætlun. Á sínum tíma taldi efnahagsráðgjafi Bush að Íraksstríðið myndi kosta bandaríska skattgreiðendur sex til tólf þúsund milljarða króna. Talið er líklegt að þingið samþykki aukafjárveitinguna, sem verður ekki lögð formlega fyrir það fyrr en eftir að Bush hefur kynnt fjárlagafrumvarp sitt fyrir næsta ár hinn 7. febrúar næstkomandi.

Leiðtogi minnihlutans á þingi, demókratinn Nancy Pelosi, segir að það sé á ábyrgð þingsins að sjá bandarískum hermönnum fyrir því sem þá vantar en þingmenn munu fara fram á að Bush skýri stefnu sína og markmið í Írak og segi hvað hann telji það munu kosta að ná þeim. Þá undrast hún að íraskir hermenn gegni ekki veigameira hlutverki við öryggisvörslu í landinu.

Bandaríkjaþing hefur þegar veitt rúmlega 12.500 milljarða króna í stríðið gegn hryðjuverkum. Þar af hafa rúmlega 7.500 milljarðar farið í Íraksstríðið en þrjú þúsund milljarðar hafa farið til Afganistan. Þá hefur Bandaríkjaþing samþykkt sérstakar aukafjárveitingar til uppbyggingarstarfs og hafa um 1.300 milljarðar króna farið til Írak og 186 milljarðar til Afganistan. ■

BANDARÍSKIR HERMENN Í ÍRAK
Forsetinn kynnir fjárlagafrumvarp sitt fyrir næsta ár 7. febrúar og fer fram á auknar fjárveitingar. Í kjölfarið tekur þingið afstöðu til aukafjárveitingarinnar.

Alcoa:

Steypuvinna í mars eða apríl

REYÐARFJÖRÐUR Trevor Adams, verkefnisstjóri Alcoa, býst við að steypuvinna við álverið í Reyðarfirði hefjist í mars eða apríl. Hann segir að verkið sé nokkurn veginn á áætlun og það gangi vel þrátt fyrir einhver áföll í jarðvinnunni upp á síðkastið.

Adams fundaði með Smára Geirssyni og Guðmundi Bjarnasyni, sveitarstjórnarmönnum í Fjarðabyggð, í síðustu viku og var létt yfir þeim.

„Verið er að vinna að umhverfismálum og við munum leysa það eins fljótt og við getum þannig að framkvæmdirnar verði samkvæmt áætlun," sagði hann. - ghs

ÞREMENNINGAR FUNDA
Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð, Trevor Adams, verkefnisstjóri Alcoa, og Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

íbúðalán.is



Fáðu íbúðalán hjá okkur!

Ertu að kaupa?
Þú getur gert eigið greiðslumat og sótt um íbúðasjóðslán og íbúðalán nb.is á **íbúðalán.is.**

Viltu endurfjármagna?
Þú getur lækkað vextina og létt greiðslubyrðina með íbúðaláni hjá nb.is á aðeins 4,15% vöxtum!

Vantar þig viðbótarlán?
Hvort sem þú ætlar að byggja, breyta eða bæta þá geturðu fengið Viðbótarlán nb.is á afar hagstæðum kjörum, án nokkurra skilyrða um frekari viðskipti eða kröfu um 1. veðrétt.

Kynntu þér málið á nb.is eða hafðu samband
við þjónustufulltrúa okkar í síma 550 1800
og við tökum vel á móti þér.

nb.is

*Banki með **betri** vexti*

Hmnn og haf – SÍA

Cuban Salsa með Edwin

31.01- 03.02
4 dagar = 6 tímar

Lærðu Salsa. Tískudansinn í ár.

Innritun og upplýsingar í síma 551 3129 frá 16-20

48. starfsár
Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar
Brautarholti 4
Sími 551-3129

Brautarholti 4
Sími 551-3129

Guantanamo:

Fangar reyndu fjöldasjálfsmorð

SAN JUAN, AP Að minnsta kosti 23 fangar í fangabúðunum við Guantanamo-flóa reyndu að svipta sig lífi á vikutímabili í ágúst árið 2003. Sjálfsmorðstilraunirnar eru sagðar hafa verið skipulagðar aðgerðir og ætlaðar til að koma fangavörðum og yfirvöldum í uppnám.

Bandarísk yfirvöld þögguðu málið niður á sínum tíma en staðfestu á mánudag að þessi atvik hefðu átt sér stað. Þau segjast líta á þetta sem tilraun fanga til að vekja á sér athygli frekar en alvarlega sjálfsmorðstilraun. Fangarnir reyndu flestir að hengja sig eða kyrkja.

Ekki er ljóst hvernig fangarnir skipulögðu fjöldasjálfsmorðstilraunirnar; fangarnir voru í stálbúrum og geta rætt við samfanga sína en fylgst er með öllum samtölum.

Samkvæmt upplýsingum frá bandarískum yfirvöldum reyndu alls 350 fangar í Guantanamó að „veita sér áverka“ og þar af reyndu 120 að hengja sig. Rúmlega 500 fangar eru í fangabúðunum og sumum hefur verið haldið þar um árabil án þess að þeir hafi verið kærðir. ■

FRÁ GUANTANAMO
Bandarísk stjórnvöld segjast ekki líta á atvikin sem alvarlegar sjálfsmorðstilraunir heldur skipulagðar mótmælaaðgerðir.

45 daga fangelsi:

Braut gegn valdstjórninni

DÓMSMÁL Maður á fimmtugsaldri var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að slá lögreglumann hnefahöggi í andlitið á Kaffi Austurstræti í mars í fyrra.

Sjálfur segir maðurinn afar ólíklegt að hann hafi slegið til lögreglumannsins þar sem hann hafi aldrei slegið til nokkurs manns. Dóminum þótti framburður vitna gefa lögfulla sönnun þess að maðurinn hefði slegið lögreglumanninn. Lögreglumaðurinn bólgnaði á nefi og hlaut sár á vör. Maðurinn hefur ekki komið við sögu lögreglu áður. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NÝBYGGINGAR
Á Austurlandi geta menn nú byggt til að selja án þess að tapa á því. Þessi blokk er ein af mörgum nýbyggingum á svæðinu.

Bylting orðið í fasteignasölu

Fasteignaverð hefur snarhækkað og verðmyndunin er orðin eðlileg. Menn geta nú byggt á Austurlandi án þess að tapa. Fasteignaverðið hefur ekki enn náð toppi.

AUSTFIRÐIR Hilmar Gunnlaugsson, hdl. og löggiltur fasteignasali á Fasteigna- og skipasölunni, segir að bylting hafi orðið í fasteignasölu á Austfjörðum. Fleiri fasteignasölur séu nú starfandi á svæðinu og samkeppni hafi aukist. Fasteignir hafi snarhækkað í verði og veltan í sölunni hafi fjórfaldast. Hann telur að verðið eigi enn eftir að hækka, markaðurinn sé ekki kominn á toppinn.

HILMAR GUNNLAUGSSON
„Fasteignaverð hér er ágætt,“ segir hann.

„Markaðurinn er orðinn eðlilegur. Fasteignaverð hér er ágætt. Menn geta nú byggt til að selja án þess að tapa á því. Verðmyndunin er orðin eðlileg,“ segir Hilmar.

Á Austurlandi er 140-150 þúsund krónur á fermetra algengt verð í nýju húsnæði. Verðið fer allt upp í 200 þúsund á fermetra en það er óvenjulegt. Fermetraverð á nýbyggingum var um 135 þúsund fyrir rúmu ári.

„Það er svo stutt síðan markaðurinn var lélegur að það er kannski ákveðin vantrú ríkjandi. Það tekur fólk tíma að venjast þessum breytingum,“ segir hann og telur ekki um neina bólu að ræða. Framkvæmdirnar á Kárahnjúkum og í Reyðarfirði styðji við svæðið til frambúðar.

Verðhækkunin telur Hilmar að gildi almennt á Austfjörðum þó að það sé misjafnt eftir bæjarfélögum hversu mikil hún sé. Minnst sé hún á Seyðisfirði enn sem komið er.

Þá segir hann að göngin frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar séu farin að hafa áhrif á svæðið. Þau hafi orðið til þess að hækka fasteignaverð á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði því að með tilkomu þeirra verði styttra frá Fáskrúðsfirði að álverinu en til Egilsstaða auk þess sem Breiðdalsvík komist inn á áhrifasvæðið.

ghs@frettabladid.is

ÍRASKIR LÖGREGLUMENN
Lögreglumenn í Bagdad afgirða svæði þar sem bílsprengja sprakk í austurhluta borgarinnar.

Skærur í Írak:

Lögreglumenn féllu

BAGDAD, AP Að minnsta kosti ellefu lögreglumenn létu lífið í skærum í austurhluta Bagdad í gær og andspyrnumenn réðu íraskan dómara af dögum. Átök brutust út í austurhluta borgarinnar þegar lögreglumenn skutu að mönnum sem dreifðu bæklingum til fólks þar sem það var hvatt til að kjósa ekki í kosningunum á sunnudag. Um svipað leyti féllu sjö lögreglumenn í fyrirsát skammt hjá. Þá sprakk sprengja í grennd við skóla og bandarískir og íraskir hermenn skiptust á skotum við andspyrnumenn. Búist er við að skærurnar harðni eftir því sem nær dregur kosningum. ■

LÆRT AÐ AFTENGJA
Jónas og Ágúst eiga við 250 kg flugvélasprengju á námskeiðinu í Danmörku.

Starfsmenn Gæslunnar:

Námu hjá landher

LANDHELGISGÆSLAN Jónas Þorvaldsson og Ágúst Magnússon, starfsmenn sprengjudeildar Landhelgisgæslunnar, sóttu nýlega námskeið í sprengjueyðingu hjá danska landhernum.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar sækja kunnáttu sína ýmist til danska eða breska hersins en á báðum bæjum er kennt samkvæmt stöðlum Atlantshafsbandalagsins um meðferð sprengja. Sprengjudeild Gæslunnar fær á milli 70 og 100 mál árlega á sitt borð. - bþs

Dauðsfall vistmanns á Hrafnistu:

Lögreglurannsókn í biðstöðu

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík bíður nú formlegrar álitsgerðar frá Landlæknisembættinu um dauðsfall aldraðs manns á Hrafnistu, áður en tekin verður afstaða til þess hvort lögreglurannsókn fer fram, að sögn Egils Stephensen saksóknara hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir sagði að í drögum að álitsgerð um málið væru talin nokkur atriði sem betur hefðu mátt fara við umönnun gamla mannsins, Ólafs Gunnarssonar, frá því að hann féll og fékk höfuðhögg á Hrafnistu og þar til að hann var fluttur á spítala um það bil níu klukkustundum síðar. Drögin hafa verið send aðstandendum gamla mannsins svo og viðkomandi heilbrigðisstarfsfólki til athugasemda. Matthías kvaðst ekki búast við neinum athugasemdum, enda væri fresturinn að renna út. Hann sagði enn fremur að gamli maðurinn hefði látist af heilablæðingu, sem orsakast hefði af fallinu, en í drögunum kemur fram það álit landlæknis að líklega hefði ekki verið hægt að bjarga lífi hans þótt hann hefði komist fyrr á sjúkrahús.



EGILL STEPHENSEN
Formlegrar álitsgerðar beðið.

Egill Stephensen sagði að málið hefði ekki verið tekið til eiginlegrar rannsóknar meðan það hefði verið í vinnslu hjá landlæknisembættinu. Að fenginni niðurstöðu þess yrði metið hvort ástæða væri til að ætla að eitthvað refsivert hefði átt sér stað.

- jss

Háfar Ísskápar Rakvélar Geislaspilarar Magnarar Bílhátalarar Útvörp
Sjónvarpstæki Myndbandstæki DVD spilarar Samstæður
Hátalarar Eldavélar Ferðatæki Straujárn Örbylgjuofnar Heyrnartól
Samlokugrill Vöfflujárn Þvottavélar Brauðristar

RISA ÚTSALA

MEIRA EN 500 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

LOKADAGAR

RISA ÚTSÖLUNNI LÝKUR NÚ Á LAUGARDAG

OPIÐ LAUGARDAG 10-16

ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Heimilistæki

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

PHILIPS KENWOOD NAD CASIO SuperTech DAEWOO Lenco Melissa elna Bauknecht VESTFROST INDESIT Whirlpool DeLonghi

HUGVERK asmiðja

24 stundir

EFTIRMÁL: BÍLAGEYMSLA UNDIR TJÖRNINNI

Ekki útkljáð mál

Hugmyndin um bílageymslu undir Tjörninni er ekki útkljáð mál, að sögn Dags B. Eggertssonar, borgarfulltrúa og formanns skipulagsnefndar.
„Við erum að skoða bílastæði aðeins norðar, á svæðinu sem nær frá höfninni og alveg niður á Lækjartorg," sagði Dagur. „Jafnframt á þeim reit sem er aðeins sunnar, þar sem Íslandsbanki er nú. Það er verið að athuga með byggingu bílageymslu þar undir. Menntaskólinn í Reykjavík hefur verið veikur fyrir því að fá jafnvel bílageymslu inn í brekkuna hjá sér. Það er því ekki komin niðurstaða í þetta."
Dagur sagði að margir væru viðkvæmir fyrir hugmyndinni um bílageymslu undir Tjörninni og hefðu viljað sjá þeim málum öðruvísi fyrir komið. Á hinn bóginn mætti benda á að framkvæmdin

DAGUR B. EGGERTSSON
Margir viðkvæmir fyrir hugmyndinni.

sem slík tæki að sjálfsögðu einhvern tíma, en síðan færi vatn yfir hana. Það væru því rök með og á móti.
„Bílageymslur borgarinnar eru vel nýttar núna," sagði Dagur. „Við höfum haft áhyggjur af einu húsi, sem er við Vitatorgið. En þar er nýtingin að rjúka upp núna. Það er ýmislegt sem bendir til þess að fólk sé að læra á þetta, sem er nátturlega lykilatriði. Það væri óneitanlega skrýtið ef umræðan myndi snúast um að það væru ekki nægilega mörg stæði, en svo væru húsin ekki fullnýtt. Galdurinn felst í því að mæta þörfinni, en innleiða um leið nýjan „kúltur" í að hugsa um þetta. Það er í raun alveg magnað hvað Bílastæðasjóður er með lipurt starfsfólk í þessum húsum. Ég tel að það sé þessu fólki að þakka í hve ríkum mæli ökumenn eru farnir að tileinka sér þann möguleika að nota bílageymslurnar." ■

SVONA ERUM VIÐ

MEÐALKÝRIN GEFUR AF SÉR 5.229 LÍTRA AF MJÓLK Á ÁRI
Samkvæmt upplýsingum Bændasamtakanna.

SJÓNARHÓLL
DAGBÆKUR ODDA Á HAUGANA

GUÐNÝ MARÍANNA ÞORSTEINSDÓTTIR

Oddi brást ekki rétt við

„Þó að ég sé ekki hlynnt þeim málsháttum sem ég hef heyrt að séu í dagbókum Odda, frekar en örugglega flest fólk í dag, þá er fáránlegt að innkalla bækurnar," segir Guðný Maríanna Þorsteinsdóttir, nemi við Söngskólann í Reykjavík.
Fyrirtækið Oddi brást við kvörtunum viðskiptavina vegna niðrandi málsháttum í garð kvenna. Ákvörðunina studdu forsvarsmenn þess með því að málshættirnir væru ekki í takt við fjölskyldu- og jafnréttisstefnu fyrirtækisins.
„Þetta eru bara gamlir fornir málshættir og allt í lagi að við vitum hvernig samfélagið var hér í denn," segir Guðný, en meðal málshátta í bókinni eru: Aldrei er kvennastjórn affaragóð og kona er karlmanns fylgja.
„Sá sem kvartaði er í raun búinn að gera ógagn," segir Guðný og bendir á að umfjöllun fjölmiðla um málið hafi aukið athygli á bókinni og eftirspurnina eftir henni. Hún sé þó ekki föl og á leið á haugana. Heppilegra hefði verið ef viðskipavinirnir hefðu sniðgengið bókina.
„Mér finnst mjög gott að fyrirtækið bregðist við ábendingum viðskiptavina sinna en það verður að bregðast rétt við. Í þetta sinn fannst mér ekki nauðsynlegt að innkalla bókina." ■

MYND AP

JARÐARBERJAFROSTPINNI
Kalt hefur verið í Bandaríkjunum að undanförnu, jafnvel í sólskinsríkinu Flórída þar sem hitastigið hefur farið fimm gráður niður fyrir frostmark. Jarðarberjabændur á þessum slóðum úða ber sín vatni til að verja þau frostskemmdum en í staðinn hjúpast þau ís.

Sviðakjammar og gervihnattadiskar

Augu handboltaunnenda beinast að Túnis meðan heimsmeistaramótið stendur yfir. Landið sker sig úr Miðjarðarhafinu inn í norðanverða Afríku og lúrir þar milli Alsír, Líbíu og hafs. Túnis er nokkuð stærra en Ísland og íbúarnir tæpar tíu milljónir. Landið laut yfirráðum Frakka um árabil og franskra áhrifa gætir í menningu og mannlífi.

HORFT YFIR
Ýmsir byggingarstílar sjást í borgum Túnis. Landið var löngum undir yfirráðum Frakka en þar gætir einnig ítalskra áhrifa í menningu.

Samskipti Íslendinga og Túnisa eru ekki mikil. Landið var kynnt Íslendingum fyrir áratug sem ferðamannaland og þaðan er keypt salt til saltfiskverkunar.

Allur meginþorri Túnisa er íslamstrúar enda íslam opinber trú. Arabíska er opinbert mál í landinu en flestir tala líka frönsku og margir ensku. Franskur bragur er á menningu og mannlífi en Túnis laut frönskum yfirráðum í góða sjö áratugi, allt til ársins 1956. Þá gætir einnig ítalskra áhrifa í landinu en Sikiley er skammt undan ströndum Túnis.

Túnisar eru frjálslyndari en almennt gerist meðal arabaþjóða og um árabil hafa stjórnvöld lagt áherslu á að bæta stöðu kvenna.

Um tíu milljónir manna búa í Túnis, þar af tæp milljón í höfuðborginni sem landið er nefnt eftir. Heilsufar og lífslíkur Túnisa eru með ágætum, sé miðað við nágrannalöndin.

Forsetinn heitir Ben Ali og stjórnar með nokkuð harðri hendi þó að frjálsræðið sé meira en í flestum öðrum arabalöndum.

Íslendingur í hassinnflutningi

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein og fjölmargir hafa atvinnu af framleiðslu textíl- og efnavara, sem eru helstu útflutningsvörurnar. Þá er talsvert flutt út af olíu. Túnis er meðal annars ríkt af ólífum, vínberjum, melónum, sítrusávöxtum, fíkjum og döðlum.

Sólin skín í Túnis bróðurpart ársins og yfir hádaginn fer hitinn jafnan yfir 30 gráður að sumarlagi en er tíu til tuttugu gráður yfir vetrarmánuðina.

Knattspyrna er vinsælasta íþróttagreinin í Túnis og hefur landsliðið meðal annars komist í lokakeppni Heimsmeistaramótsins. Margir góðir golfvellir eru í landinu og eru þeir aðallega nýttir af ferðamönnum en villisvínaveiðar laða einnig að.

Túnis á í ágætu sambandi við Bandaríkin og fyrir nokkrum árum gerðu stjórnvöld samkomulag við Evrópusambandið um viðskipti og fleira. Sams konar samningur var undirritaður við Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) um miðjan síðasta mánuð.

Það vakti mikla athygli hér á landi fyrir sjö árum þegar Íslendingur var handtekinn í Þýskalandi að beiðni alþjóðalögreglunnar. Lá hann undir grun um að hafa tengst innflutningi á næstum tveimur tonnum af hassi til Túnis. Maðurinn sat í varðhaldi í Þýskalandi en var að lokum látinn laus þar sem skilyrði um framsal hans til Túnis voru ekki uppfyllt. Eftir því sem næst verður komist fer maðurinn enn huldu höfði og klær réttvísinnar hafa ekki náð að krafsa í hann.

Gervihnattamóttakarar algengir

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir og Torfi Frans Ólafsson fóru í tíu daga ferðalag um Túnis á síðasta ári. Það var ævintýraþráin sem rak þau þangað en þau langaði á spennandi og framandi slóðir. „Þjóðin skiptist í tvennt," segir Bryndís Ísfold. „Þeir sem búa á vinsælum ferðamannastöðum eru mjög ágengir og voru til í að selja ömmur sínar. Annað blasti við í minni þorpum inni í landinu, þar var fólk ekkert nema gestrisnin."

Bryndís og Torfi vissu fátt um land og þjóð áður en þau afréðu að heimsækja Túnis. Torfi vissi þó sem var að hluti fyrstu Stjörnustríðsmyndarinnar var tekinn upp í eyðimörkum landsins.

Til marks um gestrisnina nefnir Bryndís að Torfi fór í klippingu á rakarastofu í einum smábænum en fékk ómögulega að borga fyrir sig. Hún gefur lítið fyrir matargerðarlist innfæddra, segir matinn ekki góðan. Hins vegar vakti athygli þeirra að þrátt fyrir nokkra fátækt víða um landið eru flestir íbúar með gervihnattamóttakara. „Húsin eru sum hver þaklaus en samt eru gervihnattamóttakar við þau. Innlendir fjölmiðlar eru ritskoðaðir og það er erfitt að nota netið."

Bryndís segir að þrátt fyrir frjálsræði á ýmsum sviðum fari margt miður í þjóðlífinu. „Öll stjórnarandstaða er illa séð og skýrslur Amnesty International um Túnis eru ekki glæsilegar þó að ástandið sé sjálfsagt skárra þar en í mörgum löndum í kring."

Sviðakjammar á íslenskan máta

Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, sótti Túnis heim í maí á síðasta ári en HÍ og háskólinn í Túnis eiga í samstarfi. „Þetta er afskaplega vinaleg og geðþekk þjóð sem býr að mikilli sögu og menningu sem er frá því löngu fyrir Krist." Páll segir söguna og menninguna lifandi þátt í nútímavitund Túnisa og landsmenn meðvitaða um þau verðmæti. „Margar þjóðir hafa búið í Túnis í gegnum aldirnar og skilið eftir sín merki. Þetta er því pottur alls konar menningar og trúarbragða."

Páll segir forvera Ben Ali á forsetastóli, Bourguiba, hafa verið merkan mann sem lagði ofuráherslu á að mennta þjóðina. „Hann sagði að í stað þess að byggja upp her ættu Túnisar að byggja upp menntakerfi. Og gerði það." Ekki var nóg með það heldur lagði hann sérstaka áherslu á að mennta konur. Páll segir stöðu kvenna sterka í Túnis og þær gegni lykilhlutverkum í þjóðlífinu til jafns við karla.

Ben Ali tók við völdum 1987 og hefur haldið þeim síðan. „Hann er mjög áberandi persóna sem drottnar yfir öllu," segir Páll en til marks um það er fólki gert skylt að hafa myndir af leiðtoganum á öllum opinberum stöðum, verslunum og veitingastöðum.

Páll var hrifnari af matnum í Túnis en Bryndís Ísfold og það hýrnar yfir honum þegar hann fer út í þá sálma. „Ég kom inn á veitingastað í hádegi og það fyrsta sem ég sá á borðum var sviðakjammi á íslenskan máta. Ég fékk mér og það var eins og maður væri kominn heim. Þetta fannst mér alveg stórkostlegt."

bjorn@frettabladid.is

BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR OG PÁLL SKÚLASON Fóru bæði til Túnis á síðasta ári. Ævintýraþráin rak Bryndísi áfram en Páll fór þangað vegna samstarfs Háskóla Íslands og háskóla í Túnis.

NOTAÐU SKYNSEMINA!

Himinn og haf / SIA – 9040698

UMFERÐIN
SNÝST UM
LÍF!

Ef þú notar ekki sjálfsagðan öryggisbúnað hættirðu lífi þínu og annarra.
Notaðu skynsemina og spenntu beltin!

UMFERÐARSTOFA

FBL GREINING: KOSNINGARNAR Í ÍRAK

Óvissa um lögmæti í augum almennings

Írösku kosningarnar fara fram um næstu helgi við einna erfiðustu kringumstæður sem hægt er að hugsa sér. Stríð geisar enn í landinu, og ef eitthvað er, þá er það illvígara en nokkru sinni frá því að innrás Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra í landið hófst fyrir tæpum tveimur árum. Það er því ekki skrítið að menn beri ugg í brjósti og velti fyrir sér hvernig tekst til.

Þrátt fyrir að Bandaríkjaher hafi fjölgað í herliði sínu í aðdraganda kosninganna (hermennirnir verða 150 þúsund talsins þegar kosningarnar fara fram og hafa ekki verið fjölmennari), mörg þúsund aðrir erlendir hermenn séu til staðar og að mikil áhersla hafi verið lögð á að þjálfa íraskar öryggissveitir virðast vígamenn geta gert árásir næstum að vild. Þetta, og sú staðreynd að fjöldi málsmetandi súnnímúslima hvetur fólk til að sitja heima á kjördag, skapar þá hættu að stjórnlagaþingið sem kosið verður endurspegli ekki samsetningu þjóðarinnar og þar með að það skorti réttmæti í huga hluta landsmanna.

Írakar kjósa sér stjórnlagaþing á sunnudag. Það á annars vegar að semja Írökum stjórnarskrá, hins vegar að kjósa forsætisnefnd úr sínum röðum sem síðan skipar bráðabirgðastjórn fram yfir þingkosningar sem fram fara eftir að landsmenn hafa samþykkt stjórnarskrárfrumvarpið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þarna liggur vandinn að nokkru leyti.

Búist er við því að Kúrdar greiði atkvæði í stórum stíl, sjíamúslimar (sem eru 60 prósent landsmanna) einnig. Meiri óvissa ríkir hins vegar um kjörsókn súnnímúslima og þrátt fyrir að framboðslistar séu ekki alltaf eftir trúarbragða- og þjóðflokkalínum getur þetta skipt miklu. Þar sem landið allt er eitt kjördæmi verður skipting fulltrúa á stjórnlagaþinginu í samræmi við þann vilja almennings sem kosningarnar endurspegla. Ef súnnímúslimar sitja heima kunna áhrif þeirra í framtíðinni að verða minni en ella. Fólk sem hættir sér ekki á kjörstað vegna hættu á ofbeldisverkum kann að líta svo á að áhrif þeirra á mótun landsins séu of lítil og hagur þeirra jafnvel fyrir borð borin.

Í dag er engan veginn hægt að fullyrða að kosningarnar á laugardag verði lausn á vandanum sem Írakar standa frammi fyrir. Því er jafnvel haldið fram að þær kunni að auka á vandann. Sennilega tekur einhver ár að fá úr því skorið.

KOSNINGARÁRÓÐUR SKOÐAÐUR
Fyrstu lýðræðislegu kosningarnar frá stofnun Íraks, 1932, fara fram á sunnudag.

SPURT & SVARAÐ

FASTEIGNAVERÐ Á REYÐARFIRÐI

ÁSMUNDUR ÁSMUNDSSON

Bechtel hleypir upp verðinu

Mikil lægð hefur verið á Austfjörðum undanfarin ár en nú er það gjörbreytt, sérstaklega í Fjarðabyggð, þökk sé framkvæmdunum við Kárahnjúka. Ásmundur Ásmundsson er sölumaður Fasteignasölunnar Hóls á Reyðarfirði og segir hann að fasteignaverð hafi rokið upp á svæðinu.

Hvernig er ástandið?
Það er eftirspurn eftir húsnæði, bæði íbúðarhúsnæði og iðnaðarhúsnæði. Hér er mikið um að vera, bæði efnisflutningar vegna framkvæmdanna við fyrirhugað álver og skipaumferð sem tengist Kárahnjúkum. Enn meiri framkvæmdir eru fram undan. Það var mikið umrót á fasteignamarkaði í Fjarðabyggð í fyrra, búið í nánast hverri holu og erfitt að fá húsnæði til leigu.

Hvað hefur fasteignaverð hækkað mikið?
Leigan er um og yfir 1.000 krónur á fermetrann sem er veruleg hækkun og það er fyrst og fremst tilkomið vegna Bechtel. Fyrirtækið hefur hleypt upp verðinu og nú sjá margir Reyðfirðingar sér hag í því að kaupa frekar en að leigja. Fyrir tveimur árum þótti gott að geta leigt húsið sitt og þá fengust kannski 40 þúsund krónur í leigu fyrir gott einbýlishús. Það hefur gjörbreyst. Núna leigja menn hús fyrir 100-200 þúsund krónur á mánuði.

Hverjir eru að kaupa húsnæði?
Fólk sem hefur leigt og vill nú kaupa. Líka utanaðkomandi, fólk frá Hólmavík, Árskógssandi og höfuðborgarsvæðinu. Það kemur víða að. Þetta eru iðnaðarmenn, verkamenn og verslunarmenn.

ÞAÐ MÆLTI MÍN MÓÐIR
Calvin litli Hunter, tveggja ára, er reffilegur með víkingahjálminn sinn. Hann tekur þátt í Up-Helly-Aa hátíðinni sem fram fer í Leirvík á Hjaltlandi um þessar mundir en þar er tengsla Hjaltlendinga við Norðurlöndin minnst.

KVÖLDFRÉTTIR UNDIRBÚNAR
Starf fréttastjóra Útvarps hefur verið auglýst laust til umsóknar. Umsækjendur verða meðal annars að hafa góða skipulags- og samstarfshæfileika.

Í fréttum er þetta helst

Starf fréttastjóra Útvarps hefur verið auglýst laust til umsóknar en útvarpsstjóri ræður í starfið. Aðeins fjórir fréttastjórar hafa starfað hjá Útvarpinu í 75 ára sögu þess. Sigríður Árnadóttir, fyrrum fréttastjóri Stöðvar 2, er sögð líkleg til að hreppa hnossið. Framsóknarflokkurinn er sagður „eiga“ stöðuna.

Samkvæmt óskráðri helmingaskiptareglu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er starf fréttastjóra Útvarps í „eigu“ Framsóknarflokksins og hans að ákvarða hver gegnir því. Á móti ráðstafar Sjálfstæðisflokkurinn starfi fréttastjóra Sjónvarps. Þetta er vitaskuld nokkuð sem aðeins er rætt um í bakherbergjum og á göngum en hvorki formlega né opinberlega. Það skyggir raunar á kenninguna að útvarpsstjóri ræður í starfið og er algjörlega óbundinn af vilja meirihluta útvarpsráðs en engu að síður greiða ráðsmenn atkvæði um umsækjendur. Útvarpsstjóri hefur í gegnum árin bæði farið að og gegn vilja ráðsins.

Sigríður líkleg

Skammt er síðan starfið var auglýst laust til umsóknar og erfitt að geta sér til um hverjir sækja um. Nokkrir fréttamenn Útvarpsins eru nefndir og þá helst Arnar Páll Hauksson, Björg Eva Erlendsdóttir, Friðrik Páll Jónsson, Jóhann Hauksson og Óðinn Jónsson. Friðrik Páll er starfandi fréttastjóri, en hann settist í stólinn þegar Kári Jónasson lét af störfum í haust og varð ritstjóri Fréttablaðsins. Þá er Sigríður Árnadóttir nefnd en hún var fréttamaður hjá Útvarpinu um árabil, áður en hún varð fréttastjóri Stöðvar 2 fyrir um ári. Sem kunnugt er var henni sagt upp fyrir fáum vikum. Sigríður þykir líkleg til að hreppa hnossið.

Að auki eru tveir fréttamenn Sjónvarps nefndir oftar en aðrir sem líklegir umsækjendur, þau G. Pétur Matthíasson og Valgerður Jóhannsdóttir.

SIGRÍÐUR ÁRNADÓTTIR
Margir telja líklegt að hún verði næsti fréttastjóri Útvarps.

Fjórir fréttastjórar

Kári Jónasson hafði gegnt starfi fréttastjóra Útvarps í 17 ár þegar hann hætti í haust. Bogi Ágústsson, forstöðumaður fréttasviðs RÚV, stakk upp á því í kjölfarið að ekki yrðinn ráðinn sérstakur fréttastjóri Útvarps heldur yrði einn fréttastjóri beggja fréttastofa. Er skemmst frá því að segja að útvarpsráð hafnaði hugmyndum hans.

Kári tók á sínum tíma við af Margréti Indriðadóttur, sem var fréttastjóri frá 1968 til 1987, í 19 ár. Hún tók við af Jóni Magnússyni, sem gegndi starfinu í heil 27 ár, frá 1941 til 1968. Jón var faðir Friðriks Páls sem nú stýrir fréttastofunni.

Sigurður Einarsson var fyrsti fréttastjóri Útvarpsins, frá 1937 til 1941, en fyrstu sjö ár í sögu Útvarpsins var enginn eiginlegur fréttastjóri. Ásgeir Magnússon hafði hins vegar umsjón með fréttastofunni fyrstu árin og bar titla á borð við fréttaritari og fréttastjóri innlendra frétta.

Sameiningarvá

Fréttastofa Útvarps hefur um árabil notið mikils trausts meðal landsmanna. Þegar stofnað var til fréttasviðs RÚV fyrir nokkrum árum og Bogi Ágústsson gerður að forstöðumanni þess báru margir fréttamenn Útvarps ugg í brjósti og töldu vá fyrir dyrum. Óttuðust þeir að samvinna við sjónvarpsfréttamenn hnekkti trúverðugleika fréttastofunnar, að starf hennar yrði útþynnt og að stofnun fréttasviðs væri fyrsta skrefið í átt til sameiningar fréttastofanna tveggja. Hafi það síðastnefnda reynst rétt voru áform Boga um einn fréttastjóra beggja fréttastofa annað skrefið. Útvarpsráð hafði hins vegar ekki áhuga á þeim göngutúr og létti mörgum útvarpsfréttamanninum.

Væntumþykja

Fréttastjóri Útvarps hefur ekki einasta á sinni könnu að annast daglega stjórn fréttastofunnar og móta stefnu hennar til framtíðar í samvinnu við yfirmenn. Hann þarf líka að gæta hagsmuna fréttastofunnar innan Ríkisútvarpsins, sækja henni peninga og verja ágangi.

Það þarf því sterk bein til að gegna starfinu, og eins og einn viðmælenda orðaði það, talsverða væntumþykju um RÚV og þá sérstaklega um fréttastofuna. Ekki er kveðið sérstaklega á um slíka kosti í auglýsingunni, þar segir að háskólamenntun er nýtist í starfi og/eða umtalsverð starfsreynsla við fjölmiðla sé nauðsynleg. Umsækjendur verða að hafa góða skipulags- og samstarfshæfileika, sýna frumkvæði og æskilegt væri að þeir hefðu reynslu af stjórnunarstörfum og þekkingu á fjármálum og rekstri.

Umsóknarfrestur rennur út 7. febrúar og er viðbúið að nýr fréttastjóri verði ráðinn fljótlega upp úr því.

bjorn@frettabladid.is

Pioneer

sound.vision.soul

AUGLÝSINGASTOFA GUÐRÚNAR ÖNNU

Íslandsvinurinn Pioneer bregst ekki.

BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 • Sími 530 2800
www.ormsson.is

GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!

ORMSSON
SMÁRALIND

skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Skjót viðbrögð forsætisráðherra í eftirlaunamáli ráðherra eru lofsverð.

Gölluð löggjöf

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra á hrós skilið fyrir skjót viðbrögð í eftirlaunahneykslismáli fyrrverandi ráðherra sem verið hefur í sviðsljósinu eftir að Fréttablaðið, fyrst fjölmiðla, upplýsti um það fyrir nokkrum dögum. Í frétt blaðsins kom fram að sjö fyrrverandi ráðherrar fá greidd eftirlaun þrátt fyrir að vera í fullu starfi á vegum hins opinbera. Sex þeirra öðluðust eftirlaunarétt eftir að ný og afar umdeild lög um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara voru samþykkt á Alþingi í desember 2003. Yfirlýstur tilgangur laganna var að draga úr sókn fyrrum þingmanna í opinber embætti með því að bjóða þeim upp á hagstæð eftirlaunakjör.

Hinar tvöföldu launagreiðslur til ráðherra eru þó síður en svo hið eina sem aðfinnsluvert er við umrædd eftirlaunalög. Það er óeðlilegt út af fyrir sig að þingmenn njóti sérréttinda í lífeyrismálum og einkar ósmekklegt að það skuli hafa gerst með því að þingheimur seldi sér sjálfdæmi um afgreiðslu málsins.

Halldór Ásgrímsson segir í Fréttablaðinu í gær að við lagasetninguna fyrir rúmu ári hafi alþingismönnum sést yfir þann möguleika að fyrrverandi ráðherrar gætu þegið eftirlaun á sama tíma og þeir væru á fullum starfslaunum hjá hinu opinbera. Hann ætlar að beita sér fyrir því að lokað verði fyrir þennan möguleika. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, sem sætt hefur gagnrýni úr eigin röðum fyrir aðild sína að lagasetningunni á sínum tíma, tekur undir með forsætisráðherra og talar um mistök í þinginu. Í því sambandi er umhugsunarefni að gerð frumvarpsins átti sér langan aðdraganda, að því komu sérfræðingar utan þings, flutningsmenn voru úr öllum þingflokkum og það var forseti Alþingis, Halldór Blöndal, sem fylgdi frumvarpinu úr hlaði. Ætla mætti að slíkt ferli kæmi í veg fyrir jafn alvarleg mistök og urðu og hefur það eðlilega vakið upp spurningar um vinnubrögð í þinginu.

Hinar tvöföldu launagreiðslur til ráðherra eru þó síður en svo hið eina sem aðfinnsluvert er við umrædd eftirlaunalög. Það er óeðlilegt út af fyrir sig að þingmenn njóti sérréttinda í lífeyrismálum og einkar ósmekklegt að það skuli hafa gerst með því að þingheimur seldi sér sjálfdæmi um afgreiðslu málsins. Auðvitað eiga alþingismenn og ráðherrar að njóta lífeyrisréttinda með sama hætti og aðrir launþegar. Starfskjör þeirra eru það góð að þeir geta skapað sér myndarlegan lífeyrisauka fyrir eftirlaunaárin með frjálsum lífeyrissparnaði. Þeir eiga ekki að njóta neinna forréttinda.

Samhliða setningu eftirlaunalaganna var ákvæðum um þingfararkaup alþingismanna breytt og ákveðið að greiða formönnum stjórnmálaflokkanna framvegis 50% álag ofan á laun. Hafa þessar ríflegu greiðslur, sem satt að segja eru frekar óviðeigandi, svo ekki sé minnst á það hve tímasetningin var vandræðaleg, leitt til þess að gárungar tala stundum um forstjóra flokkanna fremur en formenn. Málið hefur skapað úlfúð innan Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Ef ríkisvaldið á með einhverjum hætti að styrkja starf stjórnmálaflokka, sem er vafamál, er eðlilegra að greiðslur renni beint til flokkanna, sem geti síðan ákveðið ráðstöfun þeirra og skiptingu.

Í ljósi ofangreinds er full ástæða til að hvetja til þess að um leið og reglum um eftirlaun ráðherra verður breytt til fyrra horfs verði löggjöfin í heild tekin til endurskoðunar. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Menn en ekki málefni

Nú þegar kosningabarátta Össurar Skarphéðinssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um embætti formanns Samfylkingarinnar er komin á fullt hafa margir orðið til að inna þau eftir því hvaða málefnalegi ágreiningur réttlæti að kosið sé á milli þeirra. Sérstaklega er slíkri spurningu þó beint til Ingibjargar Sólrúnar. En á móti má spyrja hvort nokkuð sé óeðlilegt við það að kjósa um menn en ekki málefni. Tíðkast það ekki í öllum flokkum? Er það ekki yfirleitt gert í prófkjörum flokkanna? Og benda má á að í frægasta formannskjöri síðari ára, einvígi Davíðs Oddssonar og Þorsteins Pálssonar snemma árs 1991, var það yfirlýst af beggja hálfu að ekki væri um málefnaágreining á milli þeirra að ræða. Þegar Davíð kynnti framboð sitt sagði hann að sjálfstæðismenn ættu „að velja þann mann sem þeir telja að sé líklegastur til að standa að stjórnarmyndun af flokksins hálfu, og þeir eiga að kjósa þann mann sem þeir telja að eigi að geta leitt ríkisstjórn með skaplegum hætti ef stjórnarmyndun tekst," svo vitnað sé til viðtals við hann í Morgunblaðinu 26. september 1991.

Gátan ráðin

Ein af ráðgátum listasögunnar hefur verið leyst. Það er komin vísindaleg skýring á því af hverju Michelangelo sýnir Davíð, (sem felldi Golíat, sbr. Samúelsbók) á hinu frægna næstum fimm metra háa líkneski sem varðveitt er í Galleria dell'Academia í Flórens, vera karlmannlega vaxinn að öllu leyti nema einu og það einmitt hinu mikilvægasta: manndómstáknið er vandræðalega smágert í hlutfalli við stæltan líkamann. Breska blaðið Guardian segir að eftir miklar rannsóknir á líkneskinu hafi tveir ítalskir sérfræðingar kveðið upp úr um það í nýlegri tímaritsgrein að það sýni fullkomna þekkingu Michelangelos á öllum smáatriðum í líkamsbyggingu manna og líffærafræði. Greinilegt sé að miklar rannsóknir liggi að baki því hvernig Davíð líti út á því augnabliki þegar hann býr sig undir að slöngva steininum í risann: Allir vöðvar eru spenntir á réttum stöðum, augun galopin og manndómstáknið samanskroppið eins og gerist við slíkar aðstæður.

gm@frettabladid.is

Framverðir hræsninnar

Í DAG
ÚTVERÐIR EINRÆÐIS

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Bush forseti varð uppvís að því í síðustu viku að hafa lesið bók. Forsetinn tók sérstaklega fram að bókin væri stutt, en þar sem maðurinn hefur alla sína tíð verið betur þekktur fyrir aðra hluti en að eyða tíma sínum í að lesa bækur var þetta bæði óvanaleg og forvitnileg frétt.

Bókin er um frelsi og lýðræði. Um þau efni hafa verið skrifaðar mörg þúsund bækur á seinni árum og því veitir það nokkra innsýn í hugmyndaheim forsetans að af öllum heimsins bókum um þessi efni skyldi hann velja sér þessa til lesturs.

Það sem gerir málið forvitnilegra er að forsetinn virtist vísa til bókarinnar til útskýringar á þeirri yfirlýstu stefnu Bandaríkjanna að vilja breiða út frelsi og lýðræði í heiminum. Bókin er eftir Natan Sharansky sem margir muna eftir sem sérlega hugrökkum andófsmanni í Sovétríkjunum. Barátta Sharanskys gegn ofríki hins sovéska alræðis vakti heimsathygli og ríka samúð um öll Vesturlönd, líkt og barátta Shakarovs á sama tíma.

Síðan þá hefur Sharansky verið áberandi maður í Ísrael þar sem hann berst af sínum mikla þrótti gegn því að einföldustu mannréttindi Palestínumanna séu nokkurs virt. Þessar vikurnar berst hann gegn því að ísraelskir landtökumenn á Gazaströndinni séu látnir skila landi aftur til Palestínumanna og líkir stefnu Sharons við ofsóknir sovéska ríkisins gegn gyðingum.

Sharansky er þannig úti á ysta kanti í ísraelskum stjórnmálum og með sömu stefnu og heitustu þjóðernisofstækismenn þar í landi. Meginstefnumið hans hafa verið þau að sem allra flestir gyðingar flytji til Ísraels og setjist að á löndum Palestínumanna sem síðan verði innlimuð í Ísrael. Um leið berst hann gegn því að Palestínumenn sem hraktir hafa verið af heimilum sínum á síðustu áratugum í þjóðernishreinsunum Ísraelsmanna fái að snúa aftur heim til sín.

Athyglisverð tilraun forseta Bandaríkjanna til bóklesturs vekur ekki vonir um nýtt samhengi á milli orðræðu og athafna.

Barátta hans snýst því um að alþjóðalög fái ekki að gilda í Palestínu og að einföldustu mannréttindi Palestínumanna séu virt að vettugi. Fátt í stefnu Sharanskys skilur hann að frá hörðustu fylgjendum þjóðernis og trúarofstækis í Ísraels en hann réttlætir hins vegar stefnu sína með hugsjónum frelsis og lýðræðis. Í máli sínu notar hann sífellt rök lýðræðis og frelsis til að reyna að sannfæra menn um að best sé að ræna sem mestu af landi Palestínumanna og halda þeim í því fjöldafangelsi sem Palestína er í dag.

Í þessu samhengi verða menn að lesa bók Sharanskys um frelsið og lýðræðið sem heillaði forseta Bandaríkjanna svo mikið að hann tók sér fyrir hendur að lesa heila bók en forsetinn er sagður vitna í þessa einu bók í tíma og ótíma.

Fyrir þá sem eru vanari bóklestri en forseti Bandaríkjanna eru mótsagnir í málflutningi Sharanskys augljósar, og ekki aðeins þær sem snúa að muninum á hugsjónum og stefnumálum höfundar.

Meginatriðið er þó að ást þessa hugrakka og einbeitta manns á frelsinu virðist því miður ekki ná lengra en ýtrustu hagsmunir hans sjálfs kalla eftir. Að þessu leyti líkist hugmyndaheimur Sharanskys hugmyndaheimi Bush forseta, sem nú hefur í gegnum talsmann sinn Condoleezzu Rice gefið út nýjan lista yfir verstu ríki heimsins. Hann kallar þessi ríki útverði einræðisins. Nafngiftin gefur til kynna að þarna fari verstu skúrkar heimsins. Þar er líka að finna nokkur afar vond ríki. En hvers vegna ekki Úzbekistan þar sem forsetinn lætur pynta andstæðinga sína til dauða með því að sjóða þá í potti? Þar hafa Bandaríkjamenn gert bandalög við myrkraöflin til að fá að byggja þar herstöðvar. Eða hvers vegna skyldi Íran vera þarna en ekki Sádi-Arabía sem stundar enn öflugri kúgun á fólki? Eða Pakistan?

Svarið þekkja allir. Þetta eru bandalagsríki Bandaríkjanna. Rétt eins og El Salvador, Gvatemala og Hondúras þar sem Bandaríkjastjórn undir forustu Reagans og Bush hins eldri beinlínis fjármagnaði dauðasveitir sem drápu hundruð þúsunda manna fyrir það eitt að vilja frelsi og lýðræði í stað morðóðra herforingjastjórna. Á sama tíma var Kúba sögð hluti af heimsveldi hins illa þótt ríkið væri greinilega eitt hinna skástu í heimshluta þar sem Bandaríkin fjármögnuðu fjöldamorðingjana.

Athyglisverð tilraun forseta Bandaríkjanna til bóklesturs vekur ekki vonir um nýtt samhengi á milli orðræðu og athafna. ■

ÞORRABLÓT
20 - 80 manna hópar
Tökum að okkur Þorrablót fyrirtækja, félagasamtaka, vinahópa, átthagasamtaka o.s.frv.

Hótel Cabin, Borgartúni 32

Súðin á 6. hæð Hótel Cabin er einstaklega huggulegur veislusalur þar sem hópar njóta næðis en þó er stutt í ys og þys miðborgarinnar.

Pantanir í síma
5116030
www.hotelcabin.is, booking@hotelcabin.is
Hotel Cabin

SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS
VÍSIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

allt

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	10.25	13.40	16.56
AKUREYRI	10.25	13.25	16.26

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er miðvikudagur 26. janúar, 26. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 6

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki 115 stk.
Keypt & selt 23 stk.
Þjónusta 46 stk.
Heilsa 8 stk.
Skólar & námskeið 3 stk.
Heimilið 19 stk.
Tómstundir & ferðir 8 stk.
Húsnæði 18 stk.
Atvinna 15 stk.
Tilkynningar 3 stk.

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is

visir

nám o.fl.
Til móts við Marokkó
BLS. 4

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Benedikt H. Alfonsson, skólastjóri Siglingaskólans, kennir fólki að sigla eftir stjörnunum.

Hagar seglum eftir vindi

Siglingaskólinn hefur starfað í ein tuttugu ár. Þar lærir fólk að sigla skútum með ströndum og um heimsins höf.

„Á vélbát tekur maður ákveðna stefnu og keyrir bara þangað en á skútu er það allt öðruvísi því ferðin fer alveg eftir vindinum og maður hagar seglum eftir vindi," segir Benedikt H. Alfonsson, skólastjóri Siglingaskólans, sem kennir nemendum sínum skútusiglingar á sumrin en býður upp á bóklega kennslu á veturna.

„Maður byrjar á smáskipaprófi eða pungaprófi eins og það er kalllað, næst bætir maður við sig siglingum og þá getur maður siglt með ströndinni eða ekki lengra en 50 sjómílur frá landi," segir Benedikt, en því næst er hægt að bæta við sig hafssiglingum sem þýðir 150 sjómílur frá landi.

„Að lokum eru það úthafssiglingar, og þá er það bara alla leiðina yfir hafið," segir Benedikt en við úthafssiglingar þarf fólk að geta bjargað sér við hvaða aðstæður sem er. Meðal efnis sem kennt er fyrir úthafssiglingar er veðurfræði og stjarnveðurfræði auk þess sem Benedikt kennir fólki að nota sextant.

„Í úthafssiglingum verður maður að læra að sigla eftir stjörnunum, því þó að maður sé með góð tæki getur allt klikkað," segir Benedikt en allt námsefnið miðar hann við staðal breska siglingasambandsins og öðlast því nemendur rétt til siglinga um allan heim. „Nú er einnig komið til sögunnar í Evrópu alþjóðaskírteini fyrir strandsiglingar sem við hjá Siglingaskólanum getum gefið út eftir að fólk hefur sótt tiltekin námskeið og staðist þau," segir Benedikt en þannig getur fólk sem sækir Siglingaskólann farið nánast hvert á land sem er og siglt þaðan um ókunnar strendur.

kristineva@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

í námi

Landnám Íslendinga í Vesturheimi á árunum 1856-1914 er efni átta vikna kvöldnámskeiðs sem Þjóðræknisfélag Íslendinga stendur fyrir nú á vorönn. Námskeiðið stendur frá 3. febrúar til 23. mars og verður í Gerðubergi. Umsjónarmaður er Jónas Þór sagnfræðingur og hann gefur upplýsingar í síma 554 1680 eða gegnum tölvupóstinn jtor@mmedia.is.

Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að samræmt próf í íslensku verði haldið í 4. og 7. bekk fimmtudaginn 3. febrúar kl. 9.30-12 og í stærðfræði föstudaginn 4. febrúar kl. 9.30-12 fyrir sömu bekki.

Úrval námskeiða er nú á vorönn hjá Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði. Meðal þeirra eru tölvu-, matar- og tungumálanámskeið og einnig listafög eins og skopmyndateikning, tréútskurður, eldsmíði, skartgripagerð, olíumálun, leir og mósaík. Nudd og förðun eru meðal námsgreina og einnig hannyrðir og fatasaumur. Nýjung í tónlistargeiranum er gospel og fyrir þá sem langar að bæta hæfni sína í sviðslist eru afbragðs úrræði í Miðstöð símenntunar sem er á Skólabraut 1 í Hafnarfirði og er með síma 585 5860 og 585 5861.

nam@frettabladid.is

Efnisyfirlit
Það getur flýtt fyrir þér að finna efni í bók með því að nota efnisyfirlitið, nafnaskrá og aðrar skrár sem prentaðar eru á öftustu síður bóka. Þannig geturðu flett hraðar yfir bækur til að sjá hvort í þeim sé það efni sem þú ert að leita að.

ENSKA ER OKKAR MÁL
Enskuskólinn
Enska fyrir börn 5-15 ára
Innritun hafin
Hringdu í sima 588 0303 • FAXAFENI 8 • www.enskuskolinn.is

Tölvunám í viðurkenndum skóla
- skráðu þig núna á vorönnina hjá TölvuskólaTV
Visual C# .NET forritun
Hnitmiðað og yfirgripsmikið nám ætlað þeim sem vilja læra forritun með þessu vinsæla forritunarmáli. Góður grunnur að frekara námi í forritun. Krafist er góðrar þekkingar á tölvum til þess að ná árangri í náminu.
Helstu kennslugreinar
• Hlutbundin og atburðatengd forritun
• Gagnagrunnstengingar og Windows tengingar (API)
• Notendaviðmót, tilbúnar einingar og undirforrit
Hringdu núna og ræddu við okkur um greiðslukjör og sveigjanlegt nám.
Lengd: 120 stundir/81 klukkust. Verð: 159.900 staðgr.
Tímar: Ein önn kennt 16:15-19:15
Tölvumennt TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– eða líttu við á www.tv.is
Tölvuvísir www.tv.is
PEARSON VUE Authorised Centre
Microsoft Certified Partner
TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
www.tv.is
Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

Tölvunám í viðurkenndum skóla
- skráðu þig núna á vorönnina hjá TV
Netumsjón: MCP
Þetta geysivinsæla námskeið, sem nú er kennt 10. árið í röð, er sniðið að þörfum þeirra sem vilja sjá um netrekstur í fyrirtækjum eða skapa sér ný tækifæri á vinnumarkaði.
Helstu kennslugreinar
• Netfræði, TCP/IP o.fl.
• Windows XP Professional (próf 70-270)
• Window 2003 Server MCP (próf 70-290)
Námið er áfangi að MCSA gráðu og góður undirbúningur fyrir Microsoft Certified Professional (MCP) gráðu. Tvö MCP próf eru innifalin í þátttökugjaldinu. Við bjóðum einnig MCSA netnám.
Talaðu við okkur um greiðslukjör.
Lengd: 121 stund/81 klukkust. Verð: 159.900 staðgr.
Tímar: Tvisvar í viku 16:15-19:15
Tölvumennt TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– eða líttu við á www.tv.is
Tölvuvísir www.tv.is
PEARSON VUE Authorised Centre
Microsoft Certified Partner
TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
www.tv.is
Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

FRÉTTABLAÐIÐ/E.Ól.

Árelía og Petrína koma hvor úr sinni áttinni og ákváðu að halda námskeið til að deila hugleiðingum sínum með öðrum.

Nálgumst það sem við viljum

Doktor Árelía Eydís Guðmundsdóttir og séra Petrína Mjöll Jóhannesdóttir halda námskeið á næstunni sem ber það skemmtilega heiti „Hvað viltu verða þegar þú ert orðin(n) stór?“

„Þetta námskeið er fyrir alla aldurshópa. Þessi spurning hefur fylgt manni síðan í barndómi og hún fylgir manni eiginlega alla ævina þótt maður finni sér sinn stað í lífinu ef svo má segja. Margir eru ekki alveg vissir um hvað þeir vilji gera og langar ef til vill að gera eitthvað allt annað í lífinu. Á námskeiðinu gefum við okkur tíma til að spyrja okkur þessarar spurningar og veltum upp ýmsum leiðum um hvernig við getum nálgast það sem við viljum á skilvirkan hátt. Við verðum að hlusta betur á okkur og hvað við viljum. Oft er mikið að gera hjá fólki og ekki tími til að spyrja sig hvað maður vill raunverulega gera við líf sitt. Á námskeiðinu reynum við að nálgast það sem býr innra með okkur, þrár okkar og drauma, og athuga hvort við getum ekki látið þessa drauma rætast,“ segir Petrína.

Þetta námskeið Árelíu og Petrínu er einkaframtak en þær stöllur koma úr ólíkum áttum. „Ég er prestur og nam guðfræði en Árelía er lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og kennir stjórnun. Við nálgumst því efnið á ólíkan hátt en við byggjum námskeiðið ekki upp á neinni kenningu eða hugmyndafræði. Við höfum verið að vinna mikið með fólki og finnst það afskaplega skemmtilegt og gefandi. Við höfum líka sjálfar spurt okkur þessarar spurningar þannig að við ákváðum að stilla krafta okkar saman og deila okkar hugsunum með öðru fólki.“

Námskeiðið verður haldið í safnaðarheimili Neskirkju föstudaginn 28. janúar frá klukkan 20 til 22 og laugardaginn 29. janúar frá klukkan 10 til 12 og frá 13 til 17 og verðið er 16.000 krónur. „Við tökum okkur góðan tíma í að velta þessari spurningu fyrir okkur og við byggjum námskeiðið upp á fyrirlestrum og þátttakendur vinna einnig verkefni, bæði upp á eigin spýtur og í hóp. Það koma upp margar hindranir þegar þessari spurningu er kastað fram og við reynum að takast á við þær og komast yfir þær. Við ræðum spurninguna líka en henni er auðvitað ekki svarað einn, tveir og tíu. Fólk er enn að svara henni eftir að námskeiðinu lýkur og getur nýtt sér það sem það lærði á námskeiðinu í framtíðinni. Síðan er magnað hvað hægt er að læra mikið af því að hitta annað fólk á sama reiki.“

Upplýsingar veita Árelía í síma 660 0741 og Petrína í síma 690 0775. ■

Meistarar í reikningshaldi

Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi, þróar nýtt meistaranám hjá Háskólanum í Reykjavík.

Meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun hefur göngu sína í Háskólanum í Reykjavík í haust á vegum þess skóla og Tækniháskóla Íslands. Það er til undirbúnings löggildingar endurskoðenda og hentar einnig þeim sem vilja sérfræðiþekkingu á sviði reikningshalds í fyrirtækjum, að sögn Þorláks Karlssonar, forseta viðskiptadeildar HR.

Ekki hefur áður verið boðið upp á nám á þessu sviði hér á landi en Þorlákur segir tillögu að náminu hafa komið frá Félagi löggildra endurskoðenda fyrir nokkrum árum.

Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi, hefur verið ráðinn til viðskiptadeildar HR til þess að þróa og stjórna nýja meistaranáminu. ■

Hér veitir ekki af góðum kröftum til að koma reglu á hlutina.

opið hús }

Stúdentaskipti kynnt

SKIPTISTÚDENTAR ERLENDIS

Þeir nemendur Háskólans í Reykjavík í viðskiptafræði, laganámi og tölvunarfræðum sem hafa áhuga á að fara til útlanda og gerast skiptistúdentar við erlenda háskóla næsta skólaár ættu að mæta á kynningu og opið hús í Stjórnendaskólanum í HR í dag. Þar verða kynntir þeir möguleikar sem í boði eru en skólinn er í samstarfi við háskóla erlendis sem flestir eru í Evrópu en einn í Japan fyrir laganema og annar í Mexíkó fyrir viðskiptafræðinema. Kynningar standa frá kl. 13.15 til 16 í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jónína Vala segir stærðfræðina þurfa að tengjast daglegu lífi.

Sjálfstæð hugsun lykilatriði

Stærðfræðibækurnar Geisli eru nýtt námsefni fyrir 5.-7.bekk í grunnskóla þar sem áhersla er lögð á að nemendur leysi verkefnin með sjálfstæðri hugsun fremur en fyrir fram tilgreindum aðferðum.

Jónína Vala Kristinsdóttir er ein af höfundum Geisla, en námsefnið samdi hún ásamt Guðbjörgu Pálsdóttur, Guðrúnu Angantýsdóttur og Guðnýju Helgu Gunnarsdóttur.

„Nýja námsskráin sem kom út árið 1999 var lögð til grundvallar þessu námsefni, þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendur skilji þau viðfangsefni sem þeir fást við og noti sína eigin hugsun," segir Jónína Vala. Jafnframt var stuðst við nýjar rannsóknir á því hvernig börn læra stærðfræði og rannsóknir á stærðfræðikennslu sem nýtist nemendum vel.

„Með þessu nýja námsefni er áhersla lögð á að börnin skoði fyrst áður en kennarinn segir þeim til, þegar þau eru að læra um reikniaðgerðirnar," segir Jónína Vala og er þannig hvatt til þess að nemendur leysi dæmin sjálfir á þann hátt sem þeim er eðlilegur.

„Í ljós hefur komið að það að kenna eina aðferð hefur heftandi áhrif á hugsunina. Mikilvægt er að börnin noti sína eigin hugsun og útskýri sjálf þær aðferðir sem þau nota við reikninginn, en þannig skapa nemendur sína eigin þekkingu við námið," segir Jónína Vala og bætir því við að hugsun kennarans geti aldrei orðið hugsun nemandans.

Jónína Vala segir að í aðalnámsskrá fyrir stærðfræði sé meðal annars kveðið á um tengsl við daglegt líf og það sé meðal þess sem þurfi að hafa í huga við gerð efnisins.

„Við allt stærðfræðinámið þarf að hafa í huga að verkefnin séu eitthvað sem börnin þekkja. Að þau geti tengt námið við eitthvað sem þau hafa þekkingu á fyrir, þannig að verkefnin séu ekki í einhverju tómarúmi og séu um eitthvað sem er börnum skiljanlegt," segir Jónína Vala. ■

Rúmfræðidæmi úr Geisla 2 sem sýnir hvernig hægt er að nálgast stærðfræði á ólíkan máta.

Á vef Námsgagnastofnunar, http://www.namsgagnastofnun.is/, er að finna gagnlegt efni fyrir foreldra. Þar er Geislavefurinn sem er um námsefni í stærðfræði fyrir miðstig grunnskóla, http://www.namsgagnastofnun.is/geisli/geisli.htm, og einnig vefur tengdur námsefninu Einingu sem er fyrir yngsta stigið, http://www.nams.is/eining/eining.htm

Námsstyrkir til Námufélaga

Allar nánari upplýsingar er að finna á www. landsbanki.is og þar má einnig nálgast skráningarblað sem nauðsynlegt er að fylgi hverri umsókn.

Umsóknum skal skilað í næsta útibú Landsbankans, merktum: **Námsstyrkir, Markaðsdeild, Sölu- og markaðssvið, Landsbankinn, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.**

Árlega eru veittir ellefu námsstyrkir til virkra viðskiptavina Námunnar, námsmannaþjónustu Landsbankans.

Styrkirnir skiptast þannig:

- 3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms á Íslandi, 100.000 kr. hver
- 3 styrkir til háskólanáms á Íslandi (Ba/Bs/Ma/Phd), 200.000 kr. hver
- 3 styrkir til háskólanáms erlendis (Ba/Bs/Ma/Phd), 300.000 kr. hver
- 2 styrkir til listnáms, 200.000 kr. hvor

Umsóknarfrestur vegna úthlutunar námsstyrkja er til 11. febrúar 2005

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS LBI 26909 01/2005

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra námsmanna

HREYFI LAND
MEÐGÖNGULEIKFIMI
hugsaðu vel um þig og barnið þitt
8 vikna námskeið
www.hreyfiland.is
sími:5772555 frá 9-13 eða mottaka@hreyfiland.is

Verkstjórnarnámskeið

Verkstjórnarnámskeið Iðntæknistofnunar er ætlað öllum verkstjórnendum, bæði nýjum og þeim sem vilja bæta námi við reynslu.

Verkstjórnarfræðslan á Iðntæknistofnun býr yfir meira en þriggja áratuga reynslu við fræðslu verkstjórnenda. Námsþættirnir eru alls yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Almenn samskipti
- Samningatækni
- Áætlanagerð
- Hvatning og starfsánægja
- Valdframsal
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals 100 stundir og skiptist í tvo hluta. Þrjú námskeið verða á vorönn og hefjast ***7. febrúar***, ***28. febrúar*** og ***11. apríl.***

Nánari upplýsingar og skráning hjá ***Iðntæknistofnun*** í ***síma 570 7100*** og á vefsíðu okkar ***www.iti.is***

NÁM SKEIÐ
Iðntæknistofnun

Síðustu dagar útsölunnar!

FÖNDRA

Föndra, Dalvegi 18, er opin virka daga frá 10-18
og á laugardögum kl. 10-16.

DANSNÁMSKEIÐ
jazzballett - jazzmódern - jazzeróbikk

Langar þig að dansa og hefur það í þér,
varstu í jazzballett og langar að byrja aftur?

ÞÁ ER ÞETTA TÍMINN FYRIR ÞIG!

Kennari: Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir
Nánari upplýsingar www.hreyfiland.is skráning 5772555
eða mottaka@hreyfiland.is

Reiki
Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK

Fyrir bætta líðan og betri stjórn á lífi þínu.
Kvöld- og helgarnámskeið í boði,
næstu námskeið eru:

I. stig helgarnámskeið
5. – 6. febrúar.

II. stig kvöldnámskeið (þrjú kvöld)
22. – 24. febrúar.



Hafðu samband í síma 553 3934
milli kl. 10 og 12 virka daga.

Guðrún Óladóttir reikimeistari

Leikfimi fyrir konur
sem þjást af áreynsluþvagleka

- 10 vikna námskeið hefst miðvikudaginn 2. febrúar næstkomandi í Tápi, sjúkraþjálfun, Hlíðasmára 14 Kópavogi.
- Tímarnir henta vel konum sem telja sig þurfa að styrkja grindarbotnsvöðvana hvort heldur sem einkenni þeirra eru áreynsluþvagleki, þreyta og önnur óþægindi.
- Áhersla verður lögð á líkamsvitund, rétta beitingu líkamans, styrkjandi æfingar fyrir grindarbotnsvöðva og aðra lykilvöðva.
- Teygjur og slökun. Fræðsla.
- Aðgangur að tækjasal innifalin í verði.

Nánari upplýsingar
og skráning í
síma 564-5442

TÁP
SJÚKRAÞJÁLFUN

Skemmtileg fræðsla - í fullri alvöru

Stjórnun og rekstur mötuneytis

Námskeið í stjórnun og rekstri mötuneytis hefst á Iðntæknistofnun *22. febrúar* nk.

Engrar forkunáttu er krafist.

Markmið
Að þátttakendur öðlist færni og þekkingu til að stjórna og reka mötuneyti í samræmi við nútíma kröfur um næringu, hreinlæti, öryggi, gæði og hagkvæmni í rekstri.

Áherslur
- Samsetning matseðla
- Mataræði og næringarefni
- Örverufræði
- Stjórnun og hagkvæmni

Allar nánari upplýsingar og skráning í síma *570 7100*
eða á *www.iti.is*

NÁM SKEIÐ
Iðntæknistofnun

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Galvaskir Stýrimannaskólanemar: Sveinn, Geir og Jón.

Hafa allir migið í saltan sjó

Stýrimannaskólinn keppti í Gettu betur í fyrsta skipti í ár. Hann er elsti skólinn í keppninni, 113 ára, og þótt hann dytti út í fyrstu umferð kom ferskur blær inn í keppnina með hinum verðandi sjómönnum.

Lið Stýrimannaskólans skipuðu Geir Fannar Zoega, sem telur sig Siglfirðing en er uppalinn á Akureyri, Sveinn Hjörleifsson, sem kveðst alvöru Akureyringur, og Jón Hafliðason frá Bakkafirði. Geir játar að valið í liðið hafi verið frekar ólýðræðislegt. „Ég skráði skólann í keppnina og neyddi svo Svein og Jón til að koma með mér. Hugmyndin var bara að vera með og við náðum tveimur dögum í æfingar," segir hann. Úrslitin urðu 20-9, Menntaskólanum á Egilsstöðum í vil. „Þetta eru gáfumenn þarna fyrir austan en ég held að það hafi nú gleymst að telja eitthvað af stigunum okkar. Við þurfum að fara yfir það og mæta svo í viðtal á DV," segir Jón. Sveinn tekur undir það. „Fáum kannski forsíðuna: Dómarinn svindlaði." Dregur síðan í land. „Annars er stigavörðurinn myndarkona þannig að við viljum ekkert vera að klekkja á henni."

Í spjalli á alvarlegri nótum kemur fram að námið í Stýrimannaskólanum tekur fjögur ár ef menn koma beint úr grunnskóla. Nemendur eru um 50 í föstu námi í vetur og auk þess allmargir í fjarnámi. Fiskimenn stefna mest á annað stigið. Þriðja stigið er fyrir farmenn og fjórða stigið fyrir Landhelgisgæsluna og er bara kennt þegar gæsluna vantar menn. „Þetta er ágæt menntun og við getum farið í aðra skóla í framhaldinu," segir Sveinn. Allir hafa þeir þremenningar migið í saltan sjó og verið á hinum ýmsu skipum og með margs konar veiðarfæri. „Þeir sem eru í þessu eru mest harðjaxlar sem hafa kynnst sjómannslífinu og kunna að meta það," segir Geir en skyldu þeir ætla að keppa aftur fyrir skólann sinn á næsta ári?

„Nei, sumir okkar verða hættir og aðrir orðnir of gamlir. Það er nefnilega aldurstakmark í keppninni, þess vegna gátum við ekki tekið prófessorana með okkur."

gun@frettabladid.is

Til móts við Marokkó

Mímir-símenntun heldur námskeið um Marokkó í samstarfi við Úrval-Útsýn.

„Marokkó er feikilega spennandi land því það er svo fjölbreytt. Tungumál, menning, klæðnaður, matur og daglegt líf eru mismunandi eftir því hvort fólk býr fyrir sunnan eða norðan, uppi til fjalla, niðri í dölum eða við ströndina," segir Jóhanna Á. H. Jóhannsdóttir, fararstjóri og blaðamaður, sem kennir á námskeiðinu Til móts við Marokkó. Námskeiðið er kennt á tveimur kvöldum og kennir Jóhanna ásamt eiginmanni sínum Brahim Boutarhroucht, leiðsögumanni og fararstjóra.

„Brahim er fæddur í Marokkó og ég hef komið þangað reglulega," segir Jóhanna og tekur fram að námskeiðið sé fram sett á þann máta að það nýtist öllum sem áhuga hafa, hvort sem fólk sé á leiðinni til Marokkó, hafi komið þangað eða hafi bara áhuga á landinu.

„Við ætlum að fjalla um breytilega landshætti og breytilega menningu og sögu Marokkó sem tengist Evrópusögunni í gegnum Rómaveldi og síðar áhrif Marókkó á Íberíuskaganum. Einnig verður fjallað um Marokkó í dag, svo sem lifnaðarhætti, stjórnarfar og trú sem fléttast inn í bókmenntir og kvikmyndir," segir Jóhanna og lætur þar ekki við sitja og bætir við að á námskeiðinu verði kynnt klæði og skæði en það er svolítið sérstakur stíll sem hefur síðan haft áhrif í tískunni víða.

„Innanhússhönnun frá Marokkó hefur verið í tísku svo og matur og sá stíll sem fylgir veitingahúsum, en í landinu er mjög sérstakur arkitektúr sem ekki hefur breyst í gegnum aldirnar," segir Jóhanna.

Námskeiðið er tvö kvöld og hefst 3. mars. ■

Tungumál, menning, klæðnaður, matur og daglegt líf eru mismunandi í Marokkó eftir því hvort fólk býr fyrir sunnan eða norðan, uppi til fjalla, niðri í dölum eða við ströndina.

námskeið }

Anna Guðrún leggur unga fólkinu lífsreglurnar.

Ungt fólk þjálfað í að koma fram

NÁMSKEIÐ SEM BYGGJA UPP SJÁLFSTRAUST OG JÁKVÆTT HUGARFAR

Námskeið fyrir ungt fólk sem nefnast Næsta kynslóð eru haldin á vegum Dale Carnegie og hafa hlotið mikið lof þeirra sem reynt hafa. Þar er sjálfstraust þátttakenda byggt upp með jákvæðri hvatningu og þjálfun í að koma fram.

Anna Guðrún Steinsen, sem hefur umsjón með verkefninu, segir vakningu fyrir námskeiðunum. „Við byrjuðum í mars í fyrra og ætluðum bara að vera með 14-17 ára unglinga en eftirspurn eftir námskeiðum fyrir 18-22 ára var mikil svo eitt slíkt er þegar komið af stað." Námskeið fyrir yngri aldurshópinn er að byrja og fleiri eru fram undan. Anna Guðrún segir námskeiðin nýtast öllum á hvaða stigi sem þeir eru þegar þeir komi inn. „Öll okkar þjálfun byggir á virkri þátttöku í stað fyrirlestra. Þátttakendur leysa skemmtileg og krefjandi verkefni og uppskera ríkulega, enda eru verkefnin þaulprófuð af milljónum manna úti í heimi," segir hún og bætir við. „Þetta er svipað og að læra að synda. Maður kaupir ekki bók og les hana og hoppar síðan út í, heldur þarf þjálfun sem fylgt er eftir stig af stigi."

Námskeiðin Næsta kynslóð eru einu sinni í viku í 10 skipti, fjóra klukkutíma í senn. Frekari upplýsingar má finna á vefnum wwwnaestakynslod.is.

Borgó áfram

SIGRAÐI HRAÐBRAUT Í MORFÍSKEPPNI

Borgarholtsskóli sigraði Menntaskólann Hraðbraut í ræðumennsku síðastliðinn laugardag með 174 stiga mun og er því kominn í undanúrslit Morfís-keppninnar í fyrsta sinn. Umræðuefnið var venjulegt fólk og mælti Borgó með því en Hraðbraut var á móti. Jóhann Fjalar Skaptason af Kjalarnesi var kosinn ræðumaður kvöldsins. Hann kveðst nokkrum sinnum hafa tekið þátt í ræðukeppnum áður. Jóhann Fjalar er á félagsfræðibraut og býst við að ljúka námi um næstu jól þannig að nú eru síðustu forvöð fyrir hann að sigra í Morfís. Borgarholtsskóli vann MR í Gettu betur nýlega svo hann er sannarlega öflugur á keppnisvettvangi þetta árið.

Valgerður Snæland er ein af þeim sem hlæja hjartanlega.

Hláturinn lengir lífið

HLÁTURÆFINGAR GERA GOTT.

Hláturæfing verður í dag kl. 17.30 í Maður lifandi í Borgartúni á vegum Hláturklúbbsins. Stjórnandi æfingarinnar er Kristján Helgason. Hann segir hláturinn styrkja líkamann og losa um tilfinningar og hláturæfingarnar gera fólki auðveldara að hlæja í daglegu lífi. Ýmislegt er gert til að örva hláturinn á æfingunum en Kristján segir samt ekkert stólpagrín í gangi. „Þetta er bara einfalt og skemmtilegt," segir hann. Æfingin stendur í 30 mínútur en síðan taka þátttakendur lagið saman. Allir eru velkomnir en aðgangseyrir er 500 kr. og börnin fá frítt inn. ■

TAI CHI
8. vikna Tai chi námskeið

Kennt verður á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:15 – 18:15 í Hæðargarði 31

Á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 12:05 – 13:05 í Kramhúsinu

Leiðbeinandi Guðný Helgadóttir
Innritun og upplýsingar í síma:
860-1921 og 551-9792
dunnahelg@hotmail.com

Taktu þér tak!

Ertu á aldursbilinu 16 til 20?
Viltu ná kjörþyngd?

Við erum að hefja námskeið fyrir þig sem felur í sér:
- líkamsrækt við skemmtilega tónlist
- leiðbeiningar um mataræði
- fundi, aðhald, vigtun og mælingar
- ráðgjöf frá stílista um tísku og förðun

Um er að ræða 8 vikna námskeið, 4 tíma í viku sem skiptast þannig:
- líkamsrækt í sal 2 tímar
- líkamsrækt í tækjasal 1 tími
- fundur 1 tími

Við búum yfir traustri þekkingu og reynslu, hjá okkur ríkir notalegt andrúmsloft og við gætum fyllsta trúnaðar.

Vertu velkomin í okkar hóp!

Innritun hafin í síma 581 3730
Námskeiðið hefst 8. febrúar

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÖGUR grafísk hönnun JSB 801-05

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17

BÍLAR & FARARTÆKI

Skoda Fabia Comfort 1,4. Bsk., ekinn 62.000 km. Árg. 07/2002. Verð 1.070.000.- Uppl. 421-8808, www.bilahusid.is

Jeep Cherokee Laredo 4,0 l ssk, árg. 7/'93, ekinn 167.000 km. Verð 600.000.- Uppl. s. 421-8808, www.bilahusod.is

Nissan Patrol Elegance ssk 38" breittur. Árg. 8/2003, ek. 20.000 km. Verð 5.330.000.-mynd 2778 uppl, 421-8808 www.bilahusod.is

MMC Pajero Sport GLS 3,0 ssk, árg. 10/2000, ek. 92.000 km. Verð 2.350.000. Uppl. í s. 421-8808, www.bilahusod.is

Bílalíf.is
Bilasala Matthíasar

Galloper 32" DÍSEL 9/1998 SJÁLFSKIPTUR 7 MANNA e: 139 þ.km. EINN EIGANDI, krókur, álf., þjónustubók o.fl. áhv. 800 þ. afb. 20 þ. V:1.090þ. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf (fleiri myndir á www.bilalif.is) þú verður að kíkja!!! ath. við erum á nýja gríðastóra bílsölusvæðinu á Kletthálsi 11 (110 RVK), uppl. S: 562-1717.

Bílasala Matthíasar - Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
www.bilalif.is

12 volt

Mazda Tribute V6 4x4 2002. Ssk., topplúga, litað gler, 16" álfelgur, dráttarbeisli, samlitur. Uppl. í s. 896 9616.

12 Volt
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500

bílaland B&L

100% lán til allt að 60 mánaða.

BMW 520I. Nýskr. 08/2000, 2000cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 59 þ. Verð 2.290.000. RO-257. B & L. S. 575 1230.

Daewoo Tacuma. Nýskr. 10/2002, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn, ekinn 41 þ. Verð 1.390.000. PZ-792. B & L. S. 575 1230.

Ford Escort. Nýskr., 05/1998, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 144 þ. Verð 370.000. OF-665. B & L. S. 575 1230.

Honda Civic. Nýskr. 12/1997, 1500cc, 3ja dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 135 þ. Verð 650.000. PM-286. B & L. S. 575 1230.

Hyundai Accent. Nýskr. 06/2003, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósblár, ekinn 32 þ. Verð 1.190.000. RJ-125. B & L. S. 575 1230.

Nissan X Trail. Nýskr. 09/2002, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 34 þ. Verð 2.590.000. SL-899. B & L. S. 575 1230.

Renault 19. Nýskr. 06/1996, 1400cc, 4ra dyra, 5 gíra, svartur, ekinn 96 þ. Verð 290.000. OT-955. B & L. S. 575 1230.

Renault Clio. Nýskr 12/2002, 1100cc, 3ja dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 38 þ. Verð 1.150.000. NK-850. B & L. S. 575 1230.

bílaland B&L

100% lán til allt að 60 mánaða.

Renault Kangoo. Nýskr., 12/2001, 1400cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 50 þ. Verð 1.050.000. NP-122. B & L. S. 575 1230.

Renault Master. Nýskr. 12/2002, 6 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 77 þ. Verð 2.390.000. BZ-009. B & L. S. 575 1230.

Renault Megane. Nýskr. 08/2000, 1600cc, 4 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 71 þ. Verð 990.000. SN-342. B & L. S. 575 1230.

Renault Megane. Nýskr. 07/2000, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrænn, ekinn 75 þ. Verð 1.110.000. TN-003. B & L. S. 575 1230.

Renault Megane II. Nýskr. 10/2003, 1400cc, 3ja dyra, 5 gíra, grár, ekinn 12 þ. Verð 1.520.000. EA-135. B & L. S. 575 1230.

Suzuki Baleno. Nýskr. 10/1996, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 126 þ. Verð 530.000. TN-567. B & L. S. 575 1230.

Toyota Avensis. Nýskr. 04/2000, 1800cc, 4 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn, ekinn 72 þ. Verð 1.190.000. LX-159. B & L. S. 575 1230.

Toyota rav4. Nýskr. 04/1999, 2000cc, 5 dyra, gíra, blár, ekinn 67 þ. Verð 1.250.000. MP-369. B & L. S. 575 1230.

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is

VW Transp. Double cab 4x4 08/'98, ekinn 214 þ. km. Einn eigandi, smurbók, diesel.

Isuzu Tropper 06/'99 ekinn 152 þ. km. Loftlæstur fram og aftan, 35" dekk. Verð 1.850.000.

Til sölu,M.Benz E 320 Elegance 4matic 9/98 ekinn aðeins 75þ.km. Verð 2.750. 3200cc slagrými. 4 dyra.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

SG BÍLASALA
Brekkustíg 38

Renault Megane II 05/2003, 1400, 5 gíra, grænn, ek. 41 þús. Skipti ódýrari eða 100% lán. V. 1430 þús. 27.800 pr. mán. í 60 mán. SG Bílar 421 4444.

Toyota Rav 4 02/2004, 2000, 5 gíra, grár, ek. 26 þús. V. 2.650 þús. Skipti ódýrari eða 100% lán. SG Bílar 421 4444.

Honda Jazz 09/2004, 1.4i LS, 5 dyra. Sjsk., grár, ek. 3000 km. V. 1.570.000, skipti ódýrari eða 100% lán. 22.900 pr. mán. SG Bílar 421 4444.

Nissan Almera 10/2001, 1800, 5 dyra, 5 gíra, rauður. V. 1.130 þús. Skipti ódýrari eða 100% lán. 21.900 pr. mán. í 60 mánuði. SG Bílar 421 4444.

Renault Master 03/2002. Diesel, 17 manna, 5.dyra, 5 gíra, Skipti ódýrari eða 100% lán. V. 2.090 þús. 39.900 þús. pr. mán. í 60 mán. SG Bílar 421 4444.

Hyundai Terracan 11/2004, 3500, ek. 2000. Sjsk. Bensín. Hlaðinn aukahlutum, skipti ódýrari. Frábært verð 3.590.000. SG Bílar 421 4444.

BMW X5, 06/2003, 3000, silfur, ek. 50 þús. Sjsk. Diesel. Bíll með öllu. Verð 5.930.000. SG Bílar 421 4444.

Toyota Avensis 06/2000, 1600, 5 dyra, 5 gíra, blár, ek. 75.000 þ. Verð 1.160.000 þús. Gott. stgr.verð. SG Bílar 421 4444.

Renault Master, 03/2002. Diesel, 17 manna, 5 dyra, 5 gíra. Skipti ódýrari eða 100% lán. V. 2.090 þús. 29.þús pr mán. í 60 mán. SG Bílar 421 4444.

Hyundai Tucson 09/2004, 2700, 5 dyra, sjsk., svartur, ek. 3000. Hlaðinn aukahlutum, skipti ódýrari, góð kjör. Verð 2.960.000. SG Bílar 421 4444.

SG Bílasala
Brekkustíg 38, 260 Reykjanesbæ
Sími: 421 4444

SPA R bill

Nýr '05 M.Benz Vaneo. Fjölskyldubíll af bestugerð. Nokkrir litir og útfærslur. Beinskiptir og sjálfskiptir. Með eða án leðurinnréttingar. Verð frá aðeins 2.356 þús.

Sparibíll ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

TOPPBÍLAR
bílasala

Toyota Carina E, 6/'96, 1,8, ssk., topp viðhald, 8 aukadekk þar af 4 ný nagladekk. Verð 490.000.- Toppbílar, Funahöfða 5, S:587 2000, www.toppbilar.is

Suzuki Grand Vitara XL-7, 6/'04, 10 þ. km. 7 manna, sjálfskiptur, ABS, álfelgur. Verð 2.990.000.- skipti aht. Toppbílar, Funahöfða 5, S:587 2000, www.toppbilar.is

Nissan Terrano, 1996, 180 þ.km. 7 manna, nýjar legur í kassa, ný kúpling. Verð 950.000.- tilboð 790.000.- Uppl. í síma 693-7305.

Ford Explorer XLT, 2002, 64 þ.km. 7 manna, ABS, álfelgur, cruise. Verð 2.600.000.- skipti ath. Toppbílar, Funahöfða 5, S:587 2000, www.toppbilar.is

Toppbílar
Funahöfða 5, 110 Rvk.
Sími: 587 2000
www.toppbilar.is

Bílar til sölu

Til sölu VW Golf GL Grand '95. Ekinn 135 þús. Sumar+vetrardekk, álfelgur geislaspilari o.fl. Góður bíll. Verð 275þ. Uppl í síma 893 8826 eða 860 0309.

Ford F 150 Lariat V8 Tridon árg 2004 ekinn 11 þús km einnn með öllu.Gott verð. Litla Bílasalan S 587-7777 og 898-2811.

Topp eintak á aðeins kr. 6.950.000 staðgreitt. Til sölu Range Rover 4,4 bensín, árgerð 2003, ekinn 40 þús milur, silfurgrár, svart leður, topplúga, 19" álfelgur. Einn með öllu. Uppl. í s. 421 4888, 421 5488 og 899 0555.

TOYOTA salurinn
Fitjum — Njarðvík.

Til sýnis í Mosfellsbæ
Árgerð 2002 hefur nokkrum sinnum verið notuð til húsgagnaflutninga. Rafmagnsbremsur - handbremsa - Evróputæri fyrir kúlu 180 cm b. 480 cm l. 201 cm h. Mjög gott verð. Sveinn s. 893 6337.

VINNUVÉLAR

{ í þessu blaði eru stórvirkar vélar }

Brenderup
Lyfta.is
Sími: 421 4037
GSM: 892 7612
Fax: 421 7776
Netfang: lyfta@lyfta.is
Veffang: www.lyfta.is

Verð frá kr. 450.000 án VSK
560.000 með VSK

Brenderup kerrur hentugar til futnings á vinnuvélum og tækjum
Burðargeta frá 1.050 kg upp í 2.800 kg

Verð frá kr. 350.000 án VSK
436.000 með VSK

Meiri upplýsingar á heimasíðu okkar:
lyfta.is

Sölvi er aldrei einmana í krananum, hann hlustar bara á útvarpið.

Útsýnið er gott yfir vinnusvæðið og flóann.

FRÉTTABLAÐIÐ

UMSJÓN: Steinunn Stefánsdóttir
HÖNNUN: Bergdís Sigurðardóttir
UMBROT: Frétt ehf.
AUGLÝSINGAR: Ámundi Ámundason
LJÓSMYND Á FORSÍÐU: Vilhelm
HÖFUNDAR EFNIS: Brynhildur Björnsdóttir, Edda Jóhannsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Kristín Eva Þórhallsdóttir og Lilja Katrín Gunnarsdóttir

EKKI FYRIR LOFTHRÆDDA

Byggingarkranar eru mikil þarfaþing en meðferð þeirra er vandaverk eins og allra vinnuvéla. Við hittum Sölva Karlsson, kranamann hjá Ístaki á Grundartanga.

„Ég mundi nú fljótlega hlaupa í spik ef ég labbaði ekki upp og niður stigann nokkrum sinnum á dag. Þetta er eina hreyfingin sem maður fær og veitir ekki af henni," segir Sölvi hlæjandi þegar hann er spurður hvort hann geti ekki fengið lyftu í byggingarkranann. Sölvi situr í 35 metra hæð og þangað upp eru um eitt hundrað rimlatröppur. Hann er starfsmaður hjá Ístaki og vinnur nú við að stækka verksmiðjur Norðuráls á Grundartanga. Útsýnið úr stýrishúsinu er gott enda bongóblíða þennan daginn og sólin glampar á flóann. Sölvi lætur samt ekki náttúrufegurðina glepja sig heldur fylgist vel með þeim sem eru á jörðu niðri og þurfa af og til að láta færa steypumót, járn og aðra þunga hluti. Þá fær hann bendingar eða boð í gegnum talstöðina.

Stór mannvirki eru ekki steypt án krana nú til dags og við nýbygginguna á Grundartanga eru kranarnir sex í allt. Sá sem Sölvi stýrir er af gerðinni Liebherr 112 og getur lyft átta tonnum. Sölvi hefur unnið á krana samtals í um eitt ár en verið hjá Ístaki við ýmis störf frá því 1993. Kveðst hafa byrjað að stjórna byggingarkrana árið 1998 og þá farið beint í 50 metra hæð. Til að öðlast réttindin fór hann á vinnuvélanámskeið í tvo daga en nú standa slík námskeið í að minnsta kosti tvær vikur, að hans sögn.

Þótt veður sé blítt þennan daginn getur maður ímyndað sér að stundum gusti hressilega svona hátt uppi og Sölvi er því spurður hvort kraninn hristist ekki stundum eins og strá í vindi. Hann neitar því ekki og segir brosandi. „Þetta er ekki fyrir lofthrædda."

Nú fær Sölvi skilaboð í talstöðinni og tími kominn til að gefa honum vinnufrið. Að síðustu er hann spurður hvort einmanaleiki sæki aldrei að honum þarna í þröngu stýrishúsinu? og svarið er: „Nei, nei, ég hlusta bara á útvarpið."

NOTAÐAR VINNUVÉLAR

ORMSSON vélalán

FYRSTIR Á ÍSLANDI

4,1% FASTIR VEXTIR

• Lánað allt að 85% af kaupverði notaðrar vélar
• Lánstími 60 mánuðir

Beltagrafa árgerð 2003 í góðu ástandi með skóflu, hamarlögnum, smurkerfi og hraðtengi. Vinnustundir 6.600.

VINNUVÉLAR

TEG.		ÁRG.	VERÐ ÁN VSK
O&K RH 8,5 NLC	Beltagrafa	2003	Kr. 10.600.000
O&K RH 9,5 LC	Beltagrafa	2001	Kr. 8.900.000
O&K MH PLUS	Hjólagrafa	1998	Kr. 4.500.000
KOMATSU PC 210-7	Beltagrafa	2003	Kr. 8.100.000
O&K RH 5,5 LC	Beltagrafa	2001	Kr 2.100.000
FERMEC MF 560	Traktorsgrafa	1995	Kr. 2.000.000
FERMEC 965	Traktorsgrafa	2000	Kr. 3.500.000
CASE 580	Traktorsgrafa	1997	Kr. 2.100.000
MALARVAGNAR			
KEISER	Malarvagn	1999	Kr. 1.700.000
VSS	Malarvagn	1998	Kr. 2.100.000
VSS	Malarvagn	1996	Kr. 1.200.000

Nánari upplýsingar veita:
Ásgeir Þórðarson
Símar: 530 2840 / 896 0176
Guðni Gunnarsson
Símar: 530 2845 / 896 0515

BRÆÐURNIR ORMSSON
VÉLADEILD · LÁGMÚLA 9

ALLT TIL SMURNINGA

Sjálfvirk smurkerfi fyrir vörubíla og vinnuvélar
Allt að 300 smurstaðir.
Helstu kostir: Jafnari smurning, minna stopp, betra endursöluverð

LINCOLN PowerLuber
Smursprauta með 12V hleðslurafhlöðu,
Það er árið 2005 - nýjir tímar ný tækni!

Poulsen
Partur af lífinu

Skeifan 2. Sími 530 5900

HEKLA® VÉLASVIÐ

býður heildarlausnir

HEKLA® CAT

- vinnuvélar
- lyftarar
- aflvélar
- rafstöðvar

HEKLA® CAT

Forsenda framfara

Scania - vörubíll ársins 2005

Vinnuvéla
og vörubíladekk

- hjólbarðar fyrir atvinnutæki

SCANIA

GOODYEAR

Klettagarðar 8-10 • sími: 590 5100 • netfang: velasvid@hekla.is
Hekla á Austurlandi ehf • Austurvegi 20 • Reyðarfirði • sími: 470 5100
Trukkurinn ehf • Hjalteyrargötu 8 • Akureyri • sími: 460 7700

MASCOT FRÁ RENAULT TRUCKS

Bíllinn er með 160 hestafla 3,0 lítra samrásar vél sem kemur í stað 130 hestafla vélarinnar sem var áður í Mascot. Vélin þykir hagkvæm í rekstri eins og aðrar dísilvélar frá Renault. Gírkassinn er einnig nýr. Bíllinn er með nýja gerð af ABS afhemlun með EBD bremsujöfnun sem skilar Mascot enn styttri bremsuvegalengd. Spólvörn er staðalbúnaður. Gírstöngin er komin í mælaborðið en sú staðsetning hefur mælst vel fyrir í Trafic og Master. Hirslur eru á réttum stöðum fyrir pappíra og þess háttar og allur stjórnbúnaður er innan seilingar. Framljósin eru samansett af langdrægari tveggja linsu ljósum.

Umboð: B&L.
Flokkur: 3,5 til 65 tonna vörubílar. Flokkast annað hvort sem stór sendibíll eða smærri vörubíll.
Flutningsgeta: 4 tonn.
Gælunafn: Litli trukkurinn.

TÆKI.IS ehf
896-5944 / 899-8292
Körfubílar
Bómulyftur / Spjót
Skæralyftur
Lyftarar / skotbóma
Tækjaflutningar
Rafstöðvar
Háþrýstidælur
Vatnsdælur
LEIGA / SALA
www.taeki.is

Ingjaldur segir notkunarmöguleika Case traktorsgröfunnar mikla, enda sé vélin einkar lipur.

STJÓRNTÆKIN LÍKUST PINNUM Á LEIKJATÖLVU

Case traktorsgröfurnar eru mörgum kostum búnar. Þær áttu sölumet á Íslandi á síðasta ári.

Ingjaldur Ragnarsson kann að lýsa eiginleikum margra véla og tækja, til dæmis Bobcat smávéla, Hyster lyftara, John Deere dráttarvéla og Case traktorsgrafna, enda er hann er sölumaður vinnuvéla hjá fyrirtækinu Vélaborg. Við ákveðum samt að láta greinina snúast um Case traktorsgröfuna sem er vel þekkt hér á landi en er nú komin með nýtt stjórnkerfi. Gömlu stangirnar upp úr gólfi vélarhússins sem stöðugt þurfti að hreyfa, til að fá samsvörun á moksturstækjunum, eru horfnar úr nýjustu módelunum en í staðinn komin handföng, líkust pinnum á leikjatölvu. Það þýðir að stjórnandinn hvílir handleggina á stólörmum og hreyfir bara úlnliðina. Þetta kalla vélamennirnir vökvaservó enda nær glussavökvinn alveg upp í stýripinnana, að sögn Ingjalds. Grafan er sjálfskipt en stjórnandinn hefur þann valmöguleika að grípa til handskiptingar. Vélin er 110 hestöfl með túrbínu og millikæli.

Nýju gröfurnar eru með stýripinna við stólarmana.

Nýja grafan, Case 695 Super R, er líka fjórhjólastýrð, svo hjólin beygja öll fjögur í stað bara framhjólanna áður. Þannig hefur snúningsradíus hennar orðið minni en eldri vélanna og hún er því mun liprari. Einnig er tregðulæsing bæði á fram- og afturhásingu svo að ef eitt hjól byrjar að spóla þá grípa hin inn í. Skóflan að framan er mikið notuð í snjómokstri og þar er líka hægt að setja plóg en aftan á er moksturbúnaður sem nýtist við alla jarðvinnu. Fjögur vinnuljós eru að framan og fjögur að aftan og tvö blikkandi aðvörunarljós á þaki. Þá er ógetið ýmissa kosta eins og sérstaks kaldræsibúnaðar sem hentar sérlega vel fyrir íslenskar aðstæður.

Sölutölur sýna að Case er mest selda traktorsgrafan hér á landi á síðasta ári. Ingjaldur segir nýja stýribúnaðinn eflaust eiga sinn þátt í því, því hann taki öðrum fram. „Case hefur nefnilega tekist að þróa kerfi sem er eins nálægt því að vera bilanafrítt og hægt er að hugsa sér," segir hann að lokum.

Margeir K. Eiríksson er sölustjóri vinnubíla hjá Heklu og Róbert Rúnarsson er sölumaður. „Við erum afar þakklát fyrir viðtökurnar á árinu og horfum með tilhlökkun til ársins 2005.

VOLKSWAGEN SÖLUHÆSTI VINNUBÍLL ÁRSINS 2004

Miklar vonir bundnar við nýjan Caddy með gíraffalúgu.

Volkswagen var söluhæsti vinnubíll ársins 2004. Á árinu seldi Hekla alls 349 Volkswagen Caddy og Transporter-bifreiðar og var með 22,81% markaðshlutdeild á vinnubílamarkaði og jókst sala á Volkswagen vinnubílum um 140% frá árinu á undan. „Við bindum miklar vonir við nýjan Caddy sem við vorum að fá í sölu sem er með svokallaðri gíraffalúgu. Lúgan opnar afturrými bílsins út frá þaki sem auðveldar mjög flutning á vörum og verkfærum, eins og stiga eða rörum," segir Margeir K. Eiríksson, sölustjóri vinnubíla hjá Heklu, en hann og Róbert Rúnarsson sölumaður vænta mikils af þessum nýja Caddy. Burðargeta Caddy er 750 kg og rúmmál 3,2 fermetrar sem gerir hann afar rúmgóðan og þægilegan. Staðalbúnaður Caddy er rennihurðir á báðum hliðum, tvöföld hurð að aftan auk mikils annars búnaðar. Þar má nefna ABS, aftengjanlega spólvörn, rafstýrða og hitaða útispegla, geislaspilara, velti- og aðdráttarstýri, dagljósabúnað og fleira. Gúmmídúkur í farmrýminu gerir það að verkum að gólfið er stammt sem tryggir öruggari meðhöndlun varnings.

Caddy er einnig fáanlegur með 2.0 SDI dísilvél.

ÚRVAL VINNUVÉLA

STERK MERKI ALLS STAÐAR

bobcat

CASE

HYSTER

GLOBRAM

JOHN DEERE

JUNGHEINRICH

Kalmar

Starfsfólk Vélaborgar til liðs við þig

Anna Kristín Birkisdóttir
Fjármálastjóri
Beinn sími: 414-8604
GSM: 861-6530
anna@velaborg.is

Bjarmi Þór Baldursson
Vélaverkstæði
Beinn sími: 414-8640
GSM: 822-8643

Guðbjörg Gústafsdóttir
Bókhald
Beinn sími: 414-8607
GSM: 849-9202
gugga@velaborg.is

Halldór Skarphéðinsson
Vélaverkstæði
Beinn sími: 414-8640
halldor@velaborg.is

Ingjaldur H. Ragnarsson
Söludeild vinnuvéla
Beinn sími: 414-8618
GSM: 893-2161
ingjaldur@velaborg.is

Ólafur Ágúst Pálsson
Vélaverkstæði
Beinn sími: 414-8640
GSM: 822-8644

Valgerður Vésteinsdóttir
Bókhald
Beinn sími: 414-8610
GSM: 820-1320
vala@velaborg.is

Anton Þórisson
Söludeild Akureyri
Beinn sími: 464-8600
GSM: 863-4010
anton@velaborg.is

Bjarni Björnsson
Söludeild landbúnaður
Beinn sími: 414-8612
GSM: 822-8612
bjarnib@velaborg.is

Guðlaugur Guðbergsson
Verslun
Beinn sími: 414-8633
GSM: 895-9071
gudlaugur@velaborg.is

Haraldur Baldursson
Verslunarstjóri
Beinn sími: 414-8634
GSM: 861-2107
haraldur@velaborg.is

Játvarður Vilhjálmsson
Vélaverkstæði
Beinn sími: 414-8640
GSM: 822-8647

Rene Schulz
Vélaverkstæði
Beinn sími: 414-8640
GSM: 822-8640
rene@velaborg.is

Þórir Jakobsson
Vélaverkstæði
Beinn sími: 414-8640
GSM: 699-7003

Ágúst Schram
Söludeild vinnuvéla
Beinn sími: 414-8617
GSM: 822-8617
agust@velaborg.is

Einar Daníelsson
Umsjón tölvumála
Beinn sími: 414-8608
GSM: 899-8181
einardan@velaborg.is

Gunnar Már Sigurgeirsson
Verkstæðisformaður
Beinn sími: 414-8640
GSM: 822-8641
gunnarm@velaborg.is

Hinrik Gylfason
Verslun
Beinn sími: 414-8636
GSM: 893-9919
hinrik@velaborg.is

Jón Geir Sigurbjörnsson
Söludeild vinnuvéla
Beinn sími: 414-8615
GSM: 892-6800
jon@velaborg.is

Sigfús Kristinsson
Verslun
Beinn sími: 414-8632
GSM: 698-9504
sigfus@velaborg.is

Þórir Snorrason
Vélaverkstæði
Beinn sími: 414-8640

Baldur Sæmundsson
Rafmagnsverkstæði
Beinn sími: 414-8642
GSM: 864-7428
raflyfta@velaborg.is

Eiríkur Jóhannesson
Verslun
Beinn sími: 414-8635
GSM: 663-5882
eirikur@velaborg.is

Gunnar S. Snorrason
Rafmagnsverkstæði
Beinn sími: 414-8642
GSM: 822-8642
raflyfta@velaborg.is

Hólmar Pálsson
Vöruafgreiðsla
Beinn sími: 414-8639
GSM: 822-5365
holmar@velaborg.is

Jónas Marinósson
Verslun Akureyri
Beinn sími: 464-8600
GSM: 861-8814

Sigurður Jónsson
Söludeild landbúnaður
Beinn sími: 414-8613
GSM: 822-8613
siggi@velaborg.is

Þyrí Dröfn Konráðsdóttir
Bókhald
GSM: 698-5190
tyri@velaborg.is

Bergur Ketilsson
Vélaverkstæði
GSM: 822-8646
bergur@velaborg.is

Gréta Kjartansdóttir
Tollskjöl
Beinn sími: 414-8638
greta@velaborg.is

Gunnar V. Bjarnason
Framkvæmdastjóri
Beinn sími: 414-8602
GSM: 894-2499
gunnarbj@velaborg.is

Ingibjörg E. Björgvinsdóttir
Símavarsla
Beinn sími: 414-8600
mottaka@velaborg.is

Kjartan Kristófersson
Verslun
Beinn sími: 414-8631
kjartan@velaborg.is

Sverrir Geirmundsson
Söludeild landbúnaður
Beinn sími: 414-8614
GSM: 896-2866
sverrir@velaborg.is

Stefán B. Bjarnason
Framkvæmdastjóri Leiguvéla
Beinn sími: 414-8603
stefan@velaborg.is

AÐALSÍMANÚMER: 414 8600

Vélaborg ehf.

JOST ROCKINGER
Member of JOST-World

Dráttarstólar og dráttarkrókar

ÓSAL

Vörur - þjónusta - upplýsingar
Tangarhöfða 4, sími 515 7200

AFLVÉLAR SCHMIDT

Aðeins það besta

STRATOS

Salt/sanddreifarar 0,6 -9,0 rm.

Cirron

Snjótennur fyrir bæjarfélög og þjóðvegi.

Kasttennur fyrir vörubíla.

Burstar í allar tegundir vélsópa.

ØVERAASEN

Snjóblásarar með eða án aflvéla f/ stórar dráttarvélar og vélskóflur.

- Öflugar vélar.
- Áratuga reynsla og þjónusta.
- Hafið samband og fáið senda vörulista og tilboð.

BESTA®

Besta ehf • Suðurlandsbraut 26 • 108 Reykjavík • Sími: 510 0000
Beinn sími véladeild: 510 0050 • Fax: 510 0002 • ingi@besta.is • www.besta.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hér stendur Jón við flaggskipið í kranaflotanum, þrjú hundruð tonna bómu.

DREYMIR EKKI KRANA

Jón Ingvar Haraldsson er bifvélavirki og hefur komið víða við á starfsferli sínum. Nú vinnur hann hjá GP krönum og gerir við krana og gæti ekki verið sáttari við vinnuna sína.

„Ég kláraði námið árið 1976 en fram að því hafði ég verið að fikta við að gera við bíla. Bróðir minn, Eiður, á fyrirtækið Háfell sem sinnir ýmislegum jarðvinnuframkvæmdum og hefur mikinn og góðan tækjakost á sínu bandi. Hann setti mig eiginlega upp í gröfu og ýtti mér út í vinnuvélabransann. Ég vann hjá honum í nokkur ár og hef síðan verið að gera við vinnuvélar á ýmsum stöðum. Ég er búinn að vinna hjá GP krönum í tæp fjögur ár og hér er gott að vera," segir Jón.

Á verkstæði GP krana er einn í vinnu ásamt Jóni að gera við krana en fyrirtækið gerir út fullt af krönum. „Hér er mikið talað um krana og allt sem þeim fylgir en við tökum líka mikið í spil og spilum brids ef fjórir eru saman. Við erum eiginlega góðir í öllu," segir Jón spurður um hvort þeir séu jafngóðir í brids og í kranaviðgerðum. „Hér er fullt af góðum kranamönnum enda er þetta langstærsta kranafyrirtækið á landinu. Síðasta ár var mjög gott í þessum iðnaði og eru kranarnir okkar búnir að fara vítt. Við vorum mest með fimm krana í Kárahnjúkum og núna erum við með einn krana í Færeyjum. Þessi floti er óðum að stækka og yngjast," segir Jón en hann hefur lært sjálfur að gera við krana. „Við reynum að fylgja viðgerðarbókum því það er í raun enginn sem getur kennt okkur þetta. Við sækjum bara þá þekkingu sem við þurfum."

Jón er enginn bíladellukarl og reynir að skilja vinnuna eftir á vinnustaðnum í lok dags. „Ég á reyndar tvo bíla, einn sem ég er að gera upp og einn sem ég er búinn að gera upp. Mér finnst voðalega gaman að komast til botns í hlutum. En núna er þetta meira lífsviðurværi. Þegar ég kem heim þá er vinnudagurinn búinn og ég reyni að aðskilja vinnuna frá einkalífinu. En þegar koma upp vandamál sem ég hef ekki getað leyst í vinnunni þá reyni ég að leysa þau í huganum heima. En mig dreymir ekkert kranana," segir Jón sem er fyllilega sáttur við lífið.

Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?

DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:

ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA

TRUCK - LITE
Ljósasamlokurnar frá okkur eru:
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...

Stærsta GRJÓTMULNINGSVÉL landsins

Brjóturinn Dofri í grunni álvers Alcoa.

Vélasvið Heklu afhenti á dögunum verktakafyrirtækinu Suðurverki stærstu grjótmulningsvél sem flutt hefur verið til landsins. Tækið er af gerðinni Metso Nordberg LT 140 og vegur um 140 tonn.

Tækið er knúið af 520 hestafla Caterpillar C15 vél og kostar hingað komið um hundrað milljónir króna. Suðurverk mun nota þennan afkastamikla brjót sem afkastar átta hundruð tonnum á klukkustund við framkvæmdir við grunn álvers Alcoa við Reyðarfjörð en brjóturinn hefur hlotið nafnið Dofri.

JAKINN: Stærsti lyftari landsins og vegur um 450 tonn.

STÆRSTU TÆKI LANDSINS

Jakinn og Jarlinn eru engum líkir hér á landi.

Hjá Eimskip eru miklar annir þegar skipin koma inn með mikið magn af gámum og öðrum hlutum. Til að takast á við verkefnin sem því fylgja hafa þeir sett upp stærsta lyftara landsins, Jakann, og stærsta krana landsins, Jarlinn.

Jakinn vegur um 450 tonn og þurfti að setja hann saman á staðnum, enda var hann fluttur hingað í bútum. Hann er á föstu spori og keyrir þannig fram og aftur. Hann lyftir ekki nema 35 tonnum, þar sem hann er sérhæfður gámalyftari og áhersla lögð á hraða fremur en þyngd. Meðalafköst hans eru 30 gámar á klukkustund. Jakinn er yfirleitt í notkun um 16 tíma á dag og eru tvískiptar vaktir á honum.

Jarlinn er splunkunýr bómukrani sem tekinn var í notkun í haust og lyftir hann 110 tonnum og vegur sjálfur 400 tonn. Hann er á hjólum þannig að hægt er að keyra hann um svæðið. Hann er notaður ásamt Jakanum við að losa skipin og er meira í þyngri hlutum, en vinnuvélar sem eru allt að 80 tonn geta stundum komið með skipunum. Sjálfur var hann fluttur í heilu lagi og var keyrður í land.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JARLINN: Stærsti bómukrani landsins og vegur um 400 tonn.

FATNAÐUR sem verndar

Vinnufatnaður er framleiddur eftir öryggisstaðli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Mikil aukning hefur verið í endurskinsfatnaði enda kröfur um slíkan fatnað meiri en áður," segir Kristján Einarsson sölumaður hjá Dynjandi sem sérhæfir sig meðal annars í vönduðum og viðurkenndum vinnufatnaði.

„Allur vinnufatnaður fylgir staðli og þarf að vera viðurkenndur til að hægt sé að selja hann sem slíkan," segir Kristján en staðlarnir eru nokkrir og taka til þeirrar tegundar starfs sem fatnaðurinn er notaður við. „Til eru staðlar um bruna- og hitaþol fatnaðar og til að mynda er Alcan með mjög strangan staðal í þeim efnum," segir Kristján.

Kristján Einarsson

Öryggisskór þurfa einnig að uppfylla ströngustu kröfur og hjá Dynjandi er að finna tvær gerðir af slíkum skóm, annarsvegar með stáltá og hinsvegar með stáltá og naglavörn í sóla. Þynna er í sólanum sem ýtir öllu sem kemur upp undir sólann í burtu. „Stáltána ætti fólk að nota jafnvel á sumrin þegar það er að slá garðinn, því undantekningalaust er einhver á hverju sumri sem slær af sér tána," segir Kristján.

„Yngri kynslóðin gerir sér fyllilega grein fyrir mikilvægi þess að vernda líkama sinn og heilsu. Fyrirtæki eru að ala upp meðvitaða einstaklinga um öryggi," segir Kristján.

Trafic



HEMLUNARVEGALENGD

EINA SKIPTIÐ SEM KEPPINAUTARNIR FARA LENGRA

Renault Trafic. Öruggur og traustur, með stystu hemlunarvegalengdina eða aðeins 43 metra miðað við 100 km/klst. Þennan athyglisverða árangur má rekja til þess að Renault Trafic er búinn fjórum 16" bremsudiskum ásamt ABS-EBV hemlakerfi. Öryggisbúnaður Renault Trafic er til marks um þá framúrskarandi hönnun sem tryggði honum titilinn **sendibíll ársins 2002**. Með einstakt veggrip og hljóðláta, aflmikla CRDi díselvél, flytur Renault Trafic hratt og örugglega allt að 1200 kg í 6 m³ hleðslurými. Eftirsóknarverður kostur og hagkvæmur í rekstri. Þjónustuskoðun og smurning á 15.000 km fresti. **Renault Trafic flytur þér bestu fréttirnar.**

www.bl.is

Renault Trafic langur
Ríkulegur staðalbúnaður m.a.:
ABS-EBV bremsukerfi
Webasto olíumiðstöð
Geislaspilari
6 gíra gírkassi

Renault Trafic langur 1900 Dísel 6 dyra – 100 hestöfl – beinskiptur

Kr. 1.998.900 kr. án VSK.

Við greiðum að sjálfsögðu út þann gamla

Kr. 29.940

á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

Fjármögnunarleiga
kr. 37.275 með vsk.
kr. 29.940 án vsk.

* Fjármögnunarleiga á Renault Trafic langur, 1900 dísel, 6 dyra, beinksiptur m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun, án/vsk. Athugið 3% lokagjald í lok samnings.

RENAULT

B&L Atvinnubílar • Grjóthálsi 1 • Sími 575 1200 • Söluráðgjafar 575 1224/25 • www.bl.is

B&L ATVINNUBÍLAR FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

VÉLFANG

Nýtt umboð á Íslandi

fyrir Fermec, Schaeff, Benford, Terexlift og Atlas vinnuvélar frá Terex

TEREX COMPACT EQUIPMENT

Terex-Fermec – traktorsgröfur 860 SX, 860 SE og 970 ný og endurbætt hönnun

TEREX | ATLAS

Terex-Atlas - belta- og hjólagröfur 13,9 – 52 t.

TEREX | SCHAEFF

Terex-Schaeff – minigröfur 1,4-4,7 t., beltagröfur 5,8-13 t., hjólagröfur 5-10 t., hjólaskóflur 3,9-15,5 t.,

TEREX | BENFORD

Terex-Benford – valtarar 435 kg.-13 t., sjálfkeyrandi sturtuvagnar 1-9 t. burðargeta

TEREX | LIFT

Terexlift – skotbómulyftarar 0–22 m. lyftihæð, 2,5-5 t. lyftigeta, með og án snúnings á húsi.

TEREX

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 24-30 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is

Ólafi er margt til lista lagt á vinnuvélunum og hefur unnið í keppnum hér heima og erlendis.

TÍNIR UPP GOLFKÚLUR MEÐ AFTURSKÓFLUNNI

Ólafur Rúnar Þórarinsson hefur lifað og hrærst í vinnuvélabransanum frá því að hann var smápolli.

Ólafur var samt kominn á sextánda ár þegar hann fór að vinna við alvöruvélar, en fram að því hafði hann verið á vélum í sveitinni. Leiknin á vinnuvélarnar virðist Ólafi í blóð borin því hann tók tvisvar þátt í undankeppni hér á landi, þar sem keppt var um leikni við stjórn vélanna, og hafði sigur í bæði skiptin. Það er Caterpillar sem stendur fyrir þessum keppnum, en Hekla fóstraði keppnina hér heima.

„Ég tók þátt árin 1998 og 2000 og í seinna skiptið fór ég til Malaga á Spáni," segir Ólafur. „Þá voru 9.000 manns í Evrópu sem tóku þátt í undankeppninni í sínu heimalandi og 45 sem komust áfram til Spánar. Þar gekk mér ágætlega og var vel yfir miðju."

Keppnin gengur út á að hafa sem besta stjórn á tækjunum, en keppt er í mörgum flokkum og þrautirnar eru margvíslegar.

„Caterpillar reikna út öll sín tæki við vissar aðstæður og allt gengur þetta út á nýtni. Það eiga ekki að vera neinar óþarfa hreyfingar, hver sekúnda sem vélin hreyfist á að vera nýtt. Menn þurfa að geta sýnt leikni á margs konar vélar, beltagröfur, frámokstursgröfur, hjólaskóflur, jarðýtur og skotbómulyftara svo eitthvað sé nefnt. Á stærri vélunum þarf að nýta hverja skóflu og ná réttri hleðslu á bílana. Á minni vélunum snýst þetta meira um leikni," segir Ólafur sem vílar ekki fyrir sér að tína upp golfkúlur með afturskóflunni á traktorsgröfu, en hann sló einmitt Evrópumeistarann út í þeirri grein. Ólafur hlaut enga sérstaka þjálfun fyrir keppnina en í öðrum löndum tíðkast að menn séu þjálfaðir upp. „Ég fór þetta bara á reynslunni og hafði ekki einu sinni snert sumar þessara véla áður. En þetta er í blóðinu," segir hann hlæjandi. „Það sést yfirleit á fyrstu vikunni hvort menn hafa eitthvað á vinnuvélar að gera yfirleitt."

Aðspurður viðurkennir Ólafur að vera dellukarl. „Ég get ekki neitað því, þetta verður hálfgerð della. Ég náttúrlega vinn við þetta og má ekki sjá nýjar vélar án þess að fá að klifra upp í og prófa hvernig þær virka. Jú," segir hann og hlær. „Umræðan í matar- og kaffitímum vélamanna ganga mikið út á vélarnar þeirra. Það er svo margt sem menn eru að upplifa, allskonar atvik og bilanir og menn verða að ræða þetta allt sundur og saman."

Heli býður rafmagnslyftara frá einu tonni upp í þrjú tonn til kaups og dísillyftara frá tveimur tonnum upp í tíu tonn.

VERÐMÚRINN ROFINN

Bræðurnir Ormsson flytja inn ódýra lyftara frá Kína undir merkinu HELI.

Með þessum lyfturum breytist landslagið á þessum markaði því lyftararnir kosta í mörgum tilvikum aðeins um það bil tvo þriðju af verði hefðbundinna lyftara. Í fyrstu var eingöngu um 2,5 tonna rafmagnslyftara að ræða en nú hafa bæst við dísillyftarar, pallettutjakkar með og án rafkeyrslu og staflarar.

Pétursey í Vestmannaeyjum keypti á síðast ári tvo rafmagnslyftara og þar eru menn hinir ánægðustu. Bræðurnir Hörður og Hallgrímur eru hluthafar í Pétursey og segja að lyftararnir standi fyllilega undir væntingum, séu liprir og þægilegir í notkun. „Þeir standa sig vel í því blauta og viðkvæma umhverfi sem þeir eru notaðir í," segja þeir.

Heli býður rafmagnslyftara frá einu tonni upp í þrjú tonn og dísillyftara frá tveimur tonnum upp í tíu tonn til kaups. Boðið er upp á sérstakar varnir fyrir fiskvinnslu; gúmmímótora undir og yfir mótora, tölvubúnað og aðra viðkvæma hluti. Einnig eru settar framrúður á lyftarana auk þess sem bremsur eru sérstaklega varðar. Þótt Heli lyftararnir séu augljóslega klárir í bátana við hinar ýmsu aðstæður, þá eru þeir ekki síður á heimavelli í vöruhúsum og lagerum af ýmsum stærðum og gerðum.

Af Bræðrunum Ormsson og lyfturum er svo einnig í frásögur færandi, að Clark riðstraums-lyftararnir landsþekktu eru að vakna aftur af stuttum en værum blundi og eru væntanlegir til landsins með vorinu.

Fjölnota TÆKI sem hentar VÍÐA

Sturlaugur Jónsson & Co ehf. fagnar 80 ára afmæli á þessu ári.

Þeir flytja meðal annars inn MultiOne, sem er liðstýrt tæki í þremur mismunandi stærðum.

Í gegnum tíðina hefur fyrirtækið verslað með ýmislegt, allt frá Nivea-kremi til flókinna véla svo sem prentvéla og disilvéla. Undanfarin ár hefur fyrirtækið flutt inn ýmsar vélar og sinnt þjónustu fyrir útgerðir skipa en í ljósi þess að fiskiskipaflotinn hefur farið minnkandi á undanförnum árum, var tekin ákvörðun um að auka við stafsemi fyrirtækisins í öðrum greinum. Meðal annars var hafinn innflutningur á dráttarvélum frá ítalska framleiðandanum Landini og fjölnota tæki, MultiOne, einnig frá ítölskum framleiðanda, CSF.

MultiOne er liðstýrt tæki sem er í þremur mismunandi stærðum, 23 hestafla, 32, hestafla og 50 hestafla vélar. Á þessar vélar er hægt að setja allt að 50 mismunandi tæki. Skóflur ýmiskonar, heygreypar, lyftaragaffla, sláttuvélar, vélar til að leggja asfalt, gröfur og fleira. Tækið er vökvaknúið (glussadrifið) með drifi á öllum hjólum (4x4). Þá er á tækinu skotbómulyfta og tækið er öflugt og traust. Vélarnar henta til margra nota, meðal annars í bæjarfélögum og bændur nota þær mikið, verktakar í byggingariðnaði, og einnig í garðyrkju.

Þessi útvíkkun starfseminnar hjá Sturlaugi Jónssyni hefur gefist vel og stafsemin aukist til muna og er á áætlun að auka enn frekar við sambærilega þjónustu hjá fyrirtækinu. Í dag starfa sjö manns hjá fyrirtækinu og það hefur meðal annars umboð fyrir ABB-túrbínur í skip, dísilvélar, hita- og þrýstimæla frá Sika og Wika.

KÖRFUBÍLL

Á myndinni er stærsti körfubíll á Íslandi. hann nær upp í 36 metra hæð, en bíllinn er í vinnu við Nordica hótel á Suðurlandsbraut. Bíllin er í eigu fyrirtækisins Tæki.is sem sérhæfir sig í körfubílum og vinnulyftum ásamt því að vera með mörg önnur tæki til leigu.

NÝJUNGAR Á DÖFINNI

Bílasalan Hraun er komin með nýtt umboð fyrir skotbómulyftara frá Ítalíu.

Bílasalan Hraun hefur verið leiðandi í sölu á notuðum vörubílum og vinnuvélum á Íslandi. Hraun hefur á boðstólum ýmsar tegundir vinnuvéla að sögn Rafns Guðjónssonar, annars eigenda Hrauns. „Helstu nýjungar má kannski telja Fliegl gámagrindur, vélavagna og malarvagna frá Þýskalandi sem hafa notið mikilla vinsælda á markaðnum. Meðal annars sem við erum með í sölu eru Amco-Veba bílkranar frá Ítalíu, allar tegundir af gúmmíbeltum og allt í undirvagna á stærri vélum og Gazelle flokka- og sendibíla.“ Þó er ekki allt talið enn því Rafn á von á ýmsum nýjungum á næstunni. „Við erum komnir með nýtt umboð fyrir skotbómulyftara frá Ítalíu, alhliða tæki sem notað er til að hlaða í alla flutningabíla, byggingavinnu og þeim til glöggvunar sem ekki átta sig alveg á því hvernig tæki þetta er þá er eiginlega hægt að kalla þetta lítinn bílkrana,“ segir Rafn og hlakkar til að kynna þessa nýjung fyrir Íslendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Helstu nýjungar má kannski telja Fliegl gámagrindur, vélavagna og malarvagna frá Þýskalandi sem hafa notið mikilla vinsælda á markaðnum,“ segir Rafn Guðjónsson.



Sérðu atvinnutækið
sem þig langar í?

Talaðu við sérfræðing!

Glitnir er sérfræðingur í fjármögnun atvinnutækja. Rétt val á fjármögnun getur skipt miklu um heildarkostnað við fjárfestingu. Glitnir býður fjórar ólíkar leiðir við fjármögnun atvinnutækja. Umsóknir eru afgreiddar á skjótan hátt þegar nauðsynleg gögn liggja fyrir.

Hafðu samband við ráðgjafa Glitnis eða kíktu á **www.glitnir.is** og fáðu aðstoð við að velja þá fjármögnunarleið sem hentar best.

Glitnir – traustur samstarfsaðili í fjármögnun atvinnutækja.

Kirkjusandi 155 Reykjavík glitnir.is Sími 440 4400

Glitnir – hluti af Íslandsbanka

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR SIGFÚSSON

Bjarni keypti sér aflmikla gröfu í haust til að standast átökin við snjóinn.

DREYMDI FYRIR SNJÓAVETRI OG KEYPTI GRÖFU

Bjarni Pálsson, gröfumaður á Blönduósi, vaknar fyrir allar aldir þegar þörf er að ýta snjó af bílastæðum bæjarins. Hann hefur haft mikið að gera í vetur.

„Ég veðjaði um stærstu koníaksflösku sem til væri í ríkinu við einn vinnufélaga minn um að þetta yrði mesti snjóavetur síðan 1995. Mig dreymdi fyrir því á síðasta sumri og sá draumur er að rætast enda er félaginn orðinn ansi daufur," segir Bjarni hlæjandi en heldur áfram ögn alvarlegri: „Ég vissi að það yrði mikill snjór og því keypti ég mér splunkunýja vél, Caterpillar-traktorsgröfu 442 d. Þetta er 110 hestafla vél sem hefur staðið sig rosalega vel."

Bjarni byrjar að moka kl. 3.30–4 á morgnana enda með marga fasta kúnna. „Ég byrja alltaf við bakaríið því bakararnir vakna svo snemma. Svo held ég út í mjólkurstöð, hreinsa við bankana, barnaskólaplanið og allt í kringum sjúkrahúsið, Olís og pósthúsið. Ég verð að vera búinn að þessu fyrir hádegi. En ég moka ekki ef það er kolvitlaust veður."

Það orð fer af Bjarna að hann sé laginn með tæki. „Hann gæti kveikt á elspspýtu með gröfunni ef með þyrfti," segir einn sem þekkir vel til. Bjarni kveðst hafa verið í gröfubransanum síðan 1968 og á Caterpillar frá 1989. Þetta er sú fjórða í röðinni. En hvernig skyldi snjóadraumurinn hafa verið. „Mig dreymdi rosalegan skafl hér í gamla bænum, sem hefur ekki komið síðan 1995 og ég sagði við sjálfan mig. Það þýðir ekkert annað en ná í stóru skóflunna. Svo dreymdi mig líka ofboðslega mikið af hvítum heyrúllum. Nú er þetta allt að skýrast."

BUBBI BYGGIR SIGRAR HEIMINN

Tekst þeim það? Ég held nú það!

Bubbi byggir hefur farið sigurför um heiminn allt frá því hann kom fram á sjónarsviðið á BBC í apríl 1999. Bubbi er verktaki og býr á byggingarsvæði ásamt vinnuvélunum sínum Skófla skurðgröfu, Moka jarðýtu, Hringlu steypuhrærivél, Lofta krana og Valta valtara. Þar starfa líka skrifstofumaðurinn Selma og kötturinn Snotra. Það vekur athygli að vélarnar tala en ekki dýrin. Bubbi og vélarnar vinna saman í sátt og samlyndi, bera virðingu hvert fyrir öðru og lenda í ýmsum ævintýrum við störf sín sem eðli málsins samkvæmt felast í því að byggja og laga. Hver vinnuvél hefur sinn persónuleika sem tengist gerð þeirra og eðli, þannig er skurðgrafan framtakssöm, kraninn utan við sig, valtarinn traustur og áreiðanlegur og steypuhrærivélin kát og klappar stundum saman framhjólunum af æsingi. Leiðarstef í gegnum þáttinn er alltaf spurningin „Tekst þeim það?“ og þeim tekst það alltaf með góðri samvinnu og framtakssemi. Vélarnar hans Bubba byggis eru stórar og sterkar en hafa samt persónuleika og rödd sem gerir þær vinalegar og áhugaverðar. Fyrir fullorðna sem oft þurfa nauðugir viljugir að fylgjast með barnaefni er samband Bubba og Selmu í stöðugri þróun en á milli þeirra er greinileg rómantísk spenna. Umfram allt er þó markmiðið með þáttunum að byggja upp jákvæð lífsviðhorf hjá börnum svo sem að lausnin sé alltaf nærri ef hugrekki, iðjusemi og heiðarleiki eru höfð að leiðarljósi og það sé alltaf hægt að læra eitthvað nýtt. Og spurningin er: Tekst þeim það? Ég held nú það!!



FRÁ VINSTRI: Bubbi og Skófli að störfum. Valti valtari með besta vin sinn, fuglinn, á þakinu. Vélarnar hans Bubba eru geðþekkar og alltaf til í slaginn.

Opinberar FRAMKVÆMDIR ársins

Upplýsingafundur 28.1. um það sem er á döfinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

Fundur um opinberar framkvæmdir ársins 2005 verður haldinn 28. janúar á Grand-hóteli í Reykjavík. Það eru Samtök iðnaðarins og Félag vinnuvélaeigenda sem efna til hans en slíkir fundir hafa verið haldnir í byrjun árs um nokkurra ára skeið og verið vel sóttir. Þarna mæta fulltrúar frá ríki og stórum sveitarfélögum eins og Reykjavíkurborg, Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ að kynna þau verk sem á að hefja framkvæmdir við á árinu. Einnig mæta byggingaverktakar og vélainnflytjendur, auk fulltrúa verkfræðistofa og jarðvinnufyrirtækja og spá í spilin að sögn Eyjólfs Bjarnasonar, byggingatæknifræðings hjá Samtökum iðnaðarins. „Hluti af þessum verkum verða væntanlega boðin út á fyrri hluta ársins, stærstur hlutinn á tímabilinu apríl-júní en svo dreifist þetta,“ segir hann og bætir við.“ Þarna sést svolítið hvernig árið muni þróast.“

Við UFSARVEITU

FRÉTTABLAÐIÐ/RAGNAR LEIFUR

Arnarfell vinnur nótt og dag að borun ganga sem eiga að veita vatni inn í göngin sem liggja frá Kárahnjúkum í væntanlegt raforkuver í Fljótsdal. Notaður er tölvustýrður bor sem þarf stöðugt vatnsrennsli til að skola út úr berginu þegar hann er að störfum. Uppi á bakkanum er viðgerðarverkstæði, geymslur og kaffiskúr.

JÖTUNN VÉLAR ehf.

Austurvegi 69 - 800 Selfoss - Sími 4 800 400

Veffang: jotunn.is

VALTRA

MASSEY FERGUSON

Bigab krókvagnar
* Krókvagn og sturtuvagn í einu tæki
* Margar stærðir og búnaður í boði

Engcon Rotortilt
* 45° skekking - endalaus snúningur og hraðlás í einu tæki.
* Fáanlegt á flestar gröfur



Schäffer liðléttingur
* Breidd frá 89 cm
* Afl, 26 hestöfl og stærri
* Mikil lyftigeta og lyftihæð

Scanvogn vinnuskúrar
* Fjölbreyttar útfærslur: s.s. salerni - kynding - eldhús o.fl.

Gerni háþrýstidælur
* Áratuga reynsla á Íslandi
* Margar stærðir
* Verð frá kr. 7.997 m.vsk.



Expander liðboltar
* Lausnin fyrir slitna liði
* Passar beint í aflagaðar festingar

FLJÓT, GÓÐ & EINFÖLD ÞJÓNUSTA

Fyrirtækið Kraftvélar er með Komatsu-umboðið á Íslandi og rekur einnig öfluga leigustarfsemi fyrir fyrirtæki og einstaklinga auk þess sem það selur bæði notaðar og nýjar vinnuvélar.

„Grundvallaruppistaðan í flotanum okkar eru vélar í jarðvinnustarfsemi eins og gröfur, hjólagröfur og stórir trukkar. Við leigjum sem sagt út mikið af stórvirkum vinnuvélum. Síðan erum við einnig með vélar í byggingariðnað eins og bómulyftur, skæralyftur og skotbómulyftur sem henta vel í byggingar. Í þriðja lagi erum við með garðáhöld. Einstaklingar eru oft að vinna í garðinum og þurfa að nota litla vagna á beltum, mini-gröfur og sláttuorf og við sköffum það," segir Árni Sigurðsson, sölu- og markaðsstjóri Kraftvélaleigunnar. „Við leigjum einnig vélar til verktaka sem fá tiltekið verk og eiga ákveðinn flota. Stundum passar flotinn ekki við verkin sem þeir fá og þá vantar aukatæki. Þá leigjum við þeim vélar. Á síðasta ári leigðum við til dæmis mikið af efnisflutningatrukkum þannig að við leggjum metnað okkar í að leysa þarfir hvers og eins, hvort sem það eru einstaklingar eða fyrirtæki," segir Árni en leigutími á vélunum er mismunandi.

Árni segir mjög einfalt fyrir fólk að finna það verkfæri sem vantar. „Viðskiptavinurinn fer á heimasíðu okkar, kraftvelaleigan.is, og finnur það sem hann þarf en á vefsíðunni eru myndir, verð og upplýsingar um allt sem við höfum upp á að bjóða. Síðan kemur hann til okkar þegar hann hefur fundið sitt tæki og gengur frá greiðslunni. Sama er um stóru tækin fyrir verktakann. Þau eru öll skráð á netinu og netsíðan er afskaplega aðgengileg. Við erum með bíl á staðnum sem getur flutt tækin og einnig leigjum við út litla kerru fyrir fólk sem er með krók á bílnum til að flytja minni tækin. Þetta er því allsherjarþjónusta," segir Árni. Litlu leigutækin eru ekki tryggð en ef þau valda einhverju tjóni þá verður leigutaki að greiða það rétt eins og með bílaleigubíla. Stóru tækin eru hins vegar tryggð með kaskó-tryggingu og sjálfsábyrgðin á þeim er 160 þúsund krónur sem leigutaki þarf að greiða ef tækið skemmist.

Höfuðumboð Kraftvéla er Komatsu og á vefsíðunni komatsu.is er hægt að finna allar þær vinnuvélar sem eru til sölu, bæði notaðar og nýjar. Fyrirtækið rekur einnig rekstrarleigu þar sem það eru með stóra samninga við fyrirtæki á borð við Vífilfell og Eimskip og leigja fyrirtækjunum vélar fyrir visst verð og sjá síðan um allt viðhald sem þarf.

Nú hefur framkvæmdum um land allt fjölgað á síðastliðnum árum og Kraftvélar fara ekki varhluta af því. „Síðasta ár var það besta í sögu fyrirtækisins. Árið á undan var líka mjög gott en á síðasta ári var gífurlegur vöxtur í almennu leigunni og rekstrarleigunni. Og mér heyrist á öllum í bransanum að árið í ár verði svipað," segir Árni að lokum."

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árni er bjartsýnn fyrir árið 2005 enda var 2004 algjör gósentíð fyrir jarðvinnugeirann.

MultiOne vinnuvélar

- fjölnota smávélar sem margfalda afköstin!

STURLAUGUR JÓNSSON & CO 80 ára 1925 - 2005

MULTI ONE

Heilsusamleg og þægileg hönnun
Sætið er þægilegt og líkamsstaðan við stjórntækin er rétt. Sætið er bólstrað og gefur góðan stuðning og stjórntæki vel staðsett.

Gott útsýni
Þar sem sætið er hæðsti punktur vélarinnar gefst gott útsýni allan hringinn.

Mismunandi afl
Vélaraflið er frá 20 til 50 hestöfl fyrir díselolíu.

Lengjanleg bóma
Bómuna má lengja með „telescopic" tækni í yfir 4 metra (GT).

Stiglaus kraftur
Með fullkomnu vökvakerfi og hátækni er aflið til tengitækjanna stjórnanlegt eins og notandinn telur henta hverju sinni.

Mikill hreyfanleiki
Tækið er mjög meðfærilegt, liðstýrt, þ.e. beygir um miðjuna sem gerir S, SL og GT vélarnar liprar og einfaldar í notkun.

Fjórhjóladrifin og dugleg
Frábært vökvaknúið Danfoss drifkerfi og mikið tog gerir það að verkum að vélin getur unnið við erfiðar aðstæður og á viðkvæmu yfirborði.

Öflug
Vélin lyftir 650 - 1.100 kg. þyngd, enda knúinn öflugri vökvadælu sem tryggir hámarksafköst við allar aðstæður.

Aukahlutir
Mikið úrval er af tengitækjum sem henta öllum helstu verkefnum sem vinna þarf. Vélin og öll tengitæki eru hönnuð til að fljótlegt sé að skipta á milli, sem tekur einungis nokkrar sekúndur.

hausverk

Eigum MultiOne vinnuvélar til afgreiðslu strax.

Sturlaugur Jónsson & Co ehf.

- Fiskislóð 26
- Sími: 551 4680
- www.sturlaugur.is

Flutningur á TÆKJUM

Stöðugt þarf að vera að færa vinnuvélar milli landshluta og vinnusvæða. Þá koma treilerarnir að góðum notum. Hér er verið að undirbúa flutning gröfu. Myndirnar eru teknar á virkjanasvæðinu á Vestur-Öræfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RAGNAR LEIFUR

Það er vandaverk að keyra tækið upp á pallinn og betra að fara að öllu með gát.

Hér er þyngdarpunkturinn kominn á réttan stað.

Nú er bara eftir að ganga frá nokkrum atriðum í gegnum símann.

ÖFLUGUR SMÁKRANI

Fyrirtækið Hreinsun og ráðgjöf ehf. leigir út og hefur umboð fyrir smákrana sem henta vel þar sem aðgengi er takmarkað eða vinnusvæði lítið.

„Þetta er eini kraninn á landinu af þessari stærð," segir Erlingur Snær Erlingsson eigandi fyrirtækisins Hreinsun og ráðgjöf sem leigir út Unic-smákrana sem er tæpir 3 metrar á lengd, 60 cm á breidd og 130 cm á hæðina, með rúmlega 9 metra bómu. „Kraninn er samanpakkaður, en þegar ég er kominn með hann í stöðu get ég skotið út bómunni um 9 metra. Hann lyftir allt að 2.9 tonnum í 1.4 metra fjarlægð, en venjulega er verið að vera lyfta frá 200 kílóum upp í 1000 kíló," segir Erlingur Snær og bætir við að einn helsti kosturinn við kranann sé að auðveldlega er hægt að keyra hann í gegnum hurðarop og keyra hann innan dyra. „Með einum takka breyti ég svo eldsneytisnotkuninni, þegar inn er komið, úr bensíni í própangas þannig að útblásturinn er mun vistvænni," segir hann brosandi.

Kraninn hentar í margskonar óhefðbundnar hífingar sem erfitt hefur verið að framkvæma hingað til eins og að lyfta þungum glerjum innandyra eða hífa stálbita og ýmisskonar vélar að sögn Erlings Snæs. „Undantekningarlaust hafa mínir viðskiptavinir verið ánægðir með getu og hæfni tækisins," segir hann og tekur fram að mikla óþarfa vinnu sé hægt að spara með því að nota kranann. „Ég hífði upp stálburðargrind á vegg í nýju sundlaugina í Laugardal sem tók um þrjá tíma. Annars hefur slíkt verk yfirleitt tekið um 3 daga, því sökum þyngdar hefur þurft að smíða grindina á staðnum," segir Erlingur Snær. Mörg spennandi verkefni eru framundan hjá honum og áhugasamir geta fræðst frekar um kranann og skoðað myndir af verkefnum á vefsíðunni **smakranar.is**.

„Kraninn hentar í margskonar óhefðbundnar hífingar sem erfitt hefur verið að framkvæma hingað til, eins og að lyfta þungum glerjum innandyra eða hífa stálbita," segir Erlingur Snær Erlingsson.

trítilóð tæki}

Vinnuvélar eru flottar. Þær eru öflugar og töff og maðurinn við stýrið hefur valdið meðan hann stjórnar tækinu. Vinnuvélar koma líka vel út í kvikmyndum, sérstaklega þegar um hasarmyndir er að ræða, háa tónlist og bandbrjálað illmenni.

Einn frægasti valtari í bíómynd er í **A Fish Called Wanda** þegar Ken, leikinn af Michael Palin, valtar yfir Otto, leikinn af Kevin Kline. Ástæðan er einföld – Kevin gleypti fræga fiskinn hans Ken og drap hann þar af leiðandi og hann þarf að gjalda fyrir það. Ekki beint mikið hasaratriði en fyndið er það og því geta vinnuvélar alveg verið fyndnar líka.

Í **Die Hard III** leikur Jeremy Irons illmennið og hryðjuverkamanninn Simon Gruber sem hinn geðþekki John McClane, leikinn af Bruce Willis, þarf að berjast við. Í aðalráninu í myndinni er notast við ansi marga og stóra vörubíla sem magna upp illskuna í Simon og félögum.

Og þegar talað er um vörubíla þá má ekki gleyma **Terminator-myndunum,** hvort sem það er I, II, III. Í hverri einustu mynd er að finna einhvern rosalegan trukk sem þjónar alltaf sínum tilgangi í að drepa vélmenni eða bjarga fólki. Þannig að trukkar eru ekki alslæmir heldur geta bjargað ýmsu á ögurstundu.

Í kvikmyndinni **Aliens** er að finna ansi nútímalega vinnuvél. Ellen Ripley, leikin af Sigourney Weaver, fer inn í tryllitækið sem býr yfir fjórum örmum eins og mannvera. Ripley nær að stjórna örmunum af mikilli list og berst hatrammri baráttu við geimveruna sem virðist elta hana þangað til hún deyr.

NÝ ÖLD
AFBRAGÐSLAUSNA
ER RUNNIN UPP

Ný lína Komatsu af **Dash 7 belta- og hjólagröfum** og **stuttum Dash 2 gröfum** er nú til í heild og býður upp á lausn fyrir framkvæmdir af öllum gerðum og stærðum. Gröfur fyrir námur, jarðvegsflutninga, bæjarverk, niðurrif, lengdir og hæðir, þrengsli og efnisflutinga, og meira að segja sérsniðnar lausnir. Hver grafa er gerð með afl, nákvæmni, þægindi, auðveldan flutning og viðhald í huga. Kíktu inn hjá Kraftvélum til að fá afbragðslausn fyrir þig!

KRAFTVÉLAR

KOMATSU
TEKUR FORYSTUNA

KRAFTVÉLAR EHF, Dalvegur 6-8, 201 Kópavogur, Sími 535 3500, Fax 535 3501, **www.komatsu.is**

VÉLAVERKSTÆÐIÐ KISTUFELL
TANGARHÖFÐA 13
SÍMI 577 1313 • kistufell@centrum.is

Vélaverkstæðið Kistufell býður upp á stimpla og slífar í flestar gerðir véla frá hinum þekkta framleiðanda Mahle. Mahle er orginal í t.d. Benz, BMW, Porsche, MAN og fleiri.

MAHLE

www.kistufell.com

VOGEL®

Smurkerfi

rotor
VÉLAMAÐURINN / RÓTOR EHF.
HELLUHRAUNI 4 HAFNAFIRÐI SÍMI 555 4900

MAN

MAN mest seldi vörubíllin á Íslandi árið 2004

Getum einnig útvegað HIAB bílkrana og SÖRLING palla á góðu verði.

KRAFTUR HF.

Vagnhöfða 1-3 / 110 Reykjavík / Sími 567 7100

Sigurður Ólafur Sigurðsson flytur inn þetta netta torfærutæki sem kemst nánast hvert sem er.

Torfærutækið verður að bát þegar það kemur út á vatnið.

Reynir Schiöth brunavörður og Kjartan Kolbeinsson brunavörður á torfærutækinu sem slökkviliðið á Akureyrarflugvelli hefur til afnota.

KLIFRAR KLETTA & SIGLIR Á VATNI

Fyrirtækið 360 gráður ehf. flytur inn torfærutæki sem kemst nánast hvert sem er, bæði á landi og sjó.

„Þetta er 8 hjóla torfærutæki með drifi á öllum hjólum sem kemst allt. Tækið getur flotið á vatni og klifrað upp mikinn bratta," segir Sigurður Ólafur Sigurðsson, eigandi fyrirtækisins sem flytur inn tækið.

„Tækið er aðallega hugsað fyrir hvern þann sem þarf á áreiðanlegu tæki að halda, en það getur til dæmist átt við verktaka, bændur og veitustofnanir," segir Sigurður sem er nú með í höndunum annað tækið sem kemur til landsins, en eitt tæki er þegar komið í umferð á flugvellinum á Akureyri. Mögulegt er að fá ýmsa aukahluti á tækið eins og veltigrind, blæju, framrúðu, spil að framan og snjóplóg, svo dæmi séu nefnd. Tækið er minni en venjulegur fólksbíll og kemur opið að ofan en hægt er að strengja blæju yfir. Auk þess er möguleiki á að fá gúmmíbelti utan um hjólin þannig að það lítur dálítið út eins og lítill skriðdreki.

„Sumir velta fyrir sér hvernig tækið beygir en maður bremsar bara niður aðra hliðina og eykur hraðann hinumegin. Þannig getur það beygt 360 gráður á punktinum," segir Sigurður.

Áhugasamir geta leitað sér frekari upplýsinga á vefsíðunni www.sigosig.com/argo.

HANN ER GRÍMMUR!
(EN MEÐFÆRILEGUR)

MANITOU MLT 633 TURBO INTERCOOLER
SKOTBÓMULYFTARI
(EINSTAKUR EIGINLEIKI)
LOAD SENSING!
SAMTÍMIS GLUSSAHREYFINGAR ÁN AUKINS SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR

FJÓRHJÓLADRIFINN
FJÓRHJÓLASTÝRÐUR
LYFTIGETA: 3.300 KG
LYFTIHÆÐ: 6.050 MM
GAFFLAR: 1.200 MM
VÉL: PERKINS TURBO
120 HESTÖFL

HUG OG HANDVERK

-VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA Í 40 ÁR -
- ÚRVAL NOTAÐRA RAFMAGNSLYFTARA Á LAGER -

ON PON
Pétur O Nikulásson ehf
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
S: 552 2650 & 552 0110 • Fax: 552 1588

Hér er hafist handa við borunina.

ÞETTA ERU FÍNAR GRÆJUR

Stór vinnuflokkur Arnarfells fæst við jarðgangagerð við Ufsarveitu sem er hluti virkjunarframkvæmdanna fyrir austan.

„Þetta gengur vel. Við erum komnir um 160 metra inn í bergið," segir Sigurbergur Konráðsson, verkstjóri hjá Arnarfelli, spurður hvernig framkvæmdir gangi við Ufsarveitu sem er í nágrenni Eyjabakka. Þann daginn er reyndar vitlaust veður en það láta menn ekki aftra sér frá vinnu við að setja upp steypustöð og ganga endanlega frá kaffistofu við aðalvinnusvæðið, auk þess að bora jarðgöngin sem er aðalverkefnið. Inni í þeim eru menn að sjálfsögðu varðir fyrir veðrum. Göngin eru fyrir vatn sem á að renna til nýja orkuversins í Fljótsdalnum og er Arnarfell fyrst íslenskra fyrirtækja til að taka að sér jarðgangagerð án aðstoðar erlendra aðila. Tækin sem tekin hafa verið í notkun í því skyni eru tölvustýrður bor af gerðinni Tamrock sem keyptur var frá Finnlandi og steypusprautuvél frá Sviss. „Þetta eru fínar græjur," segir Sigurbergur. „Við borum í stafninn, hlöðum sprengjum í holurnar, hreinsum út eftir spreningarnar og höldum áfram en steypusprautuvélin er notuð í þeim tilgangi að styrkja bergið eftir sprengingarnar," útskýrir hann fyrir fáfróðri blaðakonunni. Hann kveðst hafa umgengist svona tæki áður, meðal annars í Kárahnjúkum, þar sem hann var við gerð hjáveituganganna fyrir Jöklu.

Sigurbergur segist vera á áætlun með göngin nema hvað dregist hafi að fá framkvæmdaleyfi fyrir hluta verksins. „Við áttum að geta byrjað á báðum endum ganganna samtímis en það strandaði á leyfum. Nú eru þau komin og við bara fögnum því."

FRÉTTABLAÐIÐ/RAGNAR LEIFUR

Steypusprautuvél er notuð til að styrkja stálið eftir sprengingarnar.

trítilóð tæki}

Í **Maximum Overdrive**, kvikmynd eftir sögu Stephen King, segir frá þeim þrem dögum þegar jörðin fór í gegnum hala á dularfullri halastjörnu. Þessi halastjarna gerði það að verkum að allar vélar lifna við, fríka út og reyna að ráða niðurlögum mannkynsins. Trukkar brjálast og hraðbanki gefur fólki langt nef svo eitthvað sé nefnt og hópur fólks þarf að stöðva þessar bandbrjáluðu vélar. Magnað.

„Cop Killers", eða löggumorðingjar, heita kúlurnar sem vondi karlinn Jack Travis, leikinn af Stuart Wilson, notar til að drepa löggur í myndinni Lethal Weapon III. Hann er sjálfur spillt lögga en þessar löggukúlur hafa þann eiginleika að komast í gegnum skotheld vesti. Í einu atriða myndarinnar mætir Travis löggunum tveimur Riggs og Murtaugh, Mel Gibson og Danny Glover, og ætlar að drepa þá með beltagröfu og stórri skóflu. En það sem Travis veit ekki er að löggurnar hafa reddað sér „Cop Killers" kúlunum og ná að sjá við illmenninu. Og réttlætið sigrar enn á ný.

Það má ekki alveg gleyma fyndnu vinnuvélaatriðunum en þau eru ógleymanleg í **Austin Powers.** Austin sjálfur, leikinn af Mike Myers, byrjar á því að valta yfir öryggisvörð, mjög hægt, vægast sagt. Síðan festir hann sig karlinn, og reynir að bakka út úr þröngum aðstæðum sem gengur ekki sem skyldi.

Í kvikmyndinni **Convoy** er fylgst með eins konar uppreisn trukkanna. Rubber Duck, leikinn af Kris Kristofferson, leiðir þessa uppreisn þar sem vörubílstjórar í Bandaríkjunum mynda langa röð af trukkum til að hefna sín á ansi óliðlegum löggreglufor-ingja. Myndin er byggð á samnefndu kántrílagi eftir C.W. McCall. Kannski var hann mikill trukkamaður?



Andstæður

Hið fíngerða og hið grófgerða
Hið stóra og hið smáa
Fiðla og risabor

Þarfir atvinnulífsins eru mismunandi
það vitum við hjá Lýsingu.
Við sníðum fjármögnun í takt við Þínar Þarfir.

Hjörleifur Valsson fiðluleikari leikur á fiðlu sína ofan á einum af risabor Impregilo við Kárahnjúka.

Hvortveggja var fjármagnað af Lýsingu.

Hinrik Pétursson | www.mmedia.is/hip

LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Lýsing hf.
Suðurlandsbraut 22,
108 Reykjavík
Sími 540 1500
www.lysing.is

Dótturfyrirtæki | KB BANKI

Ford F 250 Lariad Diesel, árg 2002, einn með öllu. Gott verð. Litla Bílasalan 587 7777 og 898 2811.

Athugið get útvegað
Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

Gamall og góður
Til sölu Ford Escort árg. '92, 1 eigandi. Ekinn 105 þús. Negld snjódekk og góð sumardekk fylgja. Lítur mjög vel út. Verð 180.000.00 kr. stgr. Uppl. í s. 568 3015.

Suzuki Samurai 4x4 með palli og húsi árg '88, sko '05, frábær vinnubíll, selst á 70 þús. S. 861 7158.

0-250 þús.

Til sölu Nissan King cab árg. '91. Verð 200 þús. Uppl. í s. 897 6302 og 426 9500.

Volvo 460 2L. Árgerð '95. Ekinn 130 þús. CD. Ný vetrardekk. Verð 290 þús. Sími 696 8494.

Útsala Renault Clio árg. '95, sk. '06, fallegur og góður, ek. aðeins 130 þ. Fæst á 175 þ. stgr. S. 898 8625.

Blazer S10, breyttur fyrir 38" 305 vél Bronco hásingar no spin að aftan. Recaro stólar. S 845 8687.

Til sölu 5 stk bílar, Daihatsu Charade, '92, ek. 181 þ. Ný sk. V. 110 þ. Opel Astar STW, '95, ssk., ek. 132 þ. Sk. '06, v. 260 þ. Daewoo Lanos '01, ek. 56 þ. km. 3 d., 5 g. Tilboð 550 þ. Suzuki Vitara, árg. '91, ek. 180 þ. km. 5 d., sk. '05, v. 230 þ. WV Polo, disel, árg. '99, sk. '05, áhv. 240 þ. þarfnast lagfæringar, v. 350 þ. S. 691 4441.

Fjarstýrður bensínbíll og gsm sími til sölu. Uppl. í s. 844 0071.

Til sölu Volvo 940 GL station. árgerð 1991. Upplýsingar í síma 664 0370.

Toppeintak
Lancer árg. '90, ekinn aðeins 92 þús., sjálfskiptur. Verð 150 þús. Uppl. í síma 896 0399.

250-499 þús.

VW Polo '97, topplúga, CD, þjófavarnak., sk. '05. Verð 420 þús. Uppl. í s. 699 4240.

Nissan Sunny 1,4, árg. '95, ek. 103 þús., 5d., 5g., sk. '05. Verð 295 þús., stgr. Uppl. í s. 587 8333, á kvöldin.

VW Polo
Til sölu glæsilegur VW Polo árg. '96, ek. 71 þús. sjálfskiptur, verð 390 þús. Uppl í s. 698 0317.

Galant, árg '94, ek 210 þús, ssk, rafmagn í rúðum, topplúga , álfelgur. Verð 320 þús. Uppl. í s. 693 0557.

Daewoo Lanos '99 silfraður með skotti, sjálfskiptur, ekinn 70000. Fínn frúar bíl. Allar upplýsingar í síma 868 4989 og 565 2794.

Subaru greiðabíll '97, 6 sæta. Tek ódýrari bíl. Upp í. Sími 866 8533.

Toy. Carina E 93. 2L. sjálfsk. ek 180þ. Góður bíll. þarf að sk, um b-endastangir.V 399þ stg. Gsm 690 8084.

500-999 þús.

Til sölu Suzuki Baleno árg. '98, bsk., 5 gíra, ek. 127 þús. Verð 560 þús. Áhv. bílalán 361 þús. Afb. á mán. 24 þús. 16 afb. eftir. Bílasala Benna s. 577 2800.

1-2 milljónir

Dodge Caravan árg. '01, 7 manna. Verð 1.890 þús. Uppl. í síma 861 1020 & 861 9190.

VW Passat '02. Ekinn 65 þús., leður og sóllúga, abs og spólvörn. Áhv. lán. Ásett verð 2040 þús. Uppl. í s. 896 0360.

Bílar óskast

Óska eftir stórum amerískum pallbíl 3 til 6 manna. 4x4, bensín, í skiptum við Peugeot 306 '94. Ekinn 135 þús. Parfnast lagfæringar og skoðun. Uppl. í s. 693 9948.

Óska eftir bíl á 0-200 þ. helst ekki eldri en '93, má þarfnast lagfæringar. S. 659 9696.

Óska eftir bíl fyrir ca 15-60 þús. stgr. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

Jeppar

Dekurbíll!! Toyota Landcruiser 90 VX, árg. '98, ek. 133 þ. Diesel, sjálfskiptur. Uppl. í síma 895 0131.

MMC Pajero 09/'00, ssk, 3,2 dísel, ek. 106 þús. Innfluttur af umboði. Toppbíll. Verð 2,980 m. Áhv. Bílalán. Skipti á ódýrari. S. 820 4381 & 864 8338.

Vönduð pakkatilboð fyrir flesta jeppa. Jeppaplast.is Dvergshöfða 27. S. 868 0377.

Til sölu Ford Explorer árg. '92 skoðaður '05. Uppl. í s. 844 6570.

Toyota 4Runner '91, breyttur 38", er á 36" dekkjum. Uppl. í s. 893 4681.

Pallbílar

Dodge Dakota 4 dyra 10/'03. Tilboð 2,5 m. Sjá nánar á www.opex.is/dakota. Sími 820 8855.

Vörubílar

Til afgreiðslu strax. Alligator keðjur á dráttarbíla og vinnuvélar, einnig snjóplógar og sanddreifarar. Uppl. s. 587 6065.

Mótorhjól

Til sölu KTM 520 EXC, árg. 2001 og Yamaha PW80, bæði hjólin í toppstandi. Sími 664 3070.

Vélsleðar

Til sölu Skidoo Grand Touring árg. 1995. Rafstart, bakkgír, brúsagrind. Fallegur sleði á góðu verði. Verð 260.000. Uppl. í síma 660 7878.

Til sölu ný tveggja sleða opin kerra. Stærð 2,50 x 3,50 m. Verð 230 þús. Uppl. í síma 896 0399.

Óska eftir Yamaha Ectier, árg '84-'90, til niðurrifs. Uppl. í s. 897 4583.

Vinnuvélar

Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

Vélaborg

Nordic ljós fyrir vinnuvélar.
Lýstu upp skammdegið með Nordic vinnuvélaljósum, innbyggður dempari, þola mikinn hristing, hitna minna og lýsa betur. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is

Vélaborg

Snjókeðjur
Útvegum með stuttum fyrirvara snjókeðjur undir vinnuvélar. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu1, 603 Akureyri, sími 464 8600.

JÖTUNN VÉLAR ehf.

Gerni háþrýstidælur. Verð frá 7995 Jötunn Vélar ehf Austurvegi 69, Selfoss s.4800400 www.jotunn.is

ÞJÓNUSTA

Viltu kaupa bifreið beint frá Bandarikjunum ?
Við erum bandariskt útflutningsfyrirtæki sem býður þjónustu í að kaupa bifreiðar og flytja til Íslands hvaðan sem er í Bandarikjunum. Öháð tryggingafyrirtæki ábyrgjast öll kaup. Meðmæli frá íslenskum aðilum ertu til reiðu ef þess er óskað. Hafðu samband og fáið itarlegan upplýsingabækling. Vörubifreiðar, fólksbílar, þungavinnutæki og hvað sem hugurinn girnist.
International Ventures LLC, Suffolk, Virginia, USA.
Sími: 1-757-986-3800 Fax: 1-757-986-3801. E-mail: info@iceland.com
Meðlimur í Icelandic American Chamber of Commerce.
Skráð hjá Dun & Bradstreet

Er bíllinn of lágur?
Upphækkunarsett fyrir flestar gerðir bíla og jeppa.
HELLA

BÍLAR TIL SÖLU

BÍLASALAN HÖFÐA HÖLLIN
VOLVO V70 R AWD árg. '04, ek. 6 þús. km. 300 hö, sjálfsk., álfelgur, stillanleg fjöðrun, CD magasín og fl. og fl.
Verð 5490 þús. Ath skipti á ód.
Skoðaðu hann á www.hofdahollin.is

7 MANNA
Nissan Terrano árg '98 ekinn 118 þúsund, þjónustubók frá upphafi, 4 cyl., bensín, beinskiptur
Upplýsingar Sveinn 893-6337

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
Vagnhöfða 9 | www.hofdahollin.is

BMW X 5 árg. 2001, ek. 74 þús. km. Sjálfsk., heilsársd., álfelgur, dr. kúla, Cd, filmur og fl. Verð 5800 þ. Ath skipti á ód.

BMW X 5 SPORT árg. 2004, ek. 7 þús. km. Sjálfsk., CD, álfelgur, spoiler, kastarar, leður og fl. Verð 6700 þús.

CHERVOLET TRAILBLAZER LT, árg. 2002, ek. 104 þús. km. Sjálfsk., heilsársd., CD – magasín, þjófavörn, BOSE hljómkerfi. Verð 3200 þús. Ath skipti á ód.

CHEVROLET TAHOE LT, árg. 2001, ek. 25 þús. km. Sjálfsk., dr. kúla, heilsársd., álfelgur, filmur og fl. Verð 3400 þús. Ath skipti á ód.

DODGE RAM CLUB CAB, árg. 1997, ek. 170 þús. km. Sjálfsk., heilsársd., dr. kúla, kastarar, álfelgur og fl. Verð 1450 þús.

FORD EXPLORER 7 MANNA XLT 4.0, árg. 2002, ek. 86 þús. km. 7 manna, sjálfsk., CD, litað gler, 210 hö, álfelgur og fl. Verð 2790 þús.

FORD EXPLORER 7 MANNA XLT 4.0, árg. 2003, ek. 48 þús. km. Sjálfsk., álfelgur, diskalæsing, spoiler, CD magasín, þjófavörn og fl. ATH 7 manna. Verð 3490 þ. Ath skipti á ód.

FORD EXPLORER XLT 4,0, ek. 78 þús. km. Sjálfsk., dr. kúla, álfelgur, kastarar, leður, litað gler, þjófavörn og fl. Verð 1380 þús. Ath skipti á ód.

ISUZU TROOPER TDI, árg. 1999, ek. 125 þús. km. Dísel, 7 manna, heilsársd., dr. kúla, álfelgur, intercooler, litað gler og fl. Verð 1990 þús. Ath skipti á ód.

JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED, árg. 1996, ek. 200 þús. km. dr. kúla, álfelgur, litað gler, leður, 4 vetrardekk og fl. Verð 980 þús.

MMC MONTERO V6 3500, árg. 2001, ek. 89 þús. km. 7 manna, sjálfsk., CD, kastarar, þjófav. og fl. Verð 3380 þús. ATh skipti á ód./dý.

RANGE ROVER DSE DÍSEL, árg. 1999, ek. 130 þús. km. Dísel, sjálfsk., dr. kúla, filmur, intercooler, leður, heilsársd., litað gler og fl. Verð 2880 þús. Ath skipti á ód.

RANGER ROVER HSE 4,6, árg. 1997, ek. 119 þús. km. Sjálfsk., álfelgur, leður, dr. kúla, kastarar, loftpúðafjöðrun og fl. Verð 2090 þús. Ath skipti á ód.

SUZUKI GRAND VITARA EXSLUSIVE, árg. 2002, ek. 39 þús. km. Sjálfsk., dr. kúla, álfelgur, CD, litað gler, þjónustub., heilsársd. og fl. Verð 2280 þús.

SUZUKI GRAND VITARA XL7, árg. 2004, ek. 5 þús. km. Sjálfsk., heilsársd., álflegur, þjófav., þjónustubók og fl. Verð 2980 þús. Ath skipti á ód.

SUZUKI VITARA JLXI, árg. 1998, ek. 120 þús. km. 5 g., CD, álfelgur, upphækkaður, ný tímareim. Verð 790 þús.

SUZUKI VITARA JLXI, árg. 2000, ek. 46 þús. km. 5 gíra, álfelgur, CD, rafm. rúðum + speglum, fjórhjóldr. og fl. Verð 1170 þús. Ath skipti á ód.

FORD EXPLORER XLT 4.0, árg. 2004, ek. 30 þús. km. Sjálfsk., heilsársd., CD, kastarar, litað gler, þjófav., álfelgur og fl. Verð 3980 þús. Ath skipti á ód.

Leitaðu ekki lengra.
Erum með rétta bílinn fyrir þig!
Opið virka daga frá kl. 10:00-19:00
og laugardaga frá kl. 10:00-17:00
Vagnhöfða 9 | www.hofdahollin.is

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46 E • Kópavogi

Sími 567 1800
Finndu rétta bílinn • www.bilamarkadurinn.is

Toyota Corolla Station, árg. 2002. Ek. 38 þús km, sjálfsk., rafm í rúðum og speglum, fjarst samlæs., cruise control, sumardekk á álf, vetrardekk á stál. Verð: 1650 þús. Engin skipti.

Honda Civic 1,6 VTi, árg. 11/'99, ek 96 þ. Gulur, topplúga, spoiler. Aðeins einn eigandi(fæddur 55). Gott viðhald. Bíll í mjög góðu ásikomulagi. Verð 890 þ.

Toyota Yaris T-Sport, árg. 04/02, ek. 59 þ. Grár, álfegur, vetrardekk á stálfelgum, spoilerkitt, CD, rafmagn í rúðum +speglum. Sportinnrétting, Virkilega sprækur sparibaukur. Áhvílandi 830 þ. Tilboð yfirtaka og 300 þ.

Toyota 4Runner 38" 199. Ekinn 175 þús. rafmagnslæsing að aftan, gps tæki, cb talstöð, 100 lítra aukatankur, BF kastari á þakinu, 2.5" opið pústur. Ný ground hawk microskorin dekk. Verð 990 þús.

Dodge Stratus 2,4, 06/04 ek:4 þús. Grár.Topplúga,16"krómfelgur,Hraðastillir,Loftkæling,ABS,AIR BAG ofl.ofl.ofl. Flottur bíll.Nánast nýr, Áhvílandi:1560 þ. Verð: 2790 þ.

Daihatsu Terios 4WD, árg. 6/'00, ek. 60 þ., blár, sjálfsk., dráttarkúla, álfelgur, rafm. rúður + spelgar, loftpúði, fjarstýrðar saml. Verð 850 þ.

Hyundai Starex 2.5 Turbo Diesel, 7 manna, ekinn 67 þús, álfelgur, dráttarkúla, rafmagn í rúðum og speglum. Verð: 1990 þús.

Mmc Galant ES 2,4. Árg. 06/'03, ek. 17 þ. blár, Spoiler, álfelgur, skigðar rúður, kastarar, fjarstýrðar samlæsingar, Geislaspilari, Air Bag. Flottur Galant, Verð: 2390 þ.

Subaru Legacy Gl 2000 4x4, árg. 1996. Ekinn aðeins 57 þús km. Sumardekk á álf, vetrardekk á stál, spoiler, rafm. í rúðum og speglum. Verð: 890 þús. Engin skipti.


Chervolet suberban 6,5 Dísel, ek. 179 þ. mílur, árg. 1996. Rauður. dráttarkúla, filmur, húddhlíf, hiti í sætum,álfelgur, 8 manna. Gott eintak. Verð 1550 þ.

Mistubishi Galant 2,0 AVENCE, árg. 10/'02, ek:51 þ. Hvítur, leður, lúga, spoilerkitt, álfelgur, rafmagn í rúðum + speglum og sætum. Geisladiskamagasín, hraðastillir. Hrikalega flott eintak. Verð 1890 þ. Áhvílandi 1100 þ.

Ford Mondeo árg. 12/97, ek:101. Grænn, bsk., 5 gíra. Grænn. ABS, dráttarkúla, rafdrifnar rúður, speglar, geislaspilari, álfelgur, fjarstyrðar samlæsingar, Verð : 590 þ.

Jeep Grand Cherokke laredo, árg. 1995, ek. 140 þ. Grænn húddhlíf, rafm. í rúðum, speglum, fjarstýrðar samlæsingar. Verð 990 þ.

Honda Civic 1,8 VTi V-TEC, árg. 1998, ek. 151 þ. Víraður. spoilerkitt, spoiler ,rafmagn í rúðum og speglum, leður á slitflötum, Líknarbelgir, topplúga, CD. Verð:890 þ.

Toyota Landcruiser GX90. Árg. 9/98, ek; 160 þ. Blár. Er 38" breyttur,Er á 35" dekkjum, aukatankur, loftdæla, ný kúppling, allt gegnumtekið í bremsum,dráttarkúla,filmur, fjarstýrðar samlæsingar. Verð: 2500 þ.

Jeep Grand Cherokee Laredo, árg. 2004, ekinn 18 þús mílur, rafmagn í sætum, rúðum og speglum.Fallegur bíll. Verð 3350 þús. Áhvílandi 2800 þús.

Toyota Rav 4, árg. 05/98, ek. 60 þ. Grænn. álfegur, dráttarkúla, geislaspilari. Rafdrifnar rúður og speglar, geislaspilari, skygðar rúður, þakbogar. Verð 1550 þ.

Audi A4 1.8, árg. 1995, ekinn 162 þús. km. Sjálfskiptur, sumardekk á 17" álf, vetrardekk á stál, spoiler, fjarst samlæsingar. Verð 850 þús. Áhvílandi 450 þús.

Jeep Grand Cherokee Limited 1999. Ekinn 155 þús, infinity gold hljóðkerfi, leður, minni í sætum ofl ofl ofl. Verð 2450 þús. Jólatilboð 1890 þús.

Vw Golf 1.4 Basicline, árg. 1998, ek. 164 þús. km. En aðeins 64 þús. km. á vél, 17" álf + sumardekk, stál + vetrardekk, spoiler. Verð 690 þús. Áhvílandi 400 þús.

Góð sala!
Vantar bíla á skrá og á staðinn.
Opið virka daga kl. 10-19
Laugardaga kl. 10-17
Sunnudaga kl. 13-17

Finndu rétta bílinn
www.bilamarkadurinn.is

Bátar

HEIMAVÍK ehf
555 6090 • 892 865

Gráslepputnetin komin.
Blýteinar - flotteinar - færaefni - Felligarn - Þorskanet - línuábót - Beitusíld - beitusíld. Gott verð !

Nettilboð www.bataland.is Bátalend ehf., Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði. s. 5652680

Dregg dregg
Vantar dregg 25-30 kg. Uppl. í s. 854 2013.

Flug

FLUGSKÓLI ÍSLANDS

Næstu námskeið hjá Flugskóla Íslands hf.

MCC - hefst 31. janúar.
Airbus310/300-600 - hefst 1. febrúar.
FI(A) - hefst 1. mars.
B737 300-500 - hefst í byrjun mars.
FI(A) upprifjun - 1.-3. mars.
Nánari upplýsingar á www.flugskoli.is

Hjólbarðar

4 stk. dekk 285/75 16" á álf. á 20 þ. 4 stk. 38" dekk á álf. á 20 þ. 4 stk. 14" á Primeru felgum á 10 þ. S. 896 8568.

Varahlutir

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Bílapartar v/Rauðavatn, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opið virka daga frá 10-18.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

AB-VARAHLUTIR
Bílavarahlutir í flestar gerðir Evrópu og Asíubíla, t.d. boddíhlutir, ljós, kúplingar, stýrishlutir, bremsuhlutir, handbremsubarkar, vatnsdælur, öxulliðir og hosur ljóskastarar, tímareimar, viftureimar, spirnur, spindilkúlur. Og allir varahlutir fyrir Toyota. Eingöngu ný vara.
Opið frá 08.00-18.00 mánudaga-föstudaga.
Betri vara, betra verð.
Sími 567 6020.
Bíldshöfði 18

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Kia, Peugeot, Honda. S. 555 3560. Sendum á flutning.

Partasala Guðmundar Tangarhöfða 2, S. 587 8040. Erum að rífa Mözdu, MMC og Nissan frá árg. '88-'97. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Alternatorar-startarar
Viðgerðir-sala. Tökum þann gamla uppí. Vm/Rótor ehf., Helluhr. 4, s. 555 4900.

Jeppapartasala Þórðar, tangarhöfða 2, S. 587-5058. Sérhæfum okkur með varahluti í Japanska jeppa og Subaru.

Á varahluti í Charade '88/'93, Civic '91, Lancer Colt '92/'93, Galant '90, Corolla '92, Sunny '92, Micra '91, Swift '90, Subaru '90, Justy, L300 '90, Primera '93, Escort '88. Hyundai Coupe Turbo '93. Kaupi bíla. S. 896 8568.

Viðgerðir

Túrbínur, varahl. & viðg.þj. Vélaviðg., allar almennar viðgerðir. Sérpöntunarþj. Varahl. í flestar gerðir bíla og vinnuvéla. Túrbo ehf. s. 544 2004.

Bílaspr SMS Smiðshöfða 12, sprautun og réttingar vel unnið verk snögg. Þjónustu sími Magga er 868 8317.

KEYPT & SELT

Til sölu

Tilbúnir stigar og hringstigar með harðviðar þrepum og handlista. Handriðaefni í tré, smíðajárni og ryðfrítt stál, á lager. Stigalagerinn,Dalbrekku 26, s. 564 1890

ELSTA HJÁLPATÆKJAVERSLUN Á ÍSLANDI.
Í verslun okkar að Hverfisgötu eða á www.pen.is finnur þú landsins mesta úrval af hjálpatækjum ástarlífsins og fjölbreytt úrval video og DVD.
Allt af glænýtt efni daglega Video frá kr. 1.500 og DVD frá kr. 1.969!
Sendum í póstkröfu um land allt.
Mikið úrval
Gott verð!
erotica shop
Hverfisgata 82, v. Vitastíg.
Sími 511 6366. Opið: mán.-fös 12-21, lau. 12-18.
Alþjóðlegur vöruflutningur

Lofthreinsitækið sem allir eru að tala um!
Hreinsar loftið, eyðir lykt (t.d. matar- og reykingalykt) og drepur sýkla. Tækið er hljóðlaust, eyðir mjög litlu rafmagni (28W). Engir fílterar sem þarf að skipta um. Fæst hjá ECC Skúlagötu 17 S. 511 1001.

Mjög vel með farin Leica Minilux. Leðurhulstur fylgir. Verð 35.000 kr. Kostar ný 77.000. Uppl. í s. 660 2002.

Massíft bandarískt stálskrifborð með svartri plötu. Verð 10.000 kr. Uppl. í s. 660 2002

Til sölu fólks og vörulyfta. Buðargeta allt að 400 kg. Uppl í S. 893 1939 eða 895 9249.

Vegna búsetuflutnings erlendis er til sölu mjög vandað Chesterfield sófasett og Golf '95, ek 150 þús, nýsk. Gott verð. Fyrstur kemur fyrstur fær. Uppl. í s. 567 5177 og 894 1080.

Til sölu Ódýrt. Tölva, 2 sjónvörp, 4 stólar, skápur, eldavél og fleira. Uppl. í s. 866 6344 og 552 5665- Sesselja

Íssk. 145 cm m/sér frysti á 10 þ. 120 cm á 8 þ. Frystikista á 10 þ. Barnakerra á 3 þ. Þríhjól á 3 þ. Einnig varahlutir í ýmsa bíla. S. 896 8568.

EKKI KASTA
Play Station
Aðeins 650 kr.
GEISLADISKAVIÐGERÐIR
Við gerum við allar tegundir geisladiska
www.grensasvideo.is
Grensásvegi 24
S. 568 6835
Opið 14.00 - 23.30

Óskast keypt

Óska eftir stórum Pioneer útvarpsmagnara árg ca. '70-'80, má þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 698 1885.

Gott hlaupabretti óskast gegn staðgreiðslu. Uppl. í s. 660 2587.

Heimilistæki

Góður ísskápur óskast með bæði kæli og frysti. Ca. 186 cm á hæð. Uppl. í s. 534 2705 & 821 2705.

Hljómtæki

Nýr ónotaður Pioneer DEH-P3500MP geislaspilari í bílinn. Verð 20.000. Sími 694 8882.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Borgartúni 29, s. 552 7095.

Tölvur

Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.
Heimaþjónusta í hæðsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, S. 694 6161.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153. Frá kl 8-23.

Ódýrar tölvuviðgerðir!
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur, einnig píanóstillingar. Uppl. í s. 899 8894.

Til bygginga

Verslun

100% Verðvernd!!!!
Venus erotic store. Nýjar 6 tíma dvd myndir á 2.990. Spólur 1990. 3 á 5.000. Egg frá 990. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.

Fyrirtæki

Fiskvinnslufyrirtæki á höfuðborgarsv. til leigu eða sölu með tækjum og vinnsluleyfi. Uppl. í s. 824 0079.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46
Hreingerum: bönum, þrifum glugga og eftir iðnaðarmenn.
sjáum um flutningsþrif.
Þvegillinn, stofnað 1969, sími: 544 44 46

Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

Bókhald

Bókhald-skattframtöl-stofnun hlutafélaga KJARNI ehf sími 561 1212 GSM 891 7349.

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO- S. 861 8349.

Bókhald-Vsk. & launauppgjör, ársuppgjör, skattframtöl. Ódýr og góð þjónusta. Sími 692 6910.

Ráðgjöf

Kaflaskipti í fjármálum þínum?
Aðstoðum einstaklinga og minni fyrirtæki við endurskipulagningu fjármála og samninga við lögmenn, banka og aðra kröfuhafa. Einnig bjóðum við upp á stofnun einkahlutafélaga, bókhaldsþjónustu og skattskil.
Kaflaskipti ehf, Skipholti 5, sími 822 9670
kaflaskipti@rsg.is

Lækkið skattana með stofnun ehf. Tilvalið að byrja um áramót. Taxlaw s. 663 4141.

Málarar

Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð á flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Allskonar Flutningar. Er með meðalstóran sendibíl. 9 rúmmetrar. Flyt hvað sem er. Fagmennska og öryggi í fyrirrúmi. Geri föst verðtilboð sé þess óskað. Uppl. í síma 891 7585.

Húsaviðhald

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Múrvinna.
Flísalagnir, múrviðgerðir, almenn múrvinna, flotlagnir, múrklæðning. Fljót og góð þjónusta. Múrklæðning ehf. S. 848 2576.

Glerjun og gluggaviðgerðir !
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Alm. viðhald húsa, málun, múrun, flísa & parketlagnir og trésmíðavinna. Föst tilboð eða tímavinna. Sími 616 1569.

Stíflulosun

Stífluþjónustan ehf
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Röramyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

Tölvur

Tölvuviðgerðir
- Vírushreinsanir
- Uppfærslur
Start tölvuverslun,
Bæjarlind 1, Kópavogi.
Sími 544-2350, www.start.is

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. ATH Opið allan sólahringinn. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Sími 616 9153. Milli kl 8-23 alla daga vikunnar.

Ný lausn í heimasíðumálum! Einfaldari og þægilegri. Netvistun.is Sími 517 1944.

Hljóðfæri

Til sölu hnappa harmonikka 4ra kóra með sænskum gripum. Lítið notuð. Uppl. í s. 868 7294.

Spádómar

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Alspá 908-6440
Óhamingjusöm/samur? Óþarfi! Notaðu NLP. Einkatímar. 10-22 Y.Carlsson.

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spádómar og huglæg hjálp alla daga hjá Daddý í s. 846 6364. Alltaf þegar þér hentar.

Alspá 908-6440
Finn týnda muni. Andleg hjálp, Ráðgjöf, nýjar leiðir, NLP. Y. Carlsson.

Skemmtanir

Veisluþjónusta

Fermingaveislur
Eigum ennþá eftir nokkra lausa daga í sölunum okkar fyrir fermingaveislur. Kaffi Berg menningarmiðstöðinni í Gerðubergi. S. 691 6815 og 557 7194.

Rafvirkjun

Trésmíði

Byggingarverktaki
Með langa reynslu af byggingarstarfsemi, getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 897 7258.

Trésmíði
Tökum að okkur glugga og hurðasmíði ásamt ísetningu og einnig milliveggja uppsetningar. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 696 6686 Helgi, 863 3707 Jón og 892 8413 Sveinn.

Viðgerðir

PÍPULAGNIR
VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.
Nýlagnir/ breytingar
almennt viðhald.
Sími 897 6613.
Gísli Steingrímsson.
Löggiltur
pípulagningarmeistari.

Önnur þjónusta

Myndbandaþjónusta. CD-DVD-VHS-fjölföldun, tökur-klippingar-prentun á diska. o.m.f.l. Jenna film s. 896 3785.

Umboðssala
Viðskiptafr. tekur að sér að markaðssetja alla vöru og þjónustu. Umboðssalan ALLT sími 845 8870, for@for.is

HEILSA

Heilsuvörur

Missti 10 kg á 12 vk.Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 heilsuval@topdiet.is

Viltu léttast? Auka orku? ShapeWorks er lausnin. www.321.is s. 577 2777.

Frábær líðan.. Alveg síðan.. Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Ég;-12 kg/ 8 vikur. Þú;??? Allt er hægt með Herbalife!! Sigurborg, s. 865 8607.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

MCSA kerfisstjóranám 270 st á aðeins kr. 209.900. Hefst 7. feb. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is

Öflugt námskeið í íslensku fyrir útlendinga hefst 1. febr., 36 tímar á 9 vikum. Verð 14.000. Tækniháskóli Íslands, frumgreinadeild. www.thi.is s. 520 7400

Postulínsmálun
Ný námskeið eru að hefjast. Dag- og kvöldtímar. Aðeins 4 nemendur í einu. Nánari upplýsingar í síma 821 6016.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Útsala, útsala.
Á ekta Amerískum rúmum. Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Nýlegur borðstofuskápur til sölu v/flutninga. Selst ódýr. S. 698 7807.

Rúm til sölu. 2 Tempur dýnur með stillanlegum botnum, eins árs gamalt. Verð 180.000 (verð nýtt 300.000). Uppl. í síma 690 5817.

Gott 3+2+1 tau-sófasett og 3 lítil glerborð til sölu. Uppl. í síma 863 9491.

Til sölu vegna flutnings borðstofuborð og 6 stólar, skenkur og glerskápur. Allt í sama stíl úr beiki. Uppl. í s. 895 8016 eftir kl. 14.30.

Amerískt rúm, vel með farið, 4ra ára Springair Chiro, 135cm breitt. Verð 25. þús. S. 693 9317.

Til sölu sjónvarp, örbylgjuofn, sófi, rúm og gasgrill. Uppl. í síma 895 2576.

Antík

Forn kista. Verður til sýnis að Ásvallagötu 65, kl. 17-19 (bjalla Ólöf).

Forn söðull. Til sýnis að Ásvallagötu 65, miðvikudag kl. 17-19 (bjalla Ólöf).

Húsgagnaviðgerðir

Ertu að fara að flísaleggja? Hef mikla reynslu og get tekið að mér verkefni. Upplýsingar í síma 843 0117.

Heimilistæki

Til sölu Electrolux kæli/frystiskápur 175/60/60/ kr. 15.000-, Toshiba örbylgjuofn kr. 5.000-. Sími 892 7333.

Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

Barnagæsla

Barnagæsla á Seltjarnarnesi. Vegna forfalla dagmóður óskum við eftir áreiðanlegri manneskju til þess að gæta 1 1/2 árs gamals drengs á Seltjarnarnesi, og eftir atvikum 5 ára systur hans, í a.m.k. 5 tíma fyrri part dags. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af barnagæslu og geti byrjað sem fyrst. Um er ræða 4-5 vikna tímabil. Áhugasamir hafi samband eftir kl. 18 í gsm 860 2320.

Barnavörur

50% afsláttur af öllum vörum. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 og Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

Dýrahald

Rúm fyrir litla hvolpinn. Dýrabær Hlíðasmára 9, Kóp.op.mán-fös.13-18 lau.11-15

Hundaræktin í Dalsmynni auglýsir
Hvolpar að smáhundakyni
til sölu. Uppl. í s. 566 8417.

30% Vetrarafsláttur !
Allar gæludýravörur og fóður með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

3 kassavanir kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 869 1978.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Ferð fyrir vinahópa
"Í víngarði Frankens" Litlir hópar - lifandi ferðir. Ferðaskrifstofan Ísafold, s. 544 8866. Sjá nánar: www.isafoldtravel.is

Fyrir veiðimenn

www.sportvorugerdin.is

Hestamennska

Hestaklippur
Hestamenn nú er rétti tíminn til að raka undan faxi. Eigum hágæða LISTER rafmagnsklippur með hleðslurafhlöðu og 220 voltra. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 860

HLJÓÐFÆRI

Í hesthúsið !
Drenmotturnar í hesthúsið komnar aftur, stærð: 75cm x 100cm x 5,5cm. Verð: kr. 5.980. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600

Tek að mér járningar, er lærður frá Danmörku. Vönduð og góð vinnubrögð. Uppl. í s. 849 9139.

Þristur frá Feti. Aðalfundur hlutafélagsins um Þrist verður haldinn nk. laugardag 29. jan. kl. 14 í reiðhöll Gusts í Kópavogi, neðri hæð. Venjuleg aðalfundarstörf o.fl. á dagskrá. Hluthafar eru hvattir til að mæta. Stjórnin.

Íslenska fjölskyldu í Noregi vantar nú þegar aðstoð við tamningu og þjálfun hesta, ásamt störf því tengdu. Um er að ræða 3 mán. Sími 0047 41120410, post@fagbygg.no

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leiguliðar. Akranes nýjar íbúðir; 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir. Til afhendingar í Febrúar. S. 517 3440.- www.leigulidar.is

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi á svæði 109 til leigu, fullbúið húsgögnum. Allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, Stöð 2 og Sýn. Uppl. í síma 698 3211.

Falleg 33 fm stúdíóíb. til leigu á sv. 110. Sérinng. Fyrirfram greiðsla og tryggingarv. Laus strax. S. 856 1178.

Til leigu 90 fm 4ra h. íbúð í Sóltúni, leiga 80 þús., laus 1. feb. Uppl. í síma 581 3264 eftir kl. 19.

Herb. til leigu í 3ja herb. íbúð á Laugavegi, verður í leigu í 11 mán., m. húsg. S. 616 8008.

Til leigu 2ja herbergja íbúð í vesturbænum. Mjög góð staðsetning. Uppl. í s. 551 2907.

Svæði 101, 3 herb., íbúð, 76 fm. Laus strax. Uppl. í s. 896 6061.

Húsnæði óskast

Hjón með barn óska eftir 2-3 herb. íbúð. Greiðslugeta 40-50 þús. Upplýsingar í síma 868 4989 Kristín.

Hjón með 2 börn óska eftir 4ra herb. eða stærri íbúð til leigu á höfuðborgarsv. Langtímaleiga. 100% skilvísi og góð meðmæli. Uppl. í s. 565 7412 og 698 1885.

Fimmtugur öryggisvörður óskar eftir herb. til leigu. Sem næst Smáralind. Uppl. í s. 846 4774.

Óska eftir að leiga 3ja-4ra herbergja íbúð í Kópavogi, gjarnan í vesturbænum í rólegu umhverfi. Er með fjárhagslega góðan bakgrunn. Sími 660 6590.

3 mæðgur sárvantar 3 herb. íbúð í Selásherfi frá 1. mars. Reyklaus og reglusöm. S. 699 1237.

Geymsluhúsnæði

Vantar geymsluherbergi eða upph. bílskúr. S. 698 7807.

Gisting

Íbúð til leigu í Barcelona og Menorka. Sími 899 5863.

ATVINNA

Atvinna í boði

Starfsfólk óskast
Kjúklingastaðurinn Suðurveri óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu. Ekki yngri en 18 ára.
Uppl. í s. 553 8890, milli kl. 14 og 17.

Veisluþjónustan Skútan auglýsir
Óskum eftir starfskrafti í almenn eldhústörf frá kl 9-15.
Upplýsingar veitir Sigurpáll á staðnum eftir hádegi og í sima 555-1810

Starfskraftur óskast í afgreiðslustarf í matvöruverslun í miðbænum. Uppl. í s. 553 4791 eftir kl. 19.

Óska eftir verkamönnum til starfa á Reykjavíkursv. Inni- og útivinna í boði. Uppl. í s. 893 3959 Elías og 893 6469 Sverrir.

Óskum eftir morgunhressri og duglegri manneskju í pantanir og tiltekt vinnutími frá 4 á morgnana unnið 2 vikur og frí eina. Flott starf og fín laun. Umsóknir berist á kornid.is eða á skrifstofu í Kópavogi milli kl 11 og 13.

Viltu vinna með hressu fólki á skemmtilegum vinnustað? Þá erum við að leita að þér. Okkur vantar starfsmann í vaktavinnu sem er jákvæður, hress og skemmtilegur. 18 ára aldur er skilyrði. Hlöllabátar Bíldshöfða. Upplýsingar á staðnum og í síma 892 9846.

Stýrimann vantar á togbát frá Sandgerði. Uppl. í s. 852 1064.

Vantar starfsmann í fiskvinnslu hjá Þorbirni Fiskanesi hf, í Grindavík. Æskilegt að viðkomandi sé með lyftararéttindi. Uppl. í s. 420 4419, Halldór.

Starfskraft vantar á Bílasölu í símsvörun og fleira. Ekki yngri en 25 ára. Áhugsamir sendi upplýsingar á aa@internet.is

Culiacan Mexikóskur vetingastaður í Faxafeni, óskar eftir duglegu fólki í kvöldvinnu. Sækið um á staðnum.

Veitingahúsið Hornið
óskar eftir þjónustufólki, faglærðu eða ófaglærðu með reynslu í kvöld- og helgarvinnu. Upplýsingar á staðnum eða í síma 551 3340. Veitingahúsið Hornið Hafnarstræti 15, www.hornid.is

Aukavinna uppgrip
Við getum bætt við okkur fólki í símasölu 2-5 kvöld í viku. Skemmtilegur vinnustaður, góðir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 511 4501. Ístal ehf.

Atvinna óskast

27 ára karlmaður óskar eftir plássi á sjó, hef unnið við uppskipun. Uppl. í síma 698 1745 & 551 4419.

23 ára heimavinnandi húsmóðir óskar eftir starfi við kvöldræstingar. Er vön og vandvirk. Upplýsingar í síma 868 4989, Kristín.

TILKYNNINGAR

Einkamál

birta
» FASTUR
» PUNKTUR

BYLTING Á FASEIGNAMARKAÐI
55% FLEIRI LESENDUR

Í nýrri Gallup könnun sem gerð var í október kemur fram að blaðið hefur náð yfirburða stöðu á markaðinum og lestur á blaðið aukist mjög síðan í síðustu stóru könnun Gallup í mars.



Það er ekki dýrara að auglýsa í fasteignablaði FB þrátt fyrir að blaðið nái til helmingi fleiri landsmanna en keppinauturinn.

Er fasteignin þín auglýst á réttum stað?

FRÉTTABLAÐIÐ

Ertu að leita að góðum starfsmanni?

Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja sérblöð bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

En hverjir fá blöðin?

Við leituðum svara í fjölmiðla- og neyslukönnunum Gallups. Fjölmiðlakannanir Gallups eru gerðar í samvinnu við alla stærstu miðla landsins, Samtök auglýsenda og Samtök íslenskra auglýsingastofa, og eru viðurkenndar af þeim sem eina rétta aðferðin til að bera saman fjölmiðlanotkun landsmanna. Kannanirnar eru kynntar á heimasíðu Gallups sem niðurstöður en ekki túlkun.

Nokkrar niðurstöður:

1) Í árlegri neyslukönnun Gallups frá því í vor kemur í ljós að 95% heimila í Reykjavík og í nágrannasveitarfélögunum fá Fréttablaðið heim til sín á morgnana, sem þýðir að 95% þeirra sem eru í atvinnuleit fá atvinnublað Fréttablaðsins heim til sín á sunnudögum. 43% heimila á sama svæði fá bara Fréttablaðið en ekki Morgunblaðið á morgnana.

2) Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups í október síðastliðnum eru 48% heimila með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 52% þeirra sem eru á aldrinum 12-80 ára í atvinnuleit þurfa að fara út í búð og ná sér í Moggann ef þeir vilja skoða atvinnublaðið sem honum fylgir.

3) Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups í október síðastliðnum búa 72% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára á heimilum sem ekki eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 72% landsmanna á aldrinum 20-40 ára sem eru í atvinnuleit ára þurfa að fara út í búð ef þeir vilja skoða atvinnublað Morgunblaðsins á sunnudögum. Samkvæmt neyslukönnuninni fá 95% sama hóps Fréttablaðið heim til sín á hverjum morgni.

4) Ungt fólk er í langflestum tilfellum markhópur atvinnuauglýsinga og svona les það sunnudagsblöðin, samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups í október síðastliðnum:

Lestur sunnudagsblaða, allir	18-34 ára	20-40 ára	18-49 ára
Sunnudagsblað Fréttablaðsins	60,1%	60,3%	63,4%
Sunnudagsblað Morgunblaðsins	32,5%	35,5%	42,9%
Styrkur Fbl. umfram Mbl.	**84,9%**	**69,6%**	**47,9%**
Lestur sunnudagsblaða, konur	**18-34 ára**	**20-40 ára**	**18-49 ára**
Sunnudagsblað Fréttablaðsins	61,4%	60,1%	62,0%
Sunnudagsblað Morgunblaðsins	28,4%	31,6%	41,1%
Styrkur Fbl. umfram Mbl.	**116,5%**	**90,0%**	**51,0%**

65% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins né heldur 72% kvenna undir 35 ára aldri, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.

Tvær spurningar:
Hversu sennilegt er að fólk í atvinnuleit lesi ekki atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu (95% þeirra fá blaðið)?

Er ekki kominn tími til að laga birtingar á atvinnuauglýsingum að nýjum veruleika á blaðamarkaði eins og öll stærstu fyrirtækin í landinu hafa gert með sínar venjubundnu auglýsingar?

FRÍTT VERÐMAT FASTEIGNA!

VEGNA MIKILLA BREYTINGA Á FASTEIGNAMARKAÐI UNDANFARIÐ HAFA FLESTAR EIGNIR HÆKKAÐ MIKIÐ Í VERÐI Á SKÖMMUM TÍMA.
EF ÞÚ ERT Í SÖLUHUGLEIÐINGUM, HAFÐU ÞÁ SAMBAND OG LÁTTU VERÐMETA ÞÍNA EIGN FRÍTT.

HRINGDU NÚNA Í SÍMA 820 0589

Tryggvi Þór Tryggvason
GSM: 820-0589
E-mail: tryggvi@remax.is

RE/MAX Mjódd
Guðmundur Þórðarson lögg. fasteignasali

Næturvinna

Vegna forfalla vantar okkur fólk í vinnu. Góð laun í boði. Pósthúsið, sími 5858330

Pósthúsið óskar eftir nátthröfnum í vinnu

**Góð laun í boði fyrir duglegt fólk.
Upplýsingar í síma 5858330**

pósthúsið

HÚSIÐ
FYRIRTÆKJASALA
- heilshugar um þinn hag -

Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson · viðskiptafræðingur
Símar 513-4319 & 821-2577 · ingvaldur@husid.is

FYRIRTÆKI TIL SÖLU

Myndbandaleiga og sjoppa í góðum rekstri og eigin húsnæði á frábærum stað.

Hreingerningarfyrirtæki með fasta viðskiptavini, góður rekstur fyrir vinnusamar hendur.

Steinsmiðja með góða veltu og ágætis framlegð. 4-6 starfsmenn.

Sólbaðsstofa á stað sem gefur mikla möguleika á viðbótarrekstri.

Veitingarrekstur sem starfað hefur við góðan orðstýr frá upphafi.

Góður hverfispöbb í eigin húsnæði, þekkt nafn og auðveld kaup fyrir áhugasama.

Járnsmíðaverkstæði á uppleið, mjög góð leið fyrir vinnusaman og laghentan járnsmið sem hefur áhuga á að starfa á eigin forsendum.

Fyrirtæki með plastvinnu, kjörin viðbót við annað sambærilegt fyrirtæki.

Þau fyrirtæki sem hér eru talin eru eingöngu sýnishorn af því sem í boði er. Ef þú ert alvarlega að spá í fyrirtækjarekstri gefðu þér þá tíma til að ræða við okkur. Við munum hjálpa þér að komast á leiðarenda í þeim hugleiðingum sem þú ert í.

Ávallt er gætt fyllsta trúnaðar í meðferð þeirra mála sem til okkar koma

heilsa o.fl.

Á ÞRIÐJUDÖGUM
- **Auglýsingasíminn er 550 5000**

auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins -

tíska o.fl. FÖSTUDAGUR

- **Smáauglýsingasíminn er 550 5000**
- **auglysingar@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

**Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir...
...heldur líka um fólk**

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

ESKIVELLIR 5

Nýtt fjölb. - Lyftuhús 24 íbúðir

- Nýkomnar glæsilegar nýjar íbúðir.
- Um er að ræða 2-5 herb íbúðir stærð 77,7 fm. - 128,1 fm.
- Íbúðirnar afhendast í des 2005 fullbúnar án gólfefna, nema baðherbergi og þvottahús verða flísalögð.
- Vandaðar innréttingar og tæki.
- Góð staðsetning í barnvænu hverfi.
- Teikningar á Mbl.is
- Traustir verktakar
- Allar nánari uppl. veita sölumenn Hraunhamars.

2ja herb. Verð frá 14,0 millj.
3ja herb. Verð frá 16,1 millj.
4ra herb. Verð frá 20,0 millj. m/bílskýli
5 herb. Verð frá 22,0 millj. m/bílskýli

Magnús Emilsson - löggiltur fasteignasali

Kópavogsbær

Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

A. Tillaga að breyttu aðalskipulagi.
Vatnsendi – Suðursvæði. Þing.
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Breytingin nær til Suðursvæðisins í Vatnsenda – Þinga. Nánar tiltekið afmarkast skipulagssvæðið, sem er um 37 ha að flatarmáli, af Vatnsendavegi og byggð við Fagrahvarf til norðurs, Elliðahvammsvegi til austurs, vatnsverndarmörkum í Vatnsendahlíð til suðurs og hesthúsahverfinu í Heimsenda, fyrirhugaðri íbúðarbyggð og miðhverfi við Vinda- og Vallakór til vesturs. Í tillögunni felst að lega fyrirhugaðrar tengibrautar, sem liggur til suðurs frá Vatnsendavegi, er breytt, jafnframt er gert ráð fyrir göngubrú eða undirgöng þveri þann veg. Fyrirhugað íbúðarsvæði mun stækka til norðurs og vesturs og koma í stað opinna svæða og um miðbik svæðisins er gert ráð fyrir opnum svæðum í stað íbúðarsvæðis. Svæði fyrir þjónustustofnanir (leikskóla og íbúðir/hjúkrunar-heimili/öryggisíbúðir og þjónustumiðstöð fyrir aldraða) færist til suðurs.
Miðað er við að um 265 nýjar íbúðir rísi á svæðinu, að viðbættum um 140 íbúðum í tengslum við þjónustu aldraðra, um 80 hjúkrunaríbúðum, um 60 vistrýmum í hjúkrunarheimili og um 20 öryggisíbúðum. Þéttleiki byggðar í Þingum er áætlaður um 11 íbúðir á ha (400 íbúðir / 37ha). Skipulagssvæðið í Þingum er hluti af núverandi og fyrirhugaðri byggð í Vatnsenda (Hvörf) og á Hörðuvöllum (Kórar) og verður ýmis þjónusta á svæðinu sameiginleg með henni.
Göngu- og reiðleiðir breytast mismikið. Mörk vatnsverndar eru óbreytt. Aðalskipulagsuppdrátturinn er í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð og er hann dags. í desember 2004. Nánar vísast til kynningargagna.

B. Vatnsendi – Suðursvæði. Þing.
Tillaga að deiliskipulagi.
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Suðursvæðis Vatnsenda – Þinga. Nánar tiltekið afmarkast skipulagssvæðið af Vatnsendavegi og byggð við Fagrahvarf til norðurs, Elliðahvammsvegi til austurs, vatnsverndarmörkum í Vatnsendahlíð til suðurs og hesthúsahverfinu í Heimsenda, fyrirhugaðri íbúðarbyggð og miðhverfi við Vinda- og Vallakór til vesturs. Á deiliskipulagssvæðinu sem er 32.5 ha að flatarmáli mun rísa 1-2 hæða blönduð íbúðarbyggð fyrir um 265 íbúðir. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð og skilmálum dags. 13. desember 2004 og breytt 13. janúar 2005. Í greinargerð er m.a gerð grein fyrir forsendum og markmiðum skipulagsins, lýsing á landi og áhrifum byggðar á umhverfið. Þá er m.a. fyrirhugaðri byggð lýst ásamt aðkomu að svæðinu, umferð, gönguleiðum, reiðleiðum og opnum svæðum. Nánar vísast til kynningargagna.

C. Vatnsendi – Suðursvæði. Þing. Byggð Hrafnistu og Húsvirkis hf.
Tillaga að deiliskipulagi.
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að byggð Hrafnistu og Húsvirkis hf. í Þingum Vatnsenda. Nánar tiltekið afmarkast skipulagssvæðið í norður og austur af fyrirhugaðri íbúðarbyggð í Þingum, vatnsverndarmörkum í Vatnsendahlíð til suðurs og af hesthúsahverfinu í Heimsenda til vesturs. Á deiliskipulagssvæðinu, sem er 4.5 ha að flatarmáli, er ráðgert að rísi 80 hjúkrunaríbúðir í fjórum 2 hæða húsum tengdum þjónustumiðstöð, 60 vistrýmum og 20 öryggisíbúðum í tveimur 4 hæða húsum og 140 íbúðum í fimm 4 hæða fjölbýlishúsum. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð dags. 30. nóvember 2004. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreinar tillögur verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 28. janúar til 28. febrúar 2005. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 15. mars 2005. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - Sími 550 4600 - Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is - Heimasíða: www.ver.is

Endurmenntunarnámskeið fyrir ökumenn sem flytja hættulegan farm

Samkvæmt reglugerð nr. 984/2000 um flutning á hættulegum farmi er gildistími starfsþjálfunarvottorðs ökumanns (ADR-skírteinis) sem annast flutning á hættulegum farmi 5 ár. Heimilt er að framlengja gildistíma vottorðsins um fimm ár í senn hafi handhafi þess á síðustu tólf mánuðum og ekki síðar en þrem mánuðum eftir að gildistími vottorðsins rann út lokið endurmenntunarnámskeiði og staðist próf í lok þess.
Fyrirhugað er að halda eftirfarandi endurmenntunarnámskeið sem hér segir:

Reykjavík:
Grunnnámskeið (stykkjavöruflutningur fyrir utan geislavirk og sprengifim efni): 4. febrúar 2005.
Egilsstöðum:
Grunnnámskeið (stykkjavöruflutningur fyrir utan geislavirk og sprengifim efni): 17. febrúar 2005.
Flutningur í tönkum: 18. febrúar 2005.
Flutningur á sprengifimum farmi 19. febrúar 2005.
Reykjavík:
Grunnnámskeið (stykkjavöruflutningur fyrir utan geislavirk og sprengifim efni): 9. mars 2005.
Flutningur í tönkum: 10. mars 2005.
Flutningur á sprengifimum farmi 11. mars 2005.
Akureyri:
Grunnnámskeið (stykkjavöruflutningur fyrir utan geislavirk og sprengifim efni): 27. maí 2005.
Flutningur í tönkum: 28. maí 2005.
Reykjavík:
Grunnnámskeið (stykkjavöruflutningur fyrir utan geislavirk og sprengifim efni): 23. júní 2005.
Flutningur í tönkum: 24. júní 2005.

Til að að endurnýja réttindi fyrir flutninga á hættulegum farmi í tönkum verður viðkomandi að hafa gild réttindi fyrir stykkjavöruflutninga (grunnnámskeið).

Skráning og nánari upplýsingar hjá skrifstofu Vinnueftirlitsins í Reykjavík, Bíldshöfða 16, sími 550 4600, umdæmisskrifstofu Vinnueftirlitsins á Akureyri, Skipagötu 14, sími 460 6800 og umdæmisskrifstofu Vinnueftirlitsins á Egilsstöðum, Kaupvangi 6, sími: 471 1636.

Fyrirtæki í ferðaiðnaði leitar að vefstjóra

í fullt starf til að hafa umsjón með öflugri starfsemi fyrirtækisins á Internetinu. Um er að ræða mjög þekkt fyrirtæki í örum vexti sem er leiðandi á sínu sviði og er Internetið ein aðalsöluleið þess. Fyrirtækið rekur einn best sótta vef landsins og er leiðandi í rafrænum viðskiptum. Starfið krefst mikilla samskipta við erlenda aðila og kallar á nokkur ferðalög erlendis.

Starfslýsing:
- Umsjón með öllum vefjum félagsins.
- Utanumhald á tengisölu og ábyrgð á hámörkun tekna af Internetinu.
- Samskipti við samstarfsaðila um sölu á Internetinu.
- Samskipti við erlendar sölusíður.
- Alþjóðleg auglýsingamál á Internetinu.
- Utanumhald um aðkeypta tækni, hönnunar- og forritunarvinnu.
- Ritstjórn og textavinnsla á síður félagsins.
- Hönnun á vefborðum og önnur einföld grafísk vinna.
- Umsjón með Netklúbbi félagsins.

Menntun og reynsla:
- Gott vald á ensku og íslensku í rituðu og töluðu máli.
- Hæfni til að skrifa texta.
- Þekking á helstu vefstjórnunarkerfum.
- Góð þekking á html og helstu tækniatriðum tengdum Internetinu.
- Mentun á sviði netmála er kostur.

Umsóknir sendist til Fréttablaðsins merktar „Vefstjóri" á box@frettabladid.is. Umsóknarfrestur rennur út 01. 02. 2005.

Óskum að ráða til starfa:

Trésmiði

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7
og í síma 530 2700
á skrifstofutíma kl. 8:15 - 17
www.istak.is

ÍSTAK

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

Fólk í fiskvinnslu

Vantar fólk í fiskvinnslu í Hafnarfirði.
Upplýsingar í síma 845-5141 og 897-0447
eftir klukkan 13 á daginn.

Glímufélagið Ármann óskar eftir að ráða umsjónamann

fyrir íþróttahús félagsins við Sóltún, uppl. gefur Örlygur í síma 6635513
holt@btnet.is

Er forsætisráðherra ekki lengur til?

UMRÆÐAN
ÍRAKSMÁLIÐ

HELGI HJÖRVAR
ALÞINGISMAÐUR

Þegar ég var strákur var Löður vinsæl sápuópera og háð um þær um leið. Karlpersóna í Löðri hét að mig minnir Burt, a.m.k. væri það viðeigandi nafn miðað við íslenska merkingu orðsins. Sá trúði því að ef hann sveiflaði höndunum og smellti fingrum hyrfi hann burt. Hentugur eiginleiki á neyðarlegustu stundum lífsins, en gallinn bara sá að hann sást nú samt. Huliðshjúpurinn dugði þannig ekki betur en nýju fötin keisarans.

Síðustu misseri höfum við fylgst með skelfilegum afleiðingum ofmats formanna stjórnarflokkanna á eigin persónu. Þeir töldu sig vorið 2003 einfæra um að gera okkur öll ábyrg fyrir því blóðbaði sem innrásin í Írak er. Miklir menn vorum við og réðum lífi eða dauða. En íslenska þjóðin er ekki haldin valdhroka og vildi enga aðild eiga að þessu ólögmæta árásarstríði.

Hinn nýi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hrekst nú undan þeim vindum sem hann sjálfur blés, með innan við 5% fylgi í eigin kjördæmi og á harðahlaupum undan spurningum fjölmiðla. Í stað þess að játa mistök sín, biðjast afsökunar og axla ábyrgð berst hann um á hæl og hnakka við sjálfan sig. Nú væri gott að vera ósýnilegur. Og líkt og Burt forðum segir hann í nauðvörn að listinn yfir hinar viljugu þjóðir sé ekki lengur til! Þ.e.a.s. að ákvarðanir hans sjálfs séu ekki lengur til. Á hið sama þá við um ráðherrann sjálfan? Er stefna ríkisstjórnarinnar í Íraksmálinu ekki lengur til? Hvarf hún bara „hókus pókus“ burt?

Af svipuðu raunsæi segir Davíð Oddsson að friður ríki í 795 af 800 byggðum Íraks og Bush að leiðangrinum sé lokið (e. mission accomplished).

Stríðinu í Írak er því miður ekki lokið og listi hinna viljugu þjóða verður alltaf til þó Ísland geti afturkallað stuðning sinn. En í Írak er fullt af fólki sem er ekki lengur til og úr því verður ekki bætt. Á því berum við Íslendingar fulla ábyrgð.

Til að forðast að í framtíðinni verðum við aftur gerð ábyrg fyrir óhæfuverkum af einum eða tveimur valdsmönnum þurfum við að setja stjórnvöldum skýrari mörk. Höfundar stjórnarskrárinnar hafa ekki látið sér til hugar koma að herlaust land yrði aðili að stríði með þessum hætti og kváðu því ekki á um það. Með félögum mínum í þingflokki Samfylkingarinnar legg ég nú til við Alþingi að bætt verði við 21. gr. stjórnarskrárinnar ákvæðum sem banna aðild að eða stuðning við stríð nema með samþykki meirihluta Alþingis. Þó stjórnarflokkana skorti dug til að axla ábyrgð á ákvörðun Davíðs og Halldórs og telja hana hafa horfið er óskandi að fólk úr öllum flokkum sjái nauðsyn þess að kveða skýrt á um hvernig lýðræðislega eigi að taka svona ákvörðun. Hin vonda ákvörðun, hvernig að henni var staðið og þær deilur sem þetta skapaði hafa rýrt traust fólks á forystumönnum sínum og orðið þjóðinni til minnkunar. ■

AF NETINU

Auglýsingin í New York Times

Eiríkur Tómasson, lagaprófessor, lýsti svo þeirri skoðun sinni í viðtali við Stöð 2 á laugardag að Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson hefðu verið í fullum lögformlegum rétti með að lýsa yfir stuðningi Íslands við innrásina í Írak og hefðu ekki þurft að gera það í samráði við Alþingi. Maður spyr sig því óhjákvæmilega að því hvers vegna forsvarsmenn hinnar svokallaðrar Þjóðarhreyfingar hafi ekki verið búnir að vinna heimavinnuna sína sem skyldi í þessum efnum. Þess í stað var bara vaðið af stað með látum og kastað til höndunum í samræmi við það á kostnað annarra. Ekki vildi ég vera einn af þeim sem greiddi fyrir þennan brandara í The New York Times. En það er þeirra mál sem það gerðu.

Mánudagspósturinn á ihald.is

Hið nýja risaveldi

Allt frá því að sagnfræðingurinn Þúkýdídes útskýrði orsakir Pelópsskagastríðsins milli Aþenu og Spörtu fyrir rúmlega 2400 árum, hafa menn litið til nýs risaveldis með óvissu og kvíða. Þúkýdídes benti á þær væntingar sem mynduðust um að stríð væri óumflýjanlegt: „Hinn almenna skoðun var að hvað svo sem yrði gert, þá myndi stríð við Peloponnese vera óhjákvæmilegt.“ Það sem gerði stríðið óhjákvæmilegt, að mati Þúkýdídes, var vöxtur aþenska borgríkisins og sá ótti sem hann olli hjá Spartverjum – þeir gátu ekki hugsað sér að hafa svo öflugt ríki í bakgarðinum.

Hörður Ægisson á deiglan.com

Leikreglur séu skýrar

Leikreglur samfélagsins þurfa að vera almennar og skýrar. Lagaramminn getur aldrei náð til allra tilvika. Því er mikilvægt að hér á landi séu ekki settar strangari reglur á viðskiptalífið. Hægt er að treysta umgjörð stjórnarhátta fyrirtækja án þess að slíkt komi niður á nauðsynlegum sveigjanleika í rekstri og stjórnun, eins og lagasetning óneitanlega gerir. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sem Verslunarráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöllin Íslands gáfu út í fyrra, hafa t.a.m. stuðlað að opinni umræðu um hlutverk stjórna og bætt innviði stjórnarhátta. Hvað varðar þátt kvenna í stjórnum fyrirtækja er mikilvægt að hluthafar átti sig á miklum kostum þess að hafa bæði kynin í stjórnum fyrirtækja, þar sem stjórnir samsettar af konum og körlum eru líklegri til að starfa betur.

Sigþrúður Ármann á sus.is

Einhverjar reglur betri en engar

Það hlýtur að mega gera kröfur til flokka sem öllu vilja ráða, helst án þess að þjóðin hafi nokkuð um það að segja nema í alþingiskosningum á fjögurra ára fresti. Er ekki eðlilegt að þeir hafi samráð um að opinbera fjárreiður íslenskra flokka að meira marki en nú er eða reisa skorður við því hvað fyrirtæki og einstaklingar geta lagt til þeirra mikið fé? Sumir stjórnarsinnar bera því við að farið verði á svig við slíkar reglur en eru það gild mótrök? Á þá ekki sama við um mörg lög frá Alþingi? Væru ekki einhverjar reglur betri en engar þegar kemur að fjárreiðum stjórnmálaflokka? Eða er til of mikils mælst?

Einar Sigmarsson á politik.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.597 **+0,91%** **Fjöldi viðskipta:** 276 **Velta:** 3.014 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Actavis	4,12%	**Tryggingamiðstöðin**	-2,27%
KB banki	1,98%	**Bakkavör**	-1,58%
HB Grandi	0,64%	**Síminn**	-1,23%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 43,00 +4,12% ... Atorka 5,76 – ... Bakkavör 24,90 -1,58% ... Burðarás 12,50 -0,40% ... Flugleiðir 12,10 -0,82% ... Íslandsbanki 11,35 -0,44% ... KB banki 490,50 +1,98% ... Kögun 47,00 +0,43% ... Landsbankinn 12,70 – ... Marel 53,60 +0,37% ... Medcare 5,85 -0,85% ... Og fjarskipti 3,37 -0,59% ... Samherji 11,30 – ... Straumur 10,05 -0,99% ... Össur 81,50 -0,61%

viðskipti
vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Peningaskápurinn…

Kynþokkafullt bankapar

Það kom mörgum landsmönnum á óvart þegar út spurðist að Frosti Reyr Rúnarsson verðbréfamiðlari hjá KB banka hefði verið valinn kynþokkafyllsti karlmaður landsins á Rás 2. Kynþokki Frosta virðist þó hafa verið á allra vörum innan bankanna því starfsmenn þeirra voru duglegir að leggja kosningabaráttunni lið. Með kjöri Frosta þykir sýnt að bankamenn séu leikurum, sjónvarpsstjörnum og íþróttahetjum engir eftirbátar hvað sexappíl áhrærir og nú kemur vart annað til greina hjá íslenskum bankamönnum en að halda áfram á sömu braut. Nú þegar eru farnar að heyrast raddir um hver verði fulltrúi bankageirans í kjöri á kynþokkafyllstu konu Íslands en það vill svo vel til að unnusta Frosta, Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, starfar í greiningardeild Landsbankans og þykir síst eiga minna erindi í kjörið en unnustinn ómótstæðilegi.

Framhaldið hjá Flugleiðum

Vangaveltur eru á markaðnum um hvað sú ákvörðun Sigurðar Helgasonar að hætta sem forstjóri Flugleiða muni hafa í för með sér. Fyrst er að telja að menn velta því fyrir sér hver verði eftirmaður hans hjá fyrirtækinu. Það nafn sem oftast heyrist nefnt er nafn Jóns Karls Ólafssonar, framkvæmdastjóra Flugfélags Íslands. Flestir búast við að skipulagsbreytingar í efsta lagi stjórnenda Flugleiða muni fylgja í kjölfarið. Einnig eru menn á því að félagið muni huga að einhverri sölu eigna, þótt það muni ekki hverfa úr starfsemi í almennri ferðaþjónustu sjá menn engan sérstakan tilgang í því fyrir félagið að reka til að mynda bílaleigu. Félagið muni fremur einbeita sér að flugrekstrinum og útrás en reyna að losa sig út úr tímafrekum eingum sem gefi ekki mikið af sér í hlutfalli við heildarumfang félagsins.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Vogun hf. jók í gær hlut sinn í **HB Granda** og á nú 31,7 prósent í félaginu. **Kristjáns Loftsson** og **Árni Vilhjálmsson** eru stjórnarmenn í **Vogun** og **HB Granda**.

FTSE-vísitalan í Lundúnum hækkaði um 0,60 prósent í gær og í Þýskalandi hækkaði **Dax** um 0,78 prósent. Í Japan lækkaði **Nikkei** hins vegar um 0,11 prósent.

Það sem af er ári hafa aðeins tvö félög í **Kauphöll Íslands** lækkað í verði. Það eru **SÍF** og **Atorka** sem hafa lækkað um í kringum 1,5 prósent hvort.

Flugleiðir eru enn efst á blaði þeirra sem mest hafa hækkað á árinu (22,8 prósent). **Actavis** er í öðru sæti (11,1 prósent) og **KB banki** hefur hækkað um 11 prósent.

Bullandi hagvöxtur í Kína

Búist er við aðgerðum kínverskra stjórnvalda til að halda aftur af hagvexti í landinu.

Kínverskum yfirvöldum tókst ekki að halda aftur af hagvexti í landinu á síðasta ári eins og vilji stóð til. Hagvöxturinn í fyrra reyndist 9,5 prósent, sem er tæpu prósenti meira en stefnt var að.

Mikill og langvarandi vöxtur hefur verið í Kína undanfarin ár og hafa yfirvöld í landinu reynt að halda aftur af honum af ótta við hagvaxtarverkina sem fylgja svo hröðum vexti.

Hagvöxturinn nú eykur líkur á að stýrivextir verði hækkaðir og gjaldmiðillinn styrktur. Kínverjar hækkuðu stýrivexti í október, en aukin þrýstingur er um að að þeir hækki verðmæti gjaldmiðilsins á móti dollaranum. Búist er við því að á fundi helstu iðnríkja heims verði gerð krafa til þess að Kínverjar taki á sig styrkingu, en evran hefur borið meginþungann af veikingu dollarans hingað til.

Fjárfestar hafa átt góða daga í Kína að undanförnu, en ótti þeirra beinist fyrst og fremst að því að Kínverjar stigi of fast á bremsuna til að koma í veg fyrir ofþenslu í hagkerfinu.

- hh

MIKILL VÖXTUR Kínverjar eru á mikilli siglingu, en þetta sjöunda stærsta hagkerfi heims vex hraðar en hollt þykir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÞORSTEINN ÞORGEIRSSON, SKRIFSTOFUSTJÓRI Í FJÁRMÁLARÁÐUNEYTINU Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 5,5 prósent í ár og 4,7 prósent á næsta ári. Verðbólgan verður innan þolmarka bæði árin ef spáin gengur eftir.

Mikill hagvöxtur en ekki ofhitnun

Fjármálaráðuneytið spáir því að hagvöxtur verði áfram kröftugur en verðbólga fari ekki yfir þolmörk Seðlabankans. Alþjóðavæðing og meiri sveigjanleiki hjálpa til við að dempa óæskilega fylgikvilla góðærisins.

Fjármálaráðuneytið telur ekki að hagkerfið ofhitni þrátt fyrir mikinn hagvöxt. Alþjóðavæðingin og aukinn sveigjanleiki í hagkerfinu eru helstu ástæður þess að verðbólga fer ekki úr böndunum þrátt fyrir uppsveifluna.

Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins var kynnt í gær. Í henni er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 5,5 prósent í ár og 4,7 prósent á næsta ári. Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri Efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, segir hagvöxtinn fyrst og fremst kominn til vegna stóriðjuframkvæmda og aukinnar einkaneyslu. „Það sem útskýrir meiri hagvöxt en við gerðum ráð fyrir er annars vegar að stækkun Norðuráls fór af stað fyrr og er meiri en gert var ráð fyrir og hápunktur framkvæmdanna fyrir austan verður í ár og á næsta ári," segir hann.

Hann segir að viðskiptahallinn aukist vegna þessa en að úr honum dragi árið 2007 en þá er einnig gert ráð fyrir minni hagvexti. Þorsteinn segir að nýjustu tölur bendi til að vöxtur í útflutningi sé kröftugri en gert var ráð fyrir og að nýjustu tölur um þátttatekjur, sem mæla tekjur af eignum og vinnu Íslendinga í útlöndum og útlendinga á Íslandi, séu hagstæðari en ráð var gert fyrir.

Þorsteinn segir að margt í hagkerfinu glæði vonir um að kröftugur hagvöxtur valdi ekki ofhitnun og verðbólgu. Hann nefnir breytt fyrirkomulag á gjaldeyrismarkaði frá síðustu uppsveiflu. Nú er gengið ákvarðað á markaði en ekki beint af Seðlabankanum, sem eykur sveigjanleika hagkerfisins til þess að bregðast við misvægi.

Þorsteinn nefnir einnig aukna alþjóðavæðingu í þessu samhengi. „Hún leiðir til þess að þegar það er þensla hér heima er auðveldara að ná í vinnuafl og aföng frá útlöndum og það dempar verðbólguþrýstinginn," segir hann.

Ráðuneytið spáir því að verðbólgan í ár verði 3,2 prósent en á næsta ári 3,5 prósent. „Það eru margir með hugann við verðbólguspá Seðlabankans frá í desember en síðan hefur bankinn unnið markvisst að því að úrelda þá spá með hækkun stýrivaxta," segir Þorsteinn.

Hann nefnir að Seðlabankinn hafi hækkað stýrivexti um tæp þrjú prósentustig á síðasta ári og áfram megi gera ráð fyrir vaxtahækkunum. „Hið opinbera hefur líka verið með virkt aðhald. Það birtist meðal annars í því að vexti samneyslu er haldið við tvö prósent á ári og fjárfestingar ríkissjóðs drógust í fyrra saman um sautján prósent og gert er ráð fyrir að samdrátturinn þar verði fjögur prósent í ár. Þetta skilar sér í því að afkoma ríkissjóðs batnar milli ársins 2003 og 2005 um sem nemur þremur prósentum af landsframleiðslu, sem dregur úr framleiðsluspennu," segir hann.

thkjart@frettabladid.is

Mælt með Íslandsbanka

Norska fjármálaeftirlitið hefur mælt með því við norska fjármálaráðuneytið að það samþykki kaup Íslandsbanka á BN bank í Noregi.

Fjármálaeftirlitið hér á landi gerir ekki athugasemdir við kaupin. Íslandsbanki bíður því þess að fjármálaráðuneytið norska gefi svar, en það mun nánast formsatriði eftir meðmæli fjármálaeftirlitsins. ■

Ævintýralegir Öskudagsbúningar á Shellstöð í nágrenni við þig

Select

Grímur, búningar og alls konar dót í miklu úrvali fyrir krakkana.

Það er stutt að fara til að finna þér ævintýralegan öskudagsbúning á eftirtöldum Shellstöðvum:

Vesturlandsvegi, Birkimel, Suðurfelli, Smáranum, Hraunbæ, Langatanga, Öskjuhlíð

HER & NÚ / SÍA

BIRTING Í DAG KB banki birtir uppgjör í dag. Mikill munur er á væntingum greiningardeilda um uppgjörið.

Miklu munar á spám

KB banki birtir uppgjör í dag. Helmingi munar á spám um hagnað bankans.

KB banki birtir ársuppgjör sitt í dag. Ef meðaltal er tekið af spám Íslandsbanka og Landsbankans mun bankinn skila fjórtán milljörðum í hagnað árið 2004.

Landsbankinn spáir 1,5 milljarða hagnaði á fjórða ársfjórðungi, en Íslandsbanki þremur. Á fjórðungnum féllu til tekjur af fyrirtækjaverkefnum, svo sem hlutafjáraukningu SÍF sem gaf rúma tvo milljarða í tekjur og hlutafjáraukningu Flugleiða auk erlendra fyrirtækjaverkefna. Þá innleysti bankinn milljarð í söluhagnað af ríflega átta prósenta hlut í Baugi.

Gengistap varð hins vegar á fjórðungnum af eignarhlut í Singer og Friedlander og af skuldabréfi í Bakkavör. Lækkun hlutarins í Singer og Friedlander er ágætar fréttir fyrir bankann að því gefnu að yfirtaka sé í pípunum. Fróðlegt verður að sjá hver niðurstaðan verður í ljósi mikils munar í spá bankanna.

- hh

SPÁR UM HAGNAÐ KB BANKA

	4. ársfjórðungur 2004	Ársuppgjör 2004
Landsbankinn	1.525 milljónir	13.230 milljónir
Íslandsbanki	3.005 milljónir	14.710 milljónir

Kaupmáttur launa eykst ár frá ári

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR

Það þykir ágætt ef launin hækka, en það hefur lítið að segja ef verðbólgan hækkar enn meira og þegar upp er staðið fæst minna fyrir launin þrátt fyrir launahækkun. Því reiknum við gjarnan kaupmátt launa, þ.e. hvers virði launin eru þegar búið er að taka tillit til verðlagshækkana. Einnig er hægt að reikna kaupmátt ráðstöfunartekna, en þá er auk verðlagshækkana tekið tillit til bóta- og skattgreiðslna.

Kaupmáttur launa fylgir gjarnan hagsveiflunni. Hann eykst í uppsveiflu og minnkar síðan oft í niðursveiflu. Þetta er gífurlega mikil aukning, ekki síst ef litið er til áranna fimm á undan, þ.e. 1989-1994, en á því tímabili dróst kaupmáttur launa saman um 7% samtals. Til samanburðar jókst hagvöxtur hér á landi um 43% frá 1995-2004, ef marka má spá Seðlabankans um hagvöxt í fyrra. Á árunum 1989-1994 jókst hagvöxtur um innan við 3%.

Ef við skoðum þessa kaupmáttaraukningu í alþjóðlegum samanburði sjáum við hversu háar tölur er þarna um að ræða. Á sama tíma og kaupmáttur launa jókst um 36,7% hér á landi, sem jafngildir 3,2% vexti á ári að meðaltali, jókst kaupmáttur launa um 12,2% í heild í OECD-ríkjunum, eða um 1,2% að meðaltali á ári.

Mest jókst kaupmáttur launa á árinu 1998. Það ár hækkaði launavísitalan um 9,4% á sama tíma og vísitala neysluverðs hækkaði um 1,7%. Kaupmáttur jókst þannig um 7,6% það ár. Næst okkur voru Norðmenn, en kaupmáttur þar jókst um 5% á árinu 1998. Kaupmáttur í OECD-ríkjunum jókst að meðaltali um 1,8% á því ári. Kaupmáttaraukningin hér á landi var því fjórfalt meiri þetta ár en að meðaltali í ríkjum OECD.

En hverjar eru horfurnar? Með hækkandi verðbólgu er útlit fyrir að aukning kaupmáttar launa verði minni en ella. Samkvæmt spá fjármálaráðuneytis frá því í haust er búist við að kaupmáttur launa aukist um 1,8% á þessu ári og 1% á því næsta. Seðlabankinn birtir ekki tölur um kaupmátt launa, en samkvæmt spá bankans virðist gert ráð fyrir að hann aukist um 2,5% á ári næstu tvö árin. Þótt þarna muni nokkru á spánum er útlit fyrir að kaupmáttur launa haldi áfram að aukast næstu árin.

Síðasti áratugur er óvenjulegur að því leyti að kaupmáttur launa hefur aukist ár hvert í heilan áratug, þrátt fyrir niðursveiflu á árinu 2002. Á þessum áratug hefur kaupmáttur launa aukist samtals um 36,7%.



DOUGLAS MACARTHUR
Þessi goðsagnakenndi bandaríski hershöfðingi fæddist á þessum degi árið 1880.

„Gefðu aldrei skipun sem ekki er hægt að hlýða.“

Fimm stjörnu hershöfðinginn MacArthur þurfti oft að segja mönnum fyrir verkum og fyrirskipaði meðal annars kjarnorkusprengjuárásirnar á Hiroshima og Nagasaki.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Clinton afneitar Monicu

Það hitnaði verulega undir Bill Clinton, forseta Bandaríkjanna, þegar kvennamál hans komust í hámæli í ársbyrjun árið 1998. Þann 26. janúar þvertók hann alfarið fyrir það að hafa átt í sambandi við Monicu Lewinsky og sagði allar sögusagnir um slíkt vera þvætting. Þetta var þó ekki tekið gilt enda þótti Monicu-málið alvarlegra en fyrri brek forsetans þar sem hann átti að hafa haldið við hana eftir að hann náði kosningu sem forseti Bandaríkjanna. Önnur kvennamál og ásakanir um áreiti höfðu komið upp nokkru fyrr þegar hann var ríkisstjóri Arkansas. Monicu-málið bættist því ofan á ásakanir Paulu Jones á hendur forsetanum og rannsókn Whitewater-málsins og saksóknarinn Kenneth Starr fór mikinn í gagnaöflun sinni gegn forsetanum. Clinton vék sér í framhaldinu undan því að svara spurningum um Monicu og var meðal annars spurður af blaðamönnum hvers vegna hann hlypi í felur ef hann hefði ekkert að fela.

Washington Post hafði það eftir fyrrverandi lífverði Clintons, nokkrum dögum síðar, að hann og Monica hefðu eytt klukkustund ein saman á skrifstofu forsetans í Hvíta húsinu árið 1995. Lífvörðurinn vissi þó ekki hvað fór þeim á milli á fundinum örlagaríka. Ferill Clintons var í hættu á tímabili en eiginkona hans, Hilary, snerist til varnar enda staðráðin í því að láta ekkert koma karli sínum út úr Hvíta húsinu.

26. JANÚAR 1998

MERKISATBURÐIR

1778 Bretar hertaka Ástralíu.

1788 Bresk fangaskip leggjast að höfn í Ástralíu. Fangarnir voru fyrsti vísir að fanganýlendu sem Bretar hugðust setja á fót í landinu.

1865 Bretar lýsa því yfir að þeir muni ekki flytja fleiri fanga til Ástralíu.

1930 Mohandas K. Ghandi, sjálfstæðisleiðtogi Indlands sem var einnig þekktur sem „Mahatma“ Gandhi, hefur göngu sína yfir Indland til að mótmæla hersetu Breta.

1947 Gústaf Adolf, krónprins Svíþjóðar, deyr í flugslysi í Danmörku. Hann var fertugur þegar slysið varð og lét eftir sig fimm börn, þar á meðal Karl XVI Gústaf núverandi konung.

1993 Vaclav Havel er kjörinn forseti Tékklands.

AFMÆLI

Gísli Einarsson fréttamaður er 38 ára.

Bjarni Benediktsson alþingismaður er 35 ára.

Sólveig Arnarsdóttir leikkona er 32 ára.

JARÐARFARIR

14.00 **Elín Katrín Guðnadóttir**, frá Rifi, verður jarðsungin frá Búðakirkju í Staðarsveit.
14.00 **Skarphéðinn Jónsson**, Garðvangi, Garði, áður Njarðvík, verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju.
15.00 **Anna Ólafsdóttir**, Efstasundi 41, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni.

†

Elskuleg systir okkar og frænka,

Svava Skúladóttir

áður til heimilis að Hátúni 10a, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þann 23. janúar.

Aðstandendur.

†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför ástkæru eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ólafar Björnsdóttur

Garðvangi, Garði, áður til heimilis að Hringbraut 67, 230 Keflavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Garðvangs á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Skarphéðinn Agnars,
Birna Skarphéðinsdóttir,
Margrét Skarphéðinsdóttir – Þórður Ingimarsson,
Jónína Skarphéðinsdóttir – Ólafur V. Gunnarsson,
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug, styrk og vináttu við andlát og útfarir eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Sigurvins Sveinssonar

sem lést 27. desember sl.

og elskulegrar eiginkonu minnar, móður, dóttur, systur, mágkonu og frænku,

Kristrúnar Sigurvinsdóttur

sem lést 9. janúar sl.

Jóhanna Karlsdóttir, Leo George, Christopher George, Kristín Sigurvinsdóttir, Hreinn Steinþórsson, Hafsteinn Sigurvinsson, Anna G. Árnadóttir, Jóhanna Svanlaug Sigurvinsdóttir, Þorvaldur Kjartansson, Sigurvin Ægir Sigurvinsson, Bergþóra V. Sigurjónsdóttir, Dröfn Sigurvinsdóttir, Karítas Sigurvinsdóttir, Tryggvi Björn Tryggvason, barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

HELGI TÓMASSON: TÓK VIÐ Í SAN FRANCISCO FYRIR 20 ÁRUM

Óhjákvæmilegt að vera hamingjusamur

Um þessar mundir eru tuttugu ár liðin frá því að Helgi Tómasson tók við stjórn San Francisco-ballettsins.

„Hamingjusamur? Hvernig ætti ég að vera það ekki?“ spyr Helgi í nýjasta sunnudagsblaði San Francisco Chronicle, eins helsta dagblaðs Kaliforníu. „Að fylgjast með dansflokknum vaxa og dafna og heyra það sem sagt er um hann – þetta hefur verið gefandi reynsla.“

Afmælisins verður minnst með ýmsum hætti í dagskrá dansflokksins á næstunni.

Núna um jólin sýndi ballettinn Hnotubrjótinn í nýrri uppfærslu eftir Helga og uppskar mikið lof frá gagnrýnendum jafnt sem áhorfendum.

Vordagskrá ballettsins hefst síðan núna í kvöld með heljarmikilli galasýningu þar sem sýnd verða stutt verk og brot úr nokkrum verkum sem sýnd verða á næstunni.

Á vordagskránni eru meðal annars verk á borð við Giselle og Rómeó og Júlíu, og verða bæði þessi verk í tilefni tvítugsafmælisins sýnd í frægum uppfærslum Helga sjálfs frá síðasta áratug.

Helgi byrjaði í dansnámi níu ára gamall í Þjóðleikhúsinu í Reykjavík. Árið 1969, þegar Helgi var 27 ára, tók hann þátt í danskeppni í Moskvu og hreppti þar silfurverðlaun. Gullið fór til Mikhaíls Barisjníkovs.

Strax árið eftir gekk hann til liðs við New York-ballettinn, þar sem hann vann hvern sigurinn á fætur öðrum og náði því að verða einn af virtustu listdönsurum heims.

Það var svo árið 1985 sem hann tók boði frá San Francisco-ballettinum um að gerast listrænn stjórnandi dansflokksins um leið og hann dró sig sjálfur í hlé sem dansari.

Koma hans þangað varð dansflokknum mikil lyftistöng og markaði greinileg tímamót í sögu hans. Dansflokkurinn er nú kominn í fremstu röð dansflokka í heiminum, en hafði engan veginn náð þeirri stöðu áður en Helgi gekk til liðs við hann.

Auk þess að vera listrænn stjórnandi dansflokksins er Helgi jafnframt skólastjóri ballettskólans San Francisco Ballet School, sem að mati Helga er ein helsta undirstaða dansflokksins. ■



MYND/þök

HELGI TÓMASSON Fylgist hamingjusamur með San Francisco-ballettinum vaxa og dafna.

Skóflustunga í heimsmetabók

Þann 26. janúar 1980 tók Ragnhildur Guðbrandsdóttir fyrstu skóflustungu að hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Hún var þá 101 árs gömul og elsti íbúi Kópavogs.

Skóflustungan var skráð í heimsmetabók Guinness þar sem Ragnhildur var elst allra í heiminum til að taka fyrstu skóflustungu að nýbyggingu. Reisugildi var síðan haldið 23. maí 1981 og það sóttu á þriðja þúsund gestir sem gerðu þetta að fjölmennasta reisugildi sem haldið hafði verið á Íslandi en aðsóknin þótti skýrt dæmi um þa miklu samstöðu sem ríkti um verkefnið meðal Kópavogsbúa.

Tæpu ári seinna, eða 20. maí 1982, var haldin vígsluhátíð þar sem heimilinu var gefið nafnið Sunnuhlíð. Fimm dögum seinna lagðist fyrsti sjúklingurinn inn og fyrsta sérhannaða hjúkrunarheimilið fyrir aldraða á Íslandi var tekið til starfa með 38 sjúkrarúmum. ■

RAGNHILDUR GUÐBRANDSÓTTIR
Var elsti íbúi Kópavogs þegar hún tók fyrstu skóflustunguna að hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð.

ANDLÁT

Margrét Jónsdóttir, frá Ási, Hraunbæ 152, lést mánudaginn 10. janúar. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Elma Nína Þórðardóttir, Espigerði 6, Reykjavík, er látin.

Munda Pálín Enoksdóttir, Sogni, Ölfusi, lést sunnudaginn 16. janúar.

Ari Guðmundsson, Lækjargötu 1, Hvammstanga, lést þriðjudaginn 18. janúar.

Skarphéðinn Jónsson, Garðvangi, Garði, áður Njarðvík, lést þriðjudaginn 18. janúar.

Guðríður Friðgeirsdóttir, Nausti, Stöðvarfirði, lést föstudaginn 21. janúar.

Heiðar Rafn Baldvinsson lést föstudaginn 21. janúar.

Anna Garðarsdóttir, Vorsabæ 3, Reykjavík, lést laugardaginn 22. janúar.

Elín Loftsdóttir, Hásteinsvegi 64, Vestmannaeyjum, lést laugardaginn 22. janúar.

Ólöf Anna Ólafsdóttir, frá Ísafirði, Sæviðarsundi 15, Reykjavík, lést laugardaginn 22. janúar.

Steinþór Benediktsson bóndi, Kálfafelli, Suðursveit, lést laugardaginn 22. janúar.

Aðalheiður Einarsdóttir, Ásbraut 3, Kópavogi, lést sunnudaginn 23. janúar.

Haraldur Magnússon, Fjarðavegi 12, Þórshöfn, lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sunnudaginn 23. janúar.

Svava Skúladóttir, áður til heimilis í Hátúni 10a, Reykjavík, lést sunnudaginn 23. janúar.

VERÐLÆKKUN - VERÐLÆKKUN

100% LÁN 100% LÁN 100% LÁN

- komdu núna!

Kíktu á www.brimborg.is

Ford Mondeo Ghia, skrd.02/03,
e:14.000 km, 2000cc, sjálfskiptur.
Ásett verð 2.090.000 kr. **Tilboð 1.790.000 kr.**
100% lán meðal.gr.mánuði kr. 34.811 S:515-7000

Mazda 323, skrd.01/97,
e:103.000 km, 1500cc, beinskiptur.
Ásett verð 590.000 kr. **Tilboð 430.000 kr**.
100% lán meðal.gr.mánuði kr. 13.925 S:515-7000

Citroen C3, skrd.09/02,
e:52.000 km, 1400cc, beinskiptur.
Ásett verð 1.120.000 kr. **Tilboð 940.000 kr**.
100% lán meðal.gr.mánuði kr. 18.281 S:515-7000

Daihatsu Gran Move, skrd.06/00,
e:55.000 km, 1600cc, beinskiptur.
Ásett verð 790.000 kr. **Tilboð 690.000 kr.**
100% lán meðal.gr.mánuði kr. 17.000 S:515-7000

Renault Kangoo Van. Skrd. 04/00,
e:106.000 km. 1400cc, bensín, beinskiptur.
Ásett verð 780.000 kr.m/vsk. **Tilboð 590.000 kr.**
m/vsk. S:515-7000

Hyundai Accent, skrd.08/99,
e:100.000 km, 1500cc, bensín, beinskiptur.
Ásett verð 550.000,- kr. 100% lán
meðal.gr.mánuði **kr. 11.990** S:515-7000

Renault Laguna RT. Skrd. 10/1996,
e:135.000 km. 2000cc, beinskiptur, dráttarkrókur.
Ásett verð 570.000 kr. **Tilboð 399.000 kr.**
100% lán meðal.gr.mánuði kr. 13.925 S:515-7000.

Daewoo Nubira SX Station, skrd.11/98,
e:124.000 km, 1600cc, beinskiptur.
Ásett verð 560.000 kr. **Tilboð 430.000 kr.**
100% lán meðal.gr.mánuði kr. 11.462 S:515-7000

Ford Mondeo Ghia, skrd. 10/02,
e:59.000 km. 2000cc, sjálfskiptur.
Ásett verð 1.980.000 kr. **Tilboð 1.690.000,- kr**
100% lán meðal.gr.mánuði kr. 32.876 kr. S:515-7000.

MMC Space Star, skrd.03/00,
e:113.000 km, 1300cc, beinskiptur.
Ásett verð 750.000 kr. **Tilboð 590.000 kr.**
100% lán kr. meðal.gr.mánuði 15.659 S:515-7000

Opel Corsa, skrd. 06/99,
e:113.000 km. 1200cc, bensín, beinskiptur.
Ásett verð 550.000,- kr. **Tilboð 399.000,- kr.**
100% lán meðal.gr.mánuði. kr. 13.925 S:515-7000.

Citroen Xsara Picasso, skrd.10/02,
e:62.000 km, 1800cc, beinskiptur.
Ásett verð 1.470.000 kr. **Tilboð 1.290.000 kr.**
100% lán meðal.gr.mánuði. kr. 26.110 S:515-7000

Saab 95, skrd. 09/99,
e:87.000 km, 2000cc, sjálfskiptur.
Ásett verð 1.890.000 kr. **Tilboð 1.690.000 kr.**
100% lán meðal.gr.mánuði kr. 44.509 S:515-7000.

Opel Astra station, skrd.01/02,
e:71.000 km, 1600cc, sjálfskiptur.
Ásett verð 1.390.000 kr. **Tilboð 1.190.000 kr.**
100% lán meðal.gr.mánuði. kr. 24.100 S:515-7000

Lexus GS-300 EXE, skrd.05/03,
e:22.000 km, 3000cc, sjálfskiptur m/öllu.
Ásett verð 4.350.000 kr. **Tilboð 3.890.000 kr.**
100% lán meðal.gr.mánuði. kr. 67.160 S:515-7000

Ford Focus Ghia, skrd. 11/99,
e:110.000 km, 1600cc, bensín, beinskiptur.
Ásett verð 920.000,- kr. 100% lán
meðal.gr.mánuði. **kr. 20.892** S:515-7000.

Subaru Legacy GL skrd.9/99
e: 85.000 Km , 2000 cc bensín,Sjálfskiptur
Ásett verð 1.250.000 Kr **Tilboð 1.150.000 Kr**
100 % lán meðal.gr.mánuði. kr. 30.325 S: 515.7000

Daihatsu Gran Move skrd.02/00
e: 63.000 Km , 1600 cc , Beinskiptur.
Ásett verð 770.000 Kr **Tilboð 660.000 Kr**
100% lán meðal.gr.mánuði kr. 16.262 S: 515.7000

Hyundai Elantra skrd.12/99
e: 101.000 Km , 1600 cc, Sjálfskiptur
Ásett verð 760.000 Kr. **Tilboð 590.000 Kr**
100% lán. meðal.gr.mánuði. kr. 14.538 S: 515.7000

Renault Megane skr.8/99
e: 106.000 Km , 1600 cc, Beinskiptur.
Ásett verð 790.000 Kr. **Tilboð 690.000 Kr**
100 % lán meðal.gr.mánuði. kr. 23.525 S: 515.7000

100% lán háð samþykki Brimborgar og Lýsingar

Opið frá 9-18 virka daga og laugardaga 12-16

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Bíldshöfði 6, sími 515 7000 – Tryggvabraut 5, Akureyri, sími 462 2700. www.brimborg.is

sport
sport@frettabladid.is

Við furðum okkur á...

... að þrír af reynsluminnstu leikmönnum landsliðsins skuli gefa kost á sér í viðtöl eftir leikinn í gær. Við óskum eftir því að leikreyndustu menn liðsins axli meiri ábyrgð og komi fram fyrir hönd liðsins í mótlæti sem og í meðbyr.

„Þeir fá endalaus vítaköst og við erum með mann úti af allan seinni hálfleikinn. Dómararnir tóku af skarið í leiknum á meðan við vorum að berjast við að spila handbolta.“

Viggó Sigurðsson var ekki sáttur við framgöngu argentínsku dómaranna.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

23 24 25 **26** 27 28 29

Miðvikudagur

LEIKIR

- 18.30 **Njarðvík** og **ÍS** mætast í Njarðvík í 1. deild kvenna í körfubolta.
- 19.15 **Grindavík** og **Keflavík** mætast í Grindavík í 1. deild kvenna í körfubolta.
- 20.30 **Njarðvík** og **Grindavík** mætast í Njarðvík í Intersport-deildinni í körfubolta.

SJÓNVARP

- 15.35 **HM í handbolta** á RÚV. Útsending frá leik **Íslands** og **Slóveníu** í HM í handbolta.
- 19.10 **HM í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Íslands** og **Kúvæt** á HM í handbolta.
- 19.50 **Enski deildabikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Manchester United** og **Chelsea** í ensku deildabikarnum í fótbolta.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.30 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 23.15 **Enski deildabikarinn** á Sýn. Útsending frá leik **Manchester United** og **Chelsea** í enska deildabikarnum í fótbolta.

STEVEN GERRARD Fagnar hér marki sínu en það kom Liverpool í úrslitaleik enska deildarbikarsins.

Enski deildabikarinn í gær:

Liverpool í úrslitaleikinn

FÓTBOLTI Liverpool tryggði sér í gær sæti í úrslitaleik enska deildarbikarins þegar liðið bar sigurorð af Watford, 1–0, í seinni leik liðanna á Vicarage Road. Það var Steven Gerrard sem skoraði sigurmark Liverpool þrettán mínútum fyrir leikslok. Liverpool vann einnig fyrri leikinn, 1–0, og því samanlagt 2–0 og mætir annað hvort Manchester United eða Chelsea í úrslitaleiknum. ■

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enski deildabikarinn

WATFORD–LIVERPOOL	0–1

0–1 Steven Gerrard (77.).

LIVERPOOL VANN SAMANLAGT 2–0

1. deild kvenna í körfu

KR–HAUKAR	76–87

Stig KR: Jerica Watson 25 (12 frák.), Helga Þorvaldsdóttir 15, Gréta María Grétarsdóttir 13, Georgía Kristiansen 10, Hanna B. Kjartansdóttir 9, Halla Jóhannesdóttir 4.
Stig Hauka: Helena Sverrisdóttir 29 (16 frák., 9 stoðs.), Ebony Shaw 15 (10 frák.), Pálína Gunnlaugsdóttir 13, Kristrún Sigurjónsdóttir 11, Ösp Jóhannsdóttir 7, Ragnheiður Theódórsdóttir 6, Hanna Hálfdanardóttir 4, Guðrún Ámundadóttir 4.

STAÐAN

KEFLAVÍK	12	12	0	1025–715	24
Grindavík	**13**	**8**	**5**	**797–784**	**16**
HAUKAR	14	7	7	925–978	14
ÍS	**12**	**7**	**5**	**772–723**	**14**
NJARÐVÍK	13	4	9	784–850	8
KR	**14**	**1**	**13**	**763–1016**	**2**

Þvílíkur klaufaskapur

Íslenska landsliðið í handbolta kastaði frá sér unnum leik gegn Slóveníu á HM í gær. Leikmenn liðsins geta engum kennt um tapið nema sjálfum sér.

HM Í HANDBOLTA Það var grátlegt að horfa upp á strákana okkar tapa niður unnum leik gegn Slóvenum í El Menzah-íþróttahöllinni í gær. Þeir hefðu átt að hrista Slóvenana af sér í fyrri hálfleik en einstakur klaufaskapur á vítapunktinum gerði það að verkum að Slóvenarnir voru alltaf inni í leiknum. Þeir tóku síðan forystuna í fyrsta sinn síðan í stöðunni 1-2 þegar 40 sekúndur voru eftir, 32-33. Þeir unnu að lokum eins marks sigur, 33-34, í dramatískum spennuleik.

Íslenska liðið réð lögum og lofum í fyrri hálfleik og varnarleikurinn var mun betri en gegn Tékkum. Liðið spilaði aftar að þessu sinni og það virkaði vel. Fyrir vikið komst Roland Eradze í fínt stuð í markinu en hann varði 11 skot í fyrri hálfleik.

Sóknarleikurinn var einnig með miklum ágætum en eins og áður segir voru strákarnir klaufar á vítapunktinum, létu verja fjögur víti frá sér í fyrri hálfleik. Munurinn í hálfleik var því aðeins tvö mörk, 16-14.

Strákarnir héldu tveggja til fjögurra marka forystu í síðari hálfleik en varnarleikurinn fór að láta á sjá og markvarslan einnig en Roland og Birkir Ívar vörðu samtals fjóra bolta í síðari hálfleik. Ólafur Stefánsson var þar að auki ískaldur, skoraði ekki nema tvö mörk og klúðraði jafn mörgum vítaköstum.

Þegar svona mikið er að í leik íslenska liðsins hlýtur eitthvað að láta undan og það gerði það. Slóvenar tóku forystuna með 40 sekúndur eftir. Arnór jafnaði úr vítakasti þegar 10 sekúndur lifðu leiks en stórskyttan Sergei Rutenka tryggði Slóvenum sigur þegar aðeins þrjár sekúndur voru eftir af leiknum.

Grátleg niðurstaða fyrir strákana, sem ættu með réttu að vera komnir með þrjú stig í riðlinum. Þess í stað eru þeir komnir með bakið upp að veggnum fræga og lítið annað en sigur gegn Rússum mun fleyta liðinu áfram í keppninni.

Strákarnir geta sjálfum sér um kennt því það gengur ekki að klúðra fimm vítaköstum í leik og fara þar að auki með fjölda dauðafæra. Það sem gerir þetta tap samt sárast er sú staðreynd að liðið lék mjög vel nánast allan leikinn, ólíkt síðasta leik. Alexander átti frábæran leik, sem og Róbert. Guðjón Valur og Markús voru traustir, Arnór átti fína innkomu og Vignir stóð vaktina manna best í vörninni. Roland varði aftur vel í fyrri hálfleik en hálfleikspásan virtist fara illa í hann því það slokknaði á honum í síðari hálfleik.

Þrátt fyrir þennan fína leik er uppskeran engin og verður ekki sagt annað en að íslenska liðið sé búið að upplifa mikið í þessum fyrstu tveim leikjum. Nú verða menn að safna liði og mæta grimmir gegn Rússum ef þeir ætla sér að ná takmarki sínu.

henry@frettabladid.is

DAGUR KOMINN Á BLAÐ Dagur Sigurðsson, fyrirliði íslenska liðsins, skoraði sín fyrstu þrjú mörk á heimsmeistaramótinu í Túnis í gær í tapinu gegn Slóveníu.
Fréttablaðið/Andreas Waltz

Mega ekki hengja haus

SPÁÐ Í SPILIN
ÍSLAND MÆTTI SLÓVENÍU Á HM Í HANDBOLTA Í TÚNIS Í GÆR

GEIR SVEINSSON
SÉRFRÆÐINGUR FRÉTTABLAÐSINS

Í fyrsta lagi er ég alveg sársvekktur fyrir hönd strákanna að hafa tapað þessum leik. Ég hafði litlar áhyggjur lengst af leiks því mér fannst Slóvenarnir þurfa að hafa meira fyrir hlutunum en við. Síðan snerist dæmið svolítið við frá Tékkaleiknum því síðustu fimmtán mínúturnar urðu okkar banabiti. Ég held að markvarslan á þeim tíma hafi verið vendipunkturinn í leiknum. Eftir á að hyggja var rangt að skipta Roland út af því Birkir Ívar komst aldrei í takt við leikinn. Það er hins vegar alltaf auðvelt að vera vitur eftir á og menn geta ekki vitað svona lagað fyrir fram.

Mér fannst liðið vera allt annað og betra en í fyrri leiknum og greinilegt að frumsýningarskrekkurinn úr fyrsta leiknum var horfinn. Liðið var vel innstillt, vörnin var góð og markaskorunin dreifðist mun meira en í fyrsta leiknum. Þótt við höfum fengið jafn mörg mörk á okkur og gegn Tékkum fannst mér vörnin vera miklu betri, með Vigni Svavarsson sem besta mann. Eina áhyggjuefnið er að ekki hafi tekist að fækka mörkunum frá því í fyrsta leiknum. Það er of mikið að fá á sig 34 mörk í hverjum leik.

Sóknarleikurinn var að mörgu leyti mjög góður. Alexander kom mjög sterkur inn í leikinn og sýndi hvers hann er megnugur. Markús Máni var einnig öflugur þótt skotnýtingin hans hafi ekki verið jafn góð og í fyrsta leiknum. Róbert var góður en það kom of lítið út úr Ólafi Stefánssyni hvað varðar markaskorun. Hann skoraði bara tvö mörk og skotnýting hans var léleg. Það verður hins vegar að horfa til þess að andstæðingarnir leggja mikla áherslu á að stöðva hann. Það var líka gaman að sjá Arnór Atlason klára síðasta vítið.

Það hefðu ekki allir þjálfarar þorað að láta svona ungan og óreyndan mann taka þetta mikilvæga víti og þetta á eftir að hjálpa honum mikið.

Strákarnir verða að passa sig á að hengja ekki haus eftir þennan leik. Slóvenska liðið er gott og það sást vel að flestir leikmenn þess koma frá sama liðinu. Þeir voru vel samæfðir og það er engin skömm að tapa fyrir þessu liði. Það er hins vegar sorglegt að það skyldi gerast í þessum leik en íslenska liðið sýndi að það býr fullt í liðinu. Leikmenn verða að taka þá jákvæða úr þessum leik með í framhaldið. Þá getur allt gerst.

33-34

ÍSLAND SLÓVENÍA

STÖÐUR ÚR LEIKNUM

Fyrri: 1–0, 1–2, 2–3 (3 mín), 4–3, 5–3, 7–4, (9 mín), 7–6, 9–6, 9–8, 12 –8 (17 mín), 12–10, 14–10 (21 mín), 14–11, 15–11, 15–13, 16–13 , **16–14**.
Seinni: 16–15, 17–17, 17–16 (31 mín), 20–16 (34 mín), 21–17, 21–19, 22–19, 23–20 (39 mín), 23–22, 25–23, 25–25 (45 mín), 28–26, 29–27, 29–29 (53 mín), 31–30, 32–31, 32–33 (59 mín), 33–33, **33–34**.

TÖLFRÆÐIN

Skotnýting	58%–68%
Tapaðir boltar	10–10
Hraðaupphlaupsmörk	8–3
Brottvísanir (mínútur)	18–18
Varin skot	17/1–20/5
Varin skot í vörn	1–2
Víti fengin (nýting)	11 (55%)–9 (89%)

MÖRK–SKOT ÍSLANDS

Alexander Peterson	7–9 (78%)
Róbert Gunnarsson	6/2–8/4 (75%)
Guðjón Valur Sigurðsson	5/1–7/2 (71%)
Markús Máni Michaelsson	4–6 (67%)
Arnór Atlason	3/3–4/3 (75%)
Dagur Sigurðsson	3–6 (50%)
Vignir Svavarsson	2–2 (100%)
Ólafur Stefánsson	2–9/2 (22%)
Einar Hólmgeirsson	1–5 (20%)

VARIN SKOT ÍSLANDS

Roland Valur Eradze	15/1 af 40/5 (38%)
Birkir Ívar Guðmundsson	2 af 11/4 (18%)

STOÐSENDINGAR ÍSLANDS

Ólafur Stefánsson	10 (3 inn á línu)
Dagur Sigurðsson	2 (0)
Arnór Atlason	2 (1)
Alexander Petersson	2 (0)
Markús Máni Michaelsson	1 (0)
Einar Hólmgeirsson	1 (0)

FISKUÐ VÍTI ÍSLANDS

Róbert Gunnarsson	5
Ólafur Stefánsson	2
Guðjón Valur Sigurðsson	2
Alexander Petersson	1
Markús Máni Michaelsson	1

HRAÐAUPPHLAUPSMÖRKIN

Guðjón Valur Sigurðsson	3
Vignir Svavarsson	2
Alexander Petersson	2
Róbert Gunnarsson	1

HVAÐAN KOMU MÖRKIN

Langskot	Ísland 10– Slóvenía 8
Úr hornum	3–4
Af línu	3–3
Með gegnumbroti	3–8
Úr hraðaupphlaupum	8–3
Úr vítum	6–8

SKRIFAR UM HM Í HANDBOLTA FRÁ TÚNIS

HENRY BIRGIR GUNNARSSON

LEIKIR GÆRDAGSINS

HM í handbolta í Túnis

A-RIÐILL

GRIKKLAND–FRAKKLAND	20–19
KANADA–TÚNIS	**20–42**
ANGÓLA–DANMÖRK	19–47

STAÐAN Í A-RIÐLINUM

TÚNIS	2	2	0	0	81–43	4
DANMÖRK	**2**	**2**	**0**	**0**	**74–42**	**4**
GRIKKLAND	2	1	0	1	43–46	2
FRAKKLAND	**2**	**1**	**0**	**1**	**63–36**	**2**
ANGÓLA	2	0	0	2	42–86	0
KANADA	**2**	**0**	**0**	**2**	**36–86**	**0**

B-RIÐILL

RÚSSLAND–KÚVEIT	38–11
ALSÍR–TÉKKLAND	**29–29**
ÍSLAND–SLÓVENÍA	33–34

STAÐAN Í B-RIÐLINUM

RÚSSLAND	2	2	0	0	66–33	4
SLÓVENÍA	**2**	**2**	**0**	**0**	**68–50**	**4**
TÉKKLAND	2	0	2	0	63–63	2
ÍSLAND	**2**	**0**	**1**	**1**	**67–68**	**1**
ALSÍR	2	0	1	1	51–57	1
KÚVEIT	**2**	**0**	**0**	**2**	**28–72**	**0**

MARKÚS MÁNI MICHAELSSON
Fannst íslenska liðið betri aðilinn og var draugfúll.

Markús M. Michaelsson:

Drullufúlt að tapa

HM Í HANDBOLTA „Það var drullufúlt að tapa þessu enda finnst mér við vera með betra lið," sagði Markús Máni Michaelsson, sem átti fínan leik og skoraði fjögur mörk.

„Það er ekki hægt að hengja sig á þessu tapi. Við verðum bara að taka næsta leik og við verðum mikið mun kátari þegar við erum búnir að vinna Rússana," sagði Markús og brosti blítt.

„Annars var þetta klaufaskapur og vörnin ekki nógu sterk. Það vantaði líka herslumuninn á þetta hjá okkur og við verðum að gera betur í næsta leik. Við erum ekkert búnir að ljúka keppni á þessu móti." ■

Arnór Atlason:

Svakalega sárt að tapa

HM Í HANDBOLTA Skyttan unga Arnór Atlason var ekki kát á svipinn eftir leikinn enda svekkelsið mikið.

„Þetta er svakalega sárt og ömurlegt eftir að hafa spilað ágætlega allan leikinn. Við getum engum öðrum kennt um en sjálfum okkur enda klúðruðum við fjölda víta og dauðafærum. Svo fannst mér varnarleikurinn líka oft slakur," sagði Arnór, sem átti fínan leik og nýtti vítaköstin betur en félagar hans.

„Úrslitin í dag gera það að verkum að riðilinn er kominn í háaloft. Við verðum bara að klára okkar leiki núna og vona að það dugi," sagði Arnór. ■

EINAR HÓLMGEIRSSON
Telur vítin sem fóru forgörðum hafa eyðilagt sigurmöguleika íslenska liðsins.

Einar Hólmgeirsson:

Okkar klaufaskapur

HM Í HANDBOLTA „Eins og það var sætt í gær þá er það súrt í dag," sagði Einar Hólmgeirsson og glotti.

„Við fórum með allt of mikið af vítum. Það er bara allt of dýrt gegn jafn sterku liði og Slóvenum í svona keppni. Þeir eru með reynt lið og náðu að stela þessu á endanum. Þetta er bara okkar klaufaskapur og við getum klárlega kennt okkur sjálfum um tapið."

Einar var ekki af baki dottinn þrátt fyrir tapið.

„Það er nóg eftir af þessari keppni og allt galopið. Rússar og Alsíringar eru sterkir og þetta verður barátta allt til enda." ■

Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari var afar ósáttur við argentínsku dómarana:

Dómararnir í aðalhlutverki

HM Í HANDBOLTA Viggó Sigurðsson var enn vel heitur skömmu eftir leik og greinilegt að hann átti erfitt með að kyngja tapinu. Hann vandaði dómurum leiksins ekki kveðjurnar.

„Þetta eru mikil vonbrigði. Það var rosalega erfitt við þetta að eiga og ég er verulega ósáttur við dómgæsluna í leiknum. Þeir fá endalaus vítaköst og við erum með mann úti af allan seinni hálfleikinn. Svo sluppu Slóvenarnir hinum megin hvað eftir annað. Dómararnir tóku af skarið í leiknum á meðan við vorum að berjast við að spila handbolta," sagði Viggó, sem sá fleiri ástæður fyrir tapinu.

„Markvarslan dettur út síðustu 20 mínúturnar. Óli var ekki að finna sig og það voru sjálfsagt mistök að setja Einar ekki inn. Ég vonaði samt að hann myndi detta í gírinn því við getum illa verið án hans. Svo voru þessi vítaköst sár," sagði Viggó en íslenska liðið klúðraði fimm vítaköstum í leiknum.

„Þetta er bara ofboðslega sárt. Við vorum með þetta allan tímann og í hálfleik áttum við að leiða með mun meiri mun. Við vorum svakalegir klaufar á vítapunktinum og mér fannst þetta stundum vera kæruleysi. Riðillinn er kominn í háaloft og því miður verðum við að búa við það í handboltanum að dómararnir eru í aðalhlutverki á vellinum." henry@frettabladid.is

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON Skorar hér eitt af fimm mörkum sínum í leiknum í gær. Fréttablaðið/Andreas Waltz

31. janúar á slaginu!

Klukkan 17.00 mánudaginn 31. janúar eru síðustu forvöð að panta auglýsingu í Símaskrá 2005.
Forðist biðraðir og gangið frá auglýsingapöntunum tímanlega.

AUGLÝSINGAR Í SÍMASKRÁ

Bergstaðastræti 54 • Sími 511 4300 • Fax 511 4333

PURINA PRO PLAN
LIFE PLAN
NUTRITION PROGRAMME
Pro Plan fæðulínan sérsniðin fyrir hundinn þinn
GARÐHEIMAR
Söluaðili:
Garðheimar í Mjódd • Stekkjarbakka 6
109 Reykjavík • sími 540 3300 • www.grodur.is

KOKOS-SISAL TEPPI
Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND ehf.

STUÐ MILLI STRÍÐA : Engan brauðgraut takk!

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR GETUR BORÐAÐ FLESTALLAN MAT

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég hef nú aldrei talist til matvands fólks enda er ég alin upp þannig að borða skuli það sem er á boðstólum, sama hvort fólki finnst það gott eða vont. Matvant fólk þykir mér líka afskaplega leiðinlegt. Ég hef því látið flest ofan í mig og vanist mörgu sem mér þótti ekki sérstakt. Ég borða til dæmis skötu og finnst hún bara ansi skemmtileg og athyglisverð á bragðið.

Einu sinni fékk ég meira að segja úldinn humar á virtu veitingahúsi. Ég brást ekki verr við en svo að ég sagði: „Neihh en fyndið, það er svona skötubragð af þessum humri!“ Móðir mín tjáði mér að það væri ekkert í lagi að skötubragð væri af humri svo ég fékk nýjan. Mér finnst samt æðislegt að fá góðan mat og kann vel að meta það. En ég borða líka flestan súrmat, lifur, rækjur, allan fisk og tek meira að segja fljótandi lýsi á hverjum morgni. Mér finnst það samt ekki gott og það er heljarinnar athöfn að taka lýsið á þann hátt að ég finni ekki bragðið. Fyrst opna ég báðar flöskurnar; lýsið og Frískamínið. Svo helli ég lýsinu í skeið, held niðri í mér andanum og gleypi. Þar næst helli ég vítamíninu í skeið (held ennþá niðri í mér andanum) og gleypi það. Vítamínið er gott á bragðið og eyðir lýsisbragðinu. Næst gólpa ég í mig teslurk til þess að eyða öllu bragðinu.

En þó svo að ég geti vanist flestöllum mat sem mér þykir ekki góður fyrst er eitt fyrirbrigði sem ég neita að samþykkja sem mat. Það er brauðsúpa. Hvað í ósköpunum?? Ógeðslegur brauðgrautur sem fólk setur rúsínur og rjóma út í. Uss! Sko, ef um er að ræða manneskju sem á ENGAN mat nema gamlar brauðskorpur sem eru of harðar til þess að borða með smjeri og áleggi, þá fyrst er kannski í lagi að sjóða vatn og leysa brauðið upp í vatninu og búa til súpu. Annars er það bara alls ekkert í lagi og ekki mönnum bjóðandi! ■

MANNLÍF á nýju ári
EINKAVIDTAL PÓRA Í ATLANTA FLUGRÍK OG FRJÁLS SÉRBLAÐ UM HEILSU
MANNLÍF
Janúar 2005 01. tbl. 22. árg. 899 kr. m.vsk.
UPPSELT HJÁ ÚTGEFANDA
LÍFRÓÐUR LEIKSTJÓRANS
FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON SEGIR FRÁ GJALDÞROTI ÍSLENSKU KVIKMYNDASAMSTEYPUNNAR OG HVAR HONUM MISTÓKST. HANN LÝSIR ÁRÁSINNI Á ÓLSTOFUNNI ÞAR SEM VITNUM VAR ÓGNAD.

FRANSKUR NÝSIRKUS
Laugardaginn 29. janúar kl.20:00
Borgarleikhúsið
Verð 2100 kr.
Midasala: 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
www.borgarleikhus.is
BOUGEZ PAS BOUGER
BORGARLEIKHÚSIÐ
ÍCELANDAIR

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

KVIKMYNDIR

The Aviator tilnefnd til 11 Óskarsverðlauna

Kvikmyndin The Aviator hefur verið tilnefnd til ellefu Óskarsverðlauna, þar á meðal sem besta myndin og fyrir besta leikstjórann; Martin Scorsese.

Einnig fengu leikararnir Leonardo DiCaprio, Cate Blanchett og Alan Alda tilnefningar. Myndin er byggð á ævi flugvéla- og kvikmyndamógúlsins Howard Hughes og þykir DiCaprio takast mjög vel upp í aðalhlutverkinu, en hann hefur áður verið tilnefndur til Óskarsins fyrir aukahlutverk í What's Eating Gilbert Grape. Margir vilja meina að nú sé loksins komið að því að Scorsese verði fyrir valinu, en fimm sinnum áður hefur Óskarinn gengið honum úr greipum.

Hnefaleikamyndin Million Dollar Baby og Finding Neverland koma næstar á eftir með sjö tilnefningar hvor, þar á meðal í flokknum besta myndin. Athygli vekur að gamli jaxlinn Clint Eastwood fékk tvær tilnefningar; fyrir að leikstýra og fyrir aðalhlutverkið í Million Dollar Baby. Jamie Foxx var einnig tilnefndur til tveggja verðlauna, annars vegar fyrir aðalhlutverkið í Ray, sem byggir á ævi tónlistarmannsins Ray Charles, og hins vegar fyrir aukahlutverk í Collateral. Foxx hlaut Golden Globe-verðlaunin á dögunum og þykir líklegastur til að hreppa styttuna eftirsóttu fyrir leik sinn í Ray.

Johnny Depp var tilnefndur fyrir hlutverk sitt í Finding Neverland, sem er byggð á ævi höfundar ævintýrisins um Pétur Pan. Þetta er annað árið í röð sem Depp er tilnefndur sem besti leikarinn, en í fyrra var hann tilnefndur fyrir hlutverk sitt sem sjóræninginn Jack Sparrow í Pirates of the Caribbean. Að auki var Don Cheadle tilnefndur fyrir frammistöðu sína í Hotel Ruanda.

Í kvennaflokki munu etja kappi á ný þær Hillary Swank og Annette Bening en þær börðust um Óskarinn árið 1999. Swank varð þá fyrir valinu fyrir Boys Don't Cry á meðan Bening varð að lúta í lægra haldi fyrir hlutverk sitt í American Beauty. Í ár er Swank tilnefnd sem boxari í Million Dollar Baby en Bening sem virt sviðsleikkona í Being Julia. Þær unnu báðar til Golden Globe-verðlaunanna fyrir skömmu.

Aðrar sem eru tilnefndar sem besta leikkonan eru Catalina Sandino Moreno fyrir myndina Maria Full of Grace, Imelda Staunton fyrir Vera Drake og Kate Winslet fyrir hlutverk sitt sem kærasta Jim Carrey í Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Ekkert varð úr því að Valdís Óskarsdóttir yrði tilnefnd fyrir að klippa þá mynd, en hún var nýverið tilnefnd til bresku BAFTA-verðlaunanna.

Óskarsverðlaunnn verða afhent þann 27. febrúar í Los Angeles. ■

THE AVIATOR Leonardo DiCapro í hlutverki Howard Hughes í myndinni The Aviator.

TVÆR TILNEFNINGAR Jamie Foxx er tilnefndur sem besti leikari í aðalhlutverki fyrir Ray og sem besti leikari í aukahlutverki fyrir Collateral.

HELSTU ÓSKARSTILNEFNINGARNAR

Besta mynd:
The Aviator
Finding Neverland
Million Dollar Baby
Ray
Sideways

Besti leikstjóri:	
Martin Scorsese	The Aviator
Clint Eastwood	Million Dollar Baby
Taylor Hackford	Ray
Alexander Payne	Sideways
Mike Leigh	Vera Drake

Besti leikari í aðalhlutverki:	
Don Cheadle	Hotel Ruanda
Johnny Depp	Finding Neverland
Leonardo DiCaprio	The Aviator
Clint Eastwood	Million Dollar Baby
Jamie Foxx	Ray

Besta leikkona í aðalhlutverki:	
Annette Bening	Being Julia
Catalina Sandino Moreno	Maria Full of Grace
Imelda Staunton	Vera Drake
Hilary Swank	Million Dollar Baby
Kate Winslet	Eternal Sunshine of the Spotless Mind

Besti leikari í aukahlutverki:	
Alan Alda	The Aviator
Jamie Foxx	Collateral
Morgan Freeman	Million Dollar Baby
Thomas Haden Church	Sideways
Clive Owen	Closer

Besta leikkona í aukahlutverki:	
Cate Blanchett	The Aviator
Laura Linney	Kinsey
Virginia Madsen	Sideways
Sophie Okonedo	Hotel Ruanda
Natalie Portman	Closer

OPINBERA.IS

Penninn býður ávallt bestu sætin

Þú getur stólað á frábært verð, mikil gæði og vandaða þjónustu.

Við bjóðum fjölbreytt úrval skrifborðs- og skrifstofustóla fyrir skrifstofuna, fundarherbergið, ráðstefnusalinn, mötuneytið eða kaffistofuna. Fjöldi lita, ýmsar tegundir áklæða og margskonar útfærslur gefa nær ótakmarkaða möguleika.

[5] Öllum stólum hjá Pennanum fylgir 7 daga reynslutími og 5 ára ábyrgð að lágmarki.

PENNAN

Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2000, Reykjavík
Penninn-Bókval, Hafnarstræti, 91-93, sími 461 5050, Akureyri
Penninn TRS, Selfossi • Penninn, Keflavík • Bjarg, Akranesi
Penninn, Vestmannaeyjum • Penninn, Ísafirði
www.penninn.is

RÝMINGARSALA

20% afsláttur af Nordsjö málningu

Flísar frá kr. 790 m²

Þúsundir fermetra af flísum á lækkuðu verði

Hornbaðker m/ nuddi og framhlið 140 x 140 kr. 115.000

Filtteppi kr. 295 m²

Sturtuhorn 80 x 80 gler kr. 12.900

ÁLFABORG

Skútuvogi 6 • Sími 568 6755 • www.alfaborg.is

TENÓRINN
Fös. 4. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 13. feb. kl. 20
Sun. 20. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 27. feb. kl. 20
Sýningum fer fækkandi

FAÐIR VOR
lau. 29. jan. kl. 20.00
Síðustu sýningar
Tangóball þriðjudaginn 1. febrúar Tangósveit lýðveldisins

IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
TOSCA
Landsbankinn Banki allra landsmanna
2. sýning 13.feb. kl. 19.00 – 3. sýning 18.feb. kl 20.00
4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – 5. sýning 25. febrúar kl. 20.00
6. sýning 27. febrúar kl. 19.00 – 7. sýning 4. mars kl. 20.00
8. sýning 6. mars kl. 19.00 – 9. sýning 12. mars kl. 19.00
Miðasala á netinu: www. opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.

VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Lau. 29/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Lau. 05/02 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

Ávaxtakarfan
AUSTURBÆR
Forsýning : Fös 04.feb kl. 12:00 sæti laus
Lau 05.feb kl. 15:00 örfá sæti laus
Frumsýning : Sun 06.feb kl. 14:00 örfá sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga
www.midi.is

Ungt listafólk
TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI, FIMMTUDAGINN 27. JANÚAR KL. 19.30
Verk fyrir flautu og hljómsveit eftir Mozart og Carl Nielsen
Sönglög og óperuaríur eftir Mahler, Bizet og Rossini
Hljómsveitarstjóri ::: Bernharður Wilkinson
Einleikari ::: Hafdís Vigfúsdóttir, flauta
Einsöngvari ::: Sólveig Samúelsdóttir, mezzósópran
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS · ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Miðasala í síma 545 2500 | www.sinfonia.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
EDITH PIAF
SALA HAFIN Á SÝNINGAR Í MARS!
■ Stóra sviðið kl. 20.00
ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur
Fim. 27/1 uppselt, lau. 29/1 uppselt. Allra síðustu sýningar.
ÖXIN OG JÖRÐIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
7. sýn. fös. 28/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 5/2 nokkur sæti laus, 9. sýn. lau. 12/2 nokkur sæti laus, 10. sýn. fim. 17/2, 11. sýn. fös. 25/2.
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - Thorbjörn Egner
Sun. 30/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 6/2 örfá sæti laus, sun. 13/2 örfá sæti laus. Síðustu sýningar.
EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Fös. 4/2 uppselt, sun. 13/2 uppselt, lau. 19/2 uppselt, lau. 26/2 uppselt, fös. 4/3 örfá sæti laus, fös. 11/3 nokkur sæti laus, fös. 18/3.
■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
NÍTJÁNHUNDRUÐ - Kaffileikhús - Alessandro Barrico
Lau. 29/1 örfá sæti laus, fös. 4/2, fös. 11/2.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
■ Litla sviðið kl. 20.00
BÖNDIN Á MILLI OKKAR - Kristján Þórður Hrafnsson
Fim. 27/1 nokkur sæti laus, lau. 29/1 nokkur sæti laus, fim. 3/2.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opið kl. 13:00-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 13:00-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

Handverkshefðir vinsælar

Haustastarf **Heimilisiðnaðarfélagsins** var með miklum ágætum í haust og var áberandi mikil aðsókn í þjóðbúningasaumi. Einnig komust færri að en vildu í myndvefnað og þæfingu. Starfsemin er nú að hefjast að nýju og er óhætt að segja að þar kenni margra áhugaverðra grasa. Má þar nefna **baldýringu, dúkaprjón, eldsmíði, faldabúning og skautbúning, hekl, hnífagerð, íleppa, jurtalitun, knipl, körfugerð, myndvefnað, möttulsaum, orkeringu, spjaldvefnað, tóvinnu, víravirki, alls kyns útsaum, þjóðbúninga kvenna og karla og flestar tegundir þæfingar.**

Einnig eru ýmsir fyrirlestrar og námskeið á döfinni. Laugardaginn, 29. janúar klukkan 10.00 fjallar **Elínbjört Jónsdóttir** um baldýringu í Hornstofu. Á sama stað fjallar **Ríkey Kristjánsdóttir** um íslenskar útsaumsgerðir 11. febrúar klukkan 20.00 og heldur síðan helgarnámskeið í útsaumi laugardaginn 12. febrúar og sunnudaginn 13. febrúar. Námskeiðin verða tvö, annars vegar fyrir byrjendur, hins vegar fyrir lengra komna. Fyrir þá sem skoðað hafa hið einstaka heimilisiðnaðarsafn á Blönduósi, eru námskeið Heimilisiðnaðarfélagsins kjörinn vettvangur til þess að kynnast listaverkum íslenskra kvenna nánar.

EKKI MISSA AF...

Regnhlífunum í New York, bókaþætti **Þorsteins J.** klukkan **21.15** í sjónvarpinu, þar sem hann skoðar bókaheiminn, segir nýjustu fréttir og spjallar við gesti um bækur á náttborðum heimsins...

Á skurðarborði augans, sýningu **Valgerðar Guðlaugsdóttur** í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu. Á sýningunni kryfur Valgerður kvenlíkamann og sundrar honum í smáar einingar sem mynda síðan einar og sér nýtt sjónarhorn á kvenímyndina...

Svíta í stórsveitarformi

Á tónleikum Stórsveitar Reykjavíkur í kvöld verður flutt svíta í þremur þáttum, byggð á íslenskum þjóðlögum, eftir stjórnanda tónleikanna, Eero Koivistoinen.

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR Safnar í disk sem hún ætlar að vinna með ýmsum stjórnendum.

Stórsveit Reykjavíkur heldur sína fyrstu tónleika á þessu ári í Ráðhúsi Reykjavíkur í kvöld klukkan 20.00. Stjórnandi á tónleikunum verður einn fremsti djasstónlistarmaður Finna um langt árabil, Eero Koivistoinen, sem einnig mun koma fram sem einleikari á tenórsaxófón.

Á tónleikunum verða ný og eldri verk eftir Koivistoinen, auk útsetninga hans af verkum annarra. Meað annars verður flutt nýtt verk Koivistoinens, Tvísöngur, en það er svíta í þremur þáttum, byggð á íslenskum þjóðlögum. Koivistoinen hefur, meðal annars, samið mikið fyrir Stórsveit finnska ríkisútvarpsins og margsinnis stýrt þeirri hljómsveit en hún telst með fremstu stórsveitum Evrópu. Þekktastur er Koivistoinen þó sem leiðandi saxófónleikari Finna síðustu áratugi. Hann er leitandi tónlistarmaður sem hefur reynt fyrir sér í ýmsum stílbrigðum djasstónlistar á löngum ferli og því ekki lítið forvitnilegt að fá að heyra hvernig hann vinnur úr íslensku þjóðlögunum.

EERO KOIVISOINEN Þekktasti saxófónleikari Finna.

Stórsveitin er einn af föstu punktunum í tilverunni, heldur að jafnaði sex tónleika í Ráðhúsinu á hverjum vetri – en sem fyrr segir eru tónleikarnir í dag fyrstu tónleikarnir á nýju almanaksári. Sigurður Flosason, forsvarsmaður Stórsveitarinnar, segir mikinn feng að því að fá Koivistoinen til liðs við hana. „Þetta er einn af fremstu djasstónlistarmönnum Finna og hefur verið um áratugaskeið. Hann hefur samið mjög svo áhugavert verk fyrir sveitina, svítu, og það er í fyrsta sinn sem slíkt heyrist í stórbandaformi.“

Sigurður segir Stórsveitina þegar byrjaða að safna í disk sem hún ætlar að vinna með ýmsum stjórnendum. „Við vinnum aðallega með erlendum stjórnendum,“ segir hann. „Við fáum nokkra slíka til okkar á hverju ári og erum byrjaðir á þeirri nýbreytni að taka upp nokkur lög með hverjum þeirra. Við stefnum að útgáfu á diski innan tveggja ára – og þá með alvarlegri tónlist. Við höfum gefið út disk með tónlist í léttari kantinum og nú er komið að þeim alvarlegri.“

Stórsveitin hefur starfað í fimmtán ár og Ráðhústónleikar hennar verið starfræktir stærstan hluta þess tíma. Þegar Sigurður er spurður hvað einkenni tónlistina sem flutt verður í kvöld, segir hann:

„Ætli við getum ekki sagt að það sé persónuleiki höfundarins og norrænt yfirbragð, en þó um leið alþjóðlegt. Það er dálítið andlega stutt á milli Finna og Íslendinga sem sést best í því að eftir að Koivistoinen sá nótur að íslensku þjóðlögunum á bók, skynjaði hann mjög vel eðli og kjarna tónlistarinnar. ■

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík
STÓRA SVIÐ
HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Fim 27/1 kl 20, Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT
Su 30/1 kl 20, Lau 5/2 kl. 20 - UPPSELT,
Sun 6/2 kl 20, Fi 10/2 kl 20 - UPPSELT,
Fö 11/2 kl 20 - UPPSELT,
Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT, Fi 17/2 kl 20,
Fö 18/2 kl 20 - UPPSELT, Lau 19/2 kl 20
HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Fö 28/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20
Síðustu sýningar
LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren Su 30/1 kl 14,
Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 Síðustu sýningar
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar
NÁMSKEIÐ UM VESTURFARNA HEFST Í BORGARLEIKHÚSINU 2. FEBRÚAR
Kennarar: Viðar Hreinsson, 2/2 Upphaf vesturferða Gísli Sigurðsson, 9/2 Sagnalist Vestur Íslendinga Helga Ögmundardóttir, 16/2 Lífskjör og aðstæður frumbyggjanna Böðvar Guðmundsson, 23/2 Bréfin frá Vestur-Íslendingum. Skráning hjá Mími Símenntun á www.mimi.is eða í síma 5801800. Þátttakendum verður boðið á sýningu á Híbýlum vindanna
NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
VIÐ ERUM ÖLL MARLENE DIETRICH FOR
e. Ernu Ómarsdóttur og Emil Hrvatin
Aðalæfing Fi 3/2 kl 20 - kr. 1.000
Frumsýning Fö 4/2 kl 20 - UPPSELT
Hátíðarsýning Su 6/2 kl 20
Mi 9/2 kl 20, Fi 10/2 kl 20,
Fö 11/2 - Lokasýning
BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Su 30/1 kl 20, Lau 5/2 kl 20 - UPPSELT,
Lau 12/2 kl 20, Su 13/2 kl 20
Sýningum lýkur í febrúar
AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA. Lau 29/1 kl 20, Su 6/2 kl 20,
Fö 11/2 kl 20 Ath: Miðaverð kr. 1.500
SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20
SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBÍAS.
Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20, Fi 3/2 kl 20,
Lau 5/2 kl 20 Ath: Bönnuð yngri en 12 ára.
BOUGEZ PAS BOUGER
Frönsk - japönsk nýsirkussýning
Lau 29/1 kl 20 - kr. 2.100
Aðeins þessi eina sýning
Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

Leikfélag Mosfellssveitar
Peysufatadagurinn
eftir Kjartan Ragnarsson
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Örn Árnason
12. sýning laugard. 29.jan. kl. 20:00
Hrund Ólafsdóttir gagnrýnandi Mbl sagði m.a. þetta um sýninguna: "Metnaður og nákvæm vinnubrögð eru aðalsmerki sýningar LM á Peysufatadeginum sem færir áhorfendur næstum sjötíu ár aftur í tímann og skal þeim óskað til hamingju með góða og látlausa sýningu."
Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1800,-

Nicotinell®

Qiappf`

Khqéqkqvddfdčj j ď ¯/ 1d 1 j d+

Wď fèest i.gčhc Kf^l.afk.b.ii qvddgéfis ifhc ¡ o∧dis∧rpq˜

%čk sfs_ ĭqqo∧ _o∧dsbck∧&

>OK>OPLK+QH±Kf@*--/*.0-.-2

C ĭ pq ď éiir j ∧méqbhr j

Kf^ lfkbii qvddfdčj j ď bo ivc pb j bo klq∧ď pb j eigčim∧obckf qfi ∧ď q∧ď bď∧ ao∧d∧ čo obvhfkdr ĭ+ŭ∧ď fkkfebiar o kfhéqčk pb j ilpk∧o ďbd∧o qrddfď bo) ccčpld∧pqď j r kkfkr j ld aobdr o čo ccčes∧ocpbfkhbkkr j ďbd∧o obvhfkdr j bo e ĭ qq+ čvddq∧ phv^i bfqq pqvhhf ď bfkr) e ĭ dq ld očibd∧ qfi ∧ď sfkk∧ dbdk obvhfkd∧ďčoc+ Ph∧ j j qro bo bfkpq∧hifkdp_rkafkk) bk bhhf j č qvddq∧ –bfof bk /2 pqh+ č a∧d+ Bhhf bo očai∧dq ∧ď klq∧ ivœď ibkdro bk . čo+ Kfhéqčk dbqro s^iafď ∧rh^sbohrkr j) p+p+ psf j ∧) eéčrďasboh) éfhpq∧ ld boqfkdr ď j biqfkd∧oc ĭ or j + Pqčhfikd∧o j bď pi ĭ j ∧ eq∧oq∧* ld ĭď∧pqčhaé j ∧ bfd∧ bhhf ∧ď klq∧ kfhéqčkivc kb j ∧ ď p∧ j očď sfď i ĭ hkf+ Ivœď bhhf ĭ qi∧ď č j bďdékdr ,_oqépq∧dqéč čk p∧ j očďp sfď i ĭ hkf+ Ufro pb j e∧c∧ lck ĭ j f cvofo kfhéqčkf bď∧ bfkesboqr eqčim∧obck∧kk∧ bfd∧ bhhf ∧ď klq∧ ivœď+kf˜ lqfkbii qvddfdčj j ď bo bhhf ĭ qi∧ď_éok ykdof bk .2 čo∧ kb j ∧ ď p∧ j očďf sfď i ĭ hkf+ Hvkkfď vhhro sbi ibfď_bfkfkd∧o pb j cvidq∧ m∧hhkfkdr kkf+ Dbv j fď ď∧o pb j _éok esl ohf kč qfi kd˜ pqčf

Háskólabíó

Epísk stórmynd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.
Sýnd kl. 5.45 & 9

★★★ „Frumleg og úthugsuð... persónur eru skýrar og forvitnilegar... jafnhrollvekjandi og sannleikurinn sem felst í myndinni... Sisto er mjög sannfærandi í aðalhlutverkinu." HL MBL
Sýnd kl. 8.10 og10

SÝND kl. 8 og 10.15

THE INCREDIBLES kl. 6 ísl. tal

BRIDGET JONES - THE EDGE OF REAS... kl. 5.50

★★★ HL MBL Langa trúlofunin
Sýnd kl. 5.30, 8 & 10.30 Ísl. texti

Marie-Jo og ástirnar tvær (Mari Jo et ses deux amours)
Sýnd kl. 6

Peningabíllinn (Le convoyer) ★★★ DV
Sýnd kl. 8

Grjóthaltu kjafti (Tais Toi) ísl. texti
Sýnd kl. 10

SMÁRA BÍÓ

Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40 B.i. 14 ára
Sýnd í LÚXUS kl. 5.20, 8 og 10.40

Sýnd kl. 3.35, 5.45 og 8

★★★ ...þegar hugsað er til myndarinnar í heild,er hún auðvitað ekkert annað en snilld" JHH/kvikmyndir.com
Stórstjarnan Nicole Kidman var tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni
Sýnd kl. 10.15

Sýnd kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.15 b.i. 10

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10

EINI THX LÚXUSSALUR LANDSINS

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN ÁLFABAKKI



Epísk stórmynd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.
Sýnd kl. 6, 8.30 og 10.10 b.i. 14
Sýnd í LÚXUS VIP kl. 8.30

Sýnd kl. 3.45, 6, 8.15 og 10.30

Kl. 3.45 og 6 m/ísl. tali
kl. 3.45, 6, 8.15 & 10.30 m/ens. tali



Sýnd kl. 4, 6.15 & 8.30

Sýnd kl. 10.30
Sýnd í LÚXUS VIP kl. 6

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 www.sambioin.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

23 24 25 **26** 27 28 29

Miðvikudagur

TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Stórsveit Reykjavíkur** heldur tónleika í Ráðhúsi Reykjavikur. miðvikudaginn 26. janúar kl. 20. Stjórnandi verður **Eero Koivistoinen**, einn fremsti jazztónlistarmaður Finna um langt árabil.

FYRIRLESTRAR

☐ 16.30 **Donald RJ Singer**, prófessor í klínískri lyfjafræði og forstöðumaður rannsóknarstofnunar um hagnýtingu vísinda við Læknadeild Warwick Háskóla í Englandi, flytur fyrirlestur í Odda, stofu 101, um hagnýtingu lyfjaerfðafræða í meðferð.

FUNDIR

☐ 20.00 **Gauti Kristmannsson** og **Soffía Bjarnadóttir**, bókmenntagagnrýnendur Víðsjár á Rás eitt, verða með spjall um jólabókaflóðið, bókmenntirnar og bókmenntaverðlaunin á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða í húsi Sögufélagsins, Fischersundi 3.

hvar@frettabladid.is

■ KVIKMYNDIR

Kattarkonan með sjö tilnefningar

Kvikmyndin Catwoman hefur verið tilnefnd til sjö Razzie-verðlauna, þar á meðal sem versta myndin og fyrir verstu leikkonu í aðalhlutverki; Halle Berry.

Razzie-verðlaunin eru skammarverðlaun sem eru afhent degi fyrir Óskarsverðlaunin á ári hverju. Athygli vekur að Bush Bandaríkjaforseti er tilnefndur í tveimur flokkum fyrir frammistöðu sína í heimildarmynd Michaels Moore, Fahrenheit 9/11. Etur hann kappi við þá Vin Diesel (The Chronicles of Riddick) og Ben Affleck (Jersey Girl og Surviving Christmas) í flokknum versti leikarinn. Einnig er hann tilnefndur í flokknum „Versta tvíeykið á hvíta tjaldinu" eftir samskipti sín við Condoleezza Rice, öryggisráðgjafa Bandaríkjanna, og geitina sem hann las um í barnaskóla á sama tíma og hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin voru gerðar. Alls hlaut Fahrenheit 9/11 fimm tilnefningar, sem er það mesta sem heimildarmynd hefur fengið.

Stórmynd Olivers Stone, Alexander, er tilnefnd til sex verðlauna, þar á meðal sem versta myndin og fyrir verstu leikara í aðalhlutverkum, þau Colin Farrell og Angelinu Jolie. Einnig hlutu tvíburasysturnar Mary-Kate og Ashley Olsen tvær tilnefningar hvor fyrir tilþrif sín í myndinni New York Minute.

Í tilefni þess að 25 ár eru liðin síðan Razzie-verðlaunin voru fyrst afhent eru verstu myndir síðustu 25 ára tilnefndar. Þar komast meðal annars á lista „stórvirki" á borð við Battlefield Earth, Gigi, The Adventures of Pluto Nash, Swept Away og Show Girls. ■

CATWOMAN Halle Berry og Sharon Stone í kvikmyndinni Catwoman, sem þótti ekki standa undir væntingum.



Viltu 2 bíómiða á 99 kr?
Sendu SMS skeytið JA ABF á númerið 1900 og þú gætir unnið.
9. hver vinnur.
Vinningar eru: Miðar á myndina • DVD myndir geisladiskar og margt fleira.
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

■ KVIKMYNDIR

Wahlberg í mynd Scorseses

Leikarinn Mark Wahlberg mun fara með hlutverk í væntanlegri mynd leikstjórans Martins Scorsese, The Departed, sem áður gekk undir nafninu Infernal Affairs. Um er að ræða endurgerð Hong Kong-myndar frá árinu 2002.

Áður höfðu þeir Matt Damon og Leonardo DiCaprio gengið til liðs við Scorsese. Myndin fjallar um það þegar glæpamaður smeygir sér í innstu raðir lögreglunnar en á sama tíma er lögga í dulargervi í glæpaheimum. ■

MARK WAHLBERG Þessi góðkunni leikari fer með hlutverk í væntanlegri mynd Martins Scorsese.

HANDAVINNUNÁMSKEIÐ

í Kópavogi og Selfossi

Boðið er upp á kennslu í silkiborðassaumi (1-2 og 3), Hvítsaumi, upphleyptum ullarsaumi, herpisaumi, „kunstbroderi", svartsaumi, þvívíddarsaumi, harðangri og annarri almennri handavinnu. Innritun og upplýsingar hjá ***Jóhönnu Snorradóttur*** í síma ***554 1774*** og ***697 8030.***

Listagallery Ingu.
Inga Holdø

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN
KRINGLAN

★★★★ Ian Nathan/EMPIRE
★★★½ Kvikmyndir.is
ALEXANDER
STÆRSTA BIÐSÖGN ALLRA TÍMA VAR SÖNN
Epísk stórmynd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.
Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.i. 14

★★★ SV - MBL
Ein vinsælasta myndin í USA í 4 vikur samfleytt.
Sýnd kl. 6, 8.15 og 10.30

★★★½ kvikmyndir.com
THE INCREDIBLES
FRÁ FRAMLEIÐENDUM FINDING NEMO
★★★★★ MbI
★★★ DV
Sýnd kl. 5.45 m/ísl. tali
Yfir 32.000 gestir

KRINGLAN 588 0800 www.sambioin.is

REGNBOGINN
Hverfisgötu 551 9000
Nýr og betri

„Sideways er eins og eðalvín með góðri fyllingu.Ún er bragðgóð, þægileg og skilur eftir sig fínt eftirbragð"
★★★★ Þ.Þ FBL
Hlaut tvenn Golden Globe verðlaun
Besta myndin
Besta handritið
Skyldu-áhorf fyrir bíófólk, ekki spurning!"
★★★½ T.V Kvikmyndir.is
SIDEWAYS
„Fullkomlega ómissandi mynd" S.V. MBL ★★★★★
Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40 B.i. 14 ára

Tilnefnd til 5 Golden Globe verðlauna þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og leikari í aðalhlutverki.
Einstök mynd um höfund hinnar sígildu sögu um Pétur Pan.
★★★ NMJ Kvikmyndir.com
FINDING NEVERLAND
Tilnefnd til 7 Óskarsverðlauna þ.á.m. besta mynd, leikari og handrit.
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20

Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.i. 10

Sýnd kl. 10 b.i. 16

www.regnboginn.is

LAUGARÁS BÍÓ 553 2075

Birth
★★★ ...þegar hugsað er til myndarinnar í heild,er hún auðvitað ekkert annað en snilld" JHH/kvikmyndir.com
Stórstjarnan Nicole Kidman var tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni
Sýnd kl. 6, 8 og 10

Dómnefndarverðlaunin í Cannes
Valin besta erlenda myndin í Bretlandi
Myndin sem Quentin Tarantino elskar!
oldboy
★★★★ HJ - MBL
★★★★ ÓÖH - DV
★★★★ Kvikmyndir.com
Sýnd kl. 5.40 og 10.10 b.i. 16

BLADE TRINITY
Sýnd kl. 8 b.i. 16

BÚI & SIMON
Miðaverð 400 kr.
ÍSLENSKT TAL
Sýnd kl. 6 Ísl. tal

www.laugarasbio.is

Veröld ný og góð

LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

Spítalaskipið
Nemendaleikhúsið,
Smiðjunni við Sölvhólsgötu

Höfundur: Kristínu Ómarsdóttur **Leikstjóri**: María Reyndal **Dramatúrg**: Kristín Eysteinsdóttir **Leikmynd**: Bjarni Þór Sigurbjörnsson **Búningar og gervi**: Katrín Þorvaldsdóttir **Ljós og gagnvirk tækni**: Egill Ingibergsson **Tónlist og hljóðmynd**: Ólöf Arnalds **Danshöfundur**: Guðmundur Helgason **Leikaraefnin**: Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Atli Þór Albertsson, Guðjón Davíð Karlsson, Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Oddný Helgadóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Orri Huginn Ágústsson og Sara Dögg Ásgeirsdóttir.

Niðurstaða: Gallinn við verkið í Nemendaleikhúsinu er sá að enginn fær almennilega eldskírn við að vinna til hlítar alvöru bitastætt hlutverk þar sem reynir á tilfinningaskalann og breidd í túlkun.

Skrýtið leikrit atarna. Enda hefur höfundur sjaldnast farið troðnar slóðir í skáldskap sínum hvort heldur hún skrifar ljóð, skáldsögur eða leikrit. Styrkur þessa verks liggur í fantasíunni og lýtur sínum eigin lögmálum. Súrrealískur textinn sem fellur af vörum persónanna hefur tilvísanir í allar áttir og hittir mann oft illa þegar maður liggur óafvitandi vel við höggi, niðursokkinn í eigin hugsanir, jafnvel á kafi í að upphugsa eitthvað til að skrifa um það sem fyrir augu og eyru ber. Leikstjórinn hefur valið leikritinu form í anda verksins og hún er ekki árennileg þessi veröld sem höfundur sér fyrir sér. Hún hefur þó húmorinn í lagi en fellur stundum í þá gryfju að troða boðskapnum ofan í mig með teskeið. Textinn er á köflum ljóðrænn og fallegur en líka ruddalega hispurslaus og lætur hún stundum vaða svoleiðis á súðum að mann sundlar. Leikstjórinn hefur kosið að fara einafalda stílfærða leið í leikmynd, búningum og gervum og fríað sig öllu því sem gæti talist rökrétt framhald af þeim heimi sem nú er. Leikaraefnin hafa undir stjórn Maríu Reyndal gefið sig algjörlega verkefninu á vald og nálgast viðfangsefni sitt af einbeitni og alúð. Hins vegar gefur þessi nýstárlega veraldarsýn verksins ekki tilefni til djúprar persónusköpunar þar sem heimsskipulagið er svo einsleitt. Allt er annaðhvort svart eða hvítt. Gallinn við verkið í Nemendaleikhúsinu er sá að enginn fær almennilega eldskírn við að vinna til hlítar alvöru bitastætt hlutverk þar sem reynir á tilfinningaskalann og breidd í túlkun. Það er sannarlega vandasamt að finna bitastæð hlutverk handa níu leikaraefnum en það verður að leita logandi ljósi að því engu að síður. Í þessu verki er jafnræði með flestum hvað frammistöðu varðar og í heild er sýningin áhugaverð, full af leikhúslegum uppákomum og krydduð kómískum smáatriðum. Aðalbjörg Þóra sýndi jafnan leik og var yfirleitt einlæg í túlkun sinni. Hefur auk þess prýðisgóða framsögn. (Mér finnst þau öll hafa bætt framsögn sína til muna frá því fyrr í vetur en það kom fyrir að áherslur hljómuðu sérkennilega.) Atli Þór naut sín vel í kafteinum en ég hef á tilfinningunni að hann eigi meira inni. Guðjón Davíð Karlsson sýndi skemmtilega takta sem gamall herráðsmaður og Benjamín hans hafði mannlegar taugar sem glitti í. Jóhanna Friðrika hefur djúpa altrödd sem hún gæti spilað miklu meira á. Henni tókst nokkuð misjafnlega upp á hátíðarsýningunni á sunnudag en hún skoraði í skemmtilegu karlhlutverki sem lék þó tveimur skjöldum. Jóhannes Haukur var skemmtilegastur í hlutverki fangavarðar. Oddný og Sara Dögg voru svo áþekkar á sviðinu að ég þekkti þær ekki alltaf í sundur. Þær eru orkumiklar og gustar af þeim á sviðinu. Ólafur Steinn var látlaus og stillti túlkun sinni í hóf en ég hef trú á því að hann geti komið sterkari inn ef hann fær verðugt hlutverk í næsta verkefni. Orri Huginn vann þokkalega úr sínu en má gæta sín að venja sig ekki á of ýkta framsögn. Í heildina er þessi fyrsti útskriftarhópur leiklistardeildar LHÍ kraftmikill og áhugaverður. Það eru spennandi tímar framundan og mikils að vænta af leikaraefnunum ungu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Franska leikkonan **Audrey Tautou** hefur fengið hlutverk í nýrri kvikmynd sem verður byggð á metsölubókinni Da Vinci lykillinn. Tautou er þekktust fyrir hlutverk sín í Amélie og Langri trúlofun. Hún mun leika Sophie Neveu, dóttur Roberts Langdon prófessors sem verður leikinn af Tom Hanks. Að auki leikur Jean Reno rannsóknarlögguna Bezy Fache. Tökur á myndinni hefjast seinna á þessu ári og er hún væntanleg á hvíta tjaldið í maí á næsta ári.

Leikkonunni **Nicole Kidman** brá heldur betur í brún á dögunum þegar hlerunartæki fannst í glæsivillu hennar í Sydney í Ástralíu. Eftirlitsmyndavél náði því á filmu þegar óboðinn gestur laumaði tækinu í öryggisálmu þar sem lífverðir Kidman dvelja. Lögreglan rannsakar nú málið.

Leikkonan **Drew Barrymore** sást nýverið skoða brúðarkjóla í New York. Þar með ýtti hún undir orðróm um að hún ætli að giftast rokkaranum Fabrizio Moretti úr hljómsveitinni The Strokes. Barrymore, sem er tvífráskilin, byrjaði með Moretti sumarið 2002.

Söngkonan **Britney Spears** hefur látið húðflúra hebreskt tákn aftan á háls sinn. Merkir það „kraftur lækningarmáttarins" og er fengið úr Kabbalah-trúarbrögðunum sem Madonna kynnti fyrir vinkonu sinni.

Rithöfundurinn J.K. Rowling eignaðist sitt þriðja barn fyrir skömmu. Rowling og eiginmaður hennar, **dr. Neil Murray**, eru himinlifandi með nýjasta erfingjann. Fyrir á Rowling hinn 22 mánaða David og Jessicu sem er 11 ára.

■ TÓNLIST

BJÖRK OG MURI Hafa það notalegt í nýjasta tónlistarmyndbandi söngkonunnar sem er leikstýrt af sjálfum Spike Jonze, sem gerði Being John Malkovich.

Bjarkarmyndband í Ópinu

Bjarkarmyndbandið við lagið Triumph of a Heart af plötunni Medúlla verður frumsýnt í íslensku sjónvarpi í þættinum Óp í Sjónvarpinu í kvöld. „Við erum auðvitað hæstánægð með að fá að frumsýna myndbandið enda eru Bjarkarmyndböndin með þeim flottustu sem hafa verið gerð og það toppar þetta að Spike Jonze leikstýri," segir Þóra Tómasdóttir, sem sér um Ópið ásamt Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur og Kristjáni Inga Gunnarssyni.

Fréttablaðið sagði frá því um helgina að kötturinn Muri færi með veigamikið hlutverk í myndbandinu og Þóra segir að það sé vissulega gaman, eftir alla umfjöllunina sem myndbandið hefur fengið, að fá loksins að sjá það á skjánum.

Myndbandið, sem var tekið upp á Íslandi ekki alls fyrir löngu, verður einnig sem verður einnig aðgengilegt á vefnum bjork.com. ■

Stökktu á skíði til Austurríkis
12. febrúar
Flug og hótel frá aðeins kr. 59.990

Heimsferðir bjóða þér að stökkva á skíði til eins vinsælasta skíðabæjar Austurrísku alpanna, Zell am See. Beint flug til Salzburg og um klst. akstur til Zell. Í boði eru góð þriggja og fjögurra stjörnu hótel í hjarta Zell, rétt við skíðalyfturnar, veitingastaði, verslanir og kvöldlífið. Frábær aðstaða, 56 lyftur og allar tegundir af brekkum, einnig fyrir snjóbretti og gönguskíði.

Frá 59.990 kr.
Flug, skattar og hótel án nafns, Zell am See/Schuttdorf, í tvíbýli með morgunverði. 12. febrúar. Vikuferð. Netverð.

Frá 29.990 kr.
Flugsæti með sköttum til Salzburg, 12. febrúar. Netverð.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is

Hvað á barnið að heita?

Þann 11. febrúar hefjast útsendingar
á nýrri talmálsstöð á fm 90,9.

365

Sumarfrí á ítölsku rívíerunni
í verðlaun fyrir besta nafnið

Vertu með í nafnasamkeppni fyrir
nýju talmálsstöðina á vísir.is

Við ætlum að fjalla um allt milli himins og jarðar: íslenskt samfélag, umheiminn, menningu, listir og stjórnmál. Gagnrýnin og markviss umræða, fróðleikur, skemmtun - það eru okkar markmið.

Okkur vantar nafn á stöðina og leitum til ykkar. Farðu á visir.is og skilaðu þínum tillögum fyrir fimmtudagur 27. janúar.

www.urvalutsyn.is

vísir

VIÐ TÆKIÐ | Að sigra er ekki nóg

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR VERÐUR FYRIR TVÖFÖLDUM SKAMMTI AF IDOL.

Idol-keppnin er orðin tvöföld. Það er ekki bara að við fáum að fylgjast spennt með því hvaða Íslendingur verði næsti Idol-sigurvegari, heldur er bandaríska keppnin einnig byrjuð. Það helsta sem þessi samanburður segir okkur er að þrátt fyrir að Bubbi þykist vera eitthvað hörkutól, þá er hann ekkert – skrifa og segi ekkert – miðað við Simon.
Simon hefur auðvitað haft lengri tíma til að fínpússa framkomu sína í þættinum. Hann á hugmyndina á bak við þáttinn. Hann er hinn upprunalegi Simon. Meira að segja í fyrsta breska þættinum sem hann gerði (áður en hann meikaði það með Idolið í Ameríku) var hann orðinn illgjarn og réðst með miklu offorsi gegn einhverjum latínógæja, sem söng lag Britney Spears af mikilli innlifun; „Hit me baby one more time“. Ég man ekkert hvað latínógæinn heitir, þrátt fyrir loforð hans um að hann yrði orðinn heimsfrægur að ári og handhafi fjölda platínuplatna. Ég man heldur ekki hver vann, enda skiptir slíkt engu máli. Keppnin snýst um að vinna þá keppni – ekki að verða stórstjarna. Þess vegna getur maður tekið hattinn ofan fyrir Kalla Bjarna, fyrir að hafa unnið keppnna í fyrra. En það er ekki þar með sagt að hann sé orðinn poppstjarna. Það þarf nokkuð meira til.
Nú þegar keppnin er orðin tvöföld, og við getum fylgst með hver er líklegastur til sigurs, bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum, ætti spennan kannski að tvöfaldast líka. Það sem dregur aðeins úr spennunni er vitneskjan um að þetta er bara keppni. Sigurvegarinn stendur einn uppi, sigurvegari, en ekki poppstjarna.



SIMON COWELL Er hinn upprunalegi illgjarni dómari.

21.25 *Fræðsla*

Regnhlífarnar í New York. Þáttaröð um alls kyns bækur í umsjón Þorsteins J. og Sigurðar G. Valgeirssonar.

22.00 *Drama*

Life Begins. Nýr þáttur um Maggie sem er ekki sú heppnasta og það reynir á hana þegar eiginmaðurinn yfirgefur hana.

21.00 *Raunveruleiki*

The Bachelorette – tvöfaldur. Nú þarf Meredith að velja sér mannsefni og spurning er hvort hún biður hins eina rétta.

SJÓNVARPIÐ

15.35 HM í handbolta. Endursýndur verður leikur Íslendinga og Slóvena. **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (5:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (17:42)

18.30 **HM í handbolta** Hitað upp fyrir leik Íslands og Kúveit sem hefst klukkan 19.10.
19.00 **Fréttir og veður**
19.10 **HM í handbolta** Bein útsending frá leik Íslands og Kúveit.
20.55 **Víkingalottó**
21.00 **Óp** Þáttur um áhugamál unga fólksins.
21.25 **Regnhlífarnar í New York (3:10)** Þáttaröð um bækur í öllum regnbogans litum. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
22.00 **Tíufréttir**
22.30 **Handboltakvöld** Fjallað verður um HM karla í Túnis.
22.50 **Í brennidepli** Fréttaskýringaþáttur í umsjón Páls Benediktssonar. Dagskrárgerð: Haukur Hauksson. e. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

23.35 Mósaík **0.10** Dagskrárlok

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey (e) **10.20** Ísland í bítið

12.00 Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Two and a Half Men (11:24) (e) **13.10** The Osbournes (16:30) (e) **13.40** Whose Line is it Anyway **14.05** Idol Stjörnuleit (e) **15.35** Idol Stjörnuleit (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.00 **Ísland í dag**
19.35 **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
20.00 **You Are What You Eat (2:8)** (Mataræði) Hjá sumum er mataræðið hreint og beint skelfilegt.
20.30 **Summerland (12:13)** Bandarískur myndaflokkur um unga konu sem þarf að kúvenda lífi sínu.
21.15 **Extreme Makeover (23:23)** (Nýtt útlit 2)
22.00 **Life Begins (2:6)** (Nýtt líf) Maggie, sem brátt kemst á miðjan aldur, á tvo unglinga og uppeldið lendir alfarið á henni. Ekki bætir úr skák að nú þarf að reka heimilið á tekjum einstæðrar móður.
22.45 **Oprah Winfrey** (Jim Carrey Goes Wild with Oscar Icon Meryl Streep) Gestir Opruh koma úr öllum stéttum þjóðfélagsins en fræga fólkinu þykir mikilsvert að koma fram í þættinum.

23.30 Come Together **1.00** Six Feet Under 4 (12:12) (e) (Bönnuð börnum) **1.55** Sleepless in Seattle **3.35** Fréttir og Ísland í dag **4.55** Ísland í bítið (e) **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SKJÁREINN

17.45 Bingó (e)

18.30 **Innlit/útlit (e)**
19.30 **Borðleggjandi með Völla Snæ (e)** Völundur býr sem kunnugt er á Bahamaeyjum þar sem hann rekur veitingastað og galdrar fram suðræna og seiðandi rétti – með N-Atlantshafslegu yfirbragði.
20.00 **Fólk – með Sirrý** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.
21.00 **The Bachelorette – tvöfaldur** Nú þarf Meredith að velja sér mannsefni.
22.30 **Helena af Tróju – lokaþáttur** Gríska þokkagyðjan Helena varð ástfangin af hinum fagra Paris sem nam hana á brott með sér til Tróju. Eiginmaður Helenu varð ekki hrifinn og virkjaði flota Grikkja til að endurheimta frúna.

23.15 Jay Leno **0.00** Judging Amy (e) **0.45** Óstöðvandi tónlist

STÖÐ 2 BÍÓ

6.05 Showtime (B) **8.00** The Man Who Sued God **10.00** Austin Powers in Goldmember **12.00** Daddy Day Care **14.00** Sugar and Spice **16.00** The Man Who Sued God **18.00** Showtime (B) **20.00** Daddy Day Care **22.00** Boat Trip (B) **0.00** Austin Powers in Goldmember **2.00** All Over the Guy (BB) **4.00** Boat Trip (B)

OMEGA

18.00 Joyce Meyer **18.30** Fréttir á ensku **19.30** Ron Phillips **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Joyce Meyer **22.00** Ewald Frank **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Um trúna og tilveruna (e) **0.30** Nætursjónvarp

AKSJÓN

7.15 Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.00** Snowcross 2004 3/5 **20.30** Aksjóntónlist **21.00** Níubíó **23.15** Korter

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS

10.00 SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **5.30** CBS News

CNN

8.00 Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** World Sport **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

EUROSPORT

8.30 Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **12.00** Figure Skating: European Championship Torino Italy **16.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **17.00** Figure Skating: European Championship Torino Italy **17.30** Figure Skating: European Championship Torino Italy **21.15** Olympic Games: Olympic Magazine **21.45** Adventure: X – Adventure Raid Series **22.15** Golf: U.S. P.G.A. Tour Buick Invitational **23.15** News: Eurosportnews Report **23.30** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **0.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

BBC PRIME

7.00 Captain Abercromby **7.15** The Story Makers **7.35** The Really Wild Show **8.00** Holiday on a Shoestring **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Cash in the Attic **10.45** The Weakest Link Special **11.30** Diet Trials **12.00** EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** Search **13.15** Search **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Captain Abercromby **14.45** The Story Makers **15.05** The Really Wild Show **15.30** The Weakest Link Special **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Diet Trials: Where Are They Now? **18.30** EastEnders **19.00** Charlie and the Duchess **20.00** 50 Places to See Before You Die **20.30** Birthday Programme **21.00** No Going Back **22.00** The Fabulous Bagel Boys **23.00** Popcorn **0.00** American Visions **1.00** Masterclass **1.45** Personal Passions **2.00** Europe: Culture & Identities **2.30** Europe: Culture & Identities **3.00** Back to the Floor... Again **3.30** Money Money Money **4.00** Follow Me **4.15** Follow Me **4.30** Teen English Zone

NATIONAL GEOGRAPHIC

16.00 Bilby: the Easter Bunny? **17.00** Outlaw: the Real Ned Kelly **18.00** Bay of Fire **19.00** Batavia's Bones **20.00** The Case of the Baby-faced Assassins **21.00** Frontlines of Construction: Sky Walkers **22.00** Frontlines of Construction: Olympics **23.00** Battlefront: Battle of Stalingrad **23.30** Battlefront: Battle of Dieppe **0.00** Frontlines of Construction: Sky Walkers **1.00** Isabel Ellsen

ANIMAL PLANET

16.00 The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Great Whites Down Under **20.00** Realm of the Orc **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Killing for a Living **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed all About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets **1.00** Great Whites Down Under **2.00** Realm of the Orca **3.00** Emergency Vets **3.30** Hi-Tech Vets **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

DISCOVERY

16.00 Fishing on the Edge **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Most Evil Men in History **17.30** Virtual History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Bike is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Industrial Revelations – The European Story **20.30** Industrial Revelations – The European Story **21.00** True Horror **22.00** Virtual History **0.00** Europe's Secret Armies **1.00** Gladiators of World War II **2.00** Fishing on the Edge **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Dream Machines **4.30** Ultimate Cars

MTV

9.00 Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Hit List UK **19.00** MTV Making the Movie **19.30** Making the Video **20.00** Exit Short Films **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** The Lick **23.00** Pimp My Ride **23.30** MTV – I Want A Famous Face **0.00** Just See MTV

VH1

9.00 Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** We Are Family Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Fabulous Life Of **20.30** Fabulous Life Of **21.00** Shortest Celebrity Weddings **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

CARTOON NETWORK

7.30 The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom and Jerry **12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the

VIÐ MÆLUM MEÐ...

ÓP *Sjónvarpið* **kl. 21.00.**

Fyrsti Óp-þátturinn var sýndur 13. október árið 2004.

Gítarsólókeppni

Í þætti kvöldsins fer meðal annars fram allsherjar gítarsólókeppni þar sem ungir og efnilegir gítarleikarar taka þátt og spreyta sig á gítarnum. Einnig er rætt við kvikmyndaleikstjórann Martein Þórsson um myndina 1,0 sem hefur fengið ákaflega góða dóma vestan hafs og er sýnd í bíóhúsum borgarinnar. Rýnt verður í japanskar myndasögur með hjálp fróðra manna og einnig verður spjallað við þrjár upprennandi stjörnur, þær Anítu Briem, Hafdísi Huld Þrastardóttur og Maríu Þórðardóttur, sem allar fást við spennandi en ólík verkefni í London.

Umsjónarmenn eru Kristján Ingi Gunnarsson, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Þóra Tómasdóttir.

Aníta Briem er meðal gesta þáttarins.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Yeah. So was Julius Caesar. I didn't know him either."

Svar: Barbara Graham úr kvikmyndinni I Want to Live! frá árinu 1958.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Bréfið **11.03** Samfélagið í nærmynd

12.50 Auðlind **13.05** Orð skulu standa **14.03** Útvarpssagan, Tristan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.26** Spegillinn

19.00 Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Þjóðbrók **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.25** Fornsagnaslóðir **23.00** Fallegast á fóninn

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.05 Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni heldur áfram **7.30** Morgunvaktin **10.03** Brot úr degi **11.30** Íþróttaspjall

12.45 Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.26** Spegillinn

20.00 Útvarp Samfés **21.00** Konsert með Electric 6 og Hal **22.10** Geymt en ekki gleymt

0.10 Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið - Það besta úr vikunni **9.00** Gulli Helga

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson (Íþróttir eitt) **16.00** Jói Jó

18.30 Kvöldfréttir Stöðvar 2 og Bylgjunnar **19.30** Bjarni Ólafur Guðmundsson - Danspartí Bylgjunnar.

ÚTVARP SAGA FM 99,4

09.03 Ólafur Hannibalsson **10.03** Símatími (Umsj. Arnþrúður Karlsd.) **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir

12.25 Smáauglýsingar (Sími: 904-1994) **13.00** Íþróttafréttir **13.05** Á föstunni **14.03** Gústaf Níelsson **15.03** Þorgrímur Gestsson

16.03 Viðskiptaþátturinn: (Blaðamenn Viðskiptablaðsins) **17.05** Tölvur og tækni **18.00** Heil og Sæl **20.00** Endurflutningur

19.50

Íþróttir

Man. Utd. – Chelsea. Undanúrslitum enska deildarbikarsins lýkur í kvöld og leikur Manchester og Chelsea verður sýndur í beinni.

SÝN

16.30 Game TV **17.00** Jing Jang **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

19.00 **HM-hálandaleikar** (Skosku Callander-hálandaleikarnir)

19.20 **Heimsbikarinn á skíðum** Nýjustu fréttir af framgöngu skíðamanna á heimsbikarmótum.

19.50 **Enski boltinn** (Man. Utd. – Chelsea) Bein útsending frá síðari leik Manchester United og Chelsea í undanúrslitum deildabikarsins. Hér mætast tvö af bestu liðum Englands en í margra augum er þetta hinn raunverulegi úrslitaleikur keppninnar.

22.00 **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina.

22.30 **David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

23.15 Enski boltinn (Man. Utd. – Chelsea)

POPP TÍVÍ

7.00 Jing Jang **7.40** Meiri músík **17.00** Jing Jang **18.00** 17 7 (e) **19.00** I Bet You Will **19.30** Idol Extra (e) **20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.00** Ren & Stimpy **21.30** Gary the Rat **22.00** Fréttir **22.03** Jing Jang **22.40** Real World: San Diego **23.10** Meiri músík

Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

FOX KIDS

7.15 Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

MGM

7.35 Man of la Mancha **9.40** Outback **11.15** Alias Jesse James **12.45** For Better Or for Worse **14.20** Hannibal Brooks **16.20** Pork Chop Hill **18.00** Texasville **20.05** Scenes from the Goldmine **21.50** Too Outrageous **23.40** Sam Whiskey **1.15** Report to the Commissioner **3.05** Eve of Destruction

TCM

20.00 All Fall Down **21.55** Slither **23.30** Something of Value **1.20** Bhowani Junction **3.10** Lady L

HALLMARK

8.00 Anastasia: The Mystery of Anna **9.45** Gracie's Choice **11.15** Early Edition **12.00** Seasons of the Heart **13.45** Secrets **15.15** Anastasia: The Mystery of Anna **17.00** Gracie's Choice **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order III **20.30** Ruby's Bucket of Blood **22.15** Sally Hemings: An American Scandal

HRÓSIÐ

...fær Dagur Kári Pétursson, kvikmyndaleikstjóri og tónlistarmaður í Slowblow, fyrir að vera 24. Íslendingurinn til að hljóta Íslensku bjartsýnisverðlaunin, en verðlaunin eru hugsuð sem viðurkenning fyrir það sem vel er gert og hvatning til að verðlaunahafarnir verði langlífir í sínu fagi.

3 SPURÐIR

Hefur þú áhyggjur af hlýnun jarðar og að byggð leggist af á Íslandi?

FRANZ GUNNARSSON, Ensími

Hræddur síðan í grunnskóla
Ég hef haft áhyggjur af þessari þróun síðan í grunnskóla. Bekknum var kynnt þessi mögulega þróun, að loftlagsbreyting gæti haft veruleg áhrif á Golfstrauminn og bráðnun jökla einnig. Sú mynd að Ísland yrði óbyggileg hefur fylgt mér allar götur síðan.

KARL INGI KARLSSON, Dáðadrengur

Með tálkn bak við eyrun
Ég hef miklar áhyggjur af hlýnun jarðar, en ég hef ekki miklar áhyggjur af því að byggð leggist af á Íslandi í kjölfarið. Það væri hrikalegt ef veröldin okkar myndi breytast í kvikmyndina Waterworld, menn væru með tálkn á bak við eyrun og fleira. Ég sá líka einu sinni Futurama þátt þar sem allt var orðið of heitt. Þá köstuðu þeir ísklumpum í sjóinn þegar það var orðið of heitt. Ég vona samt að við þurfum ekki að grípa til svona bráðabirgðalausna.

ANNA KATRÍN GUÐBRANDSDÓTTIR söngkona

Allir verða að taka höndum saman
Auðvitað hefur ég áhyggjur af hlýnun jarðar og að byggð leggist af á Íslandi. Ég vil ekki að byggð leggist af á landinu sem ég er alin upp á. Það væri ekkert grín að fara frá landinu, koma fimmtíu árum seinna til baka og það væri engin byggð. Það er frekar vond tilfinning.

Það er lítið hægt að gera við hlýnuninni strax en fólk verður að hugsa sinn gang. Það verða allir að taka höndum saman en því miður eru þó nokkuð margir sem er alveg skítsama. Þeir verða að átta sig á því að hlýnunin mun hafa áhrif á afkomendur okkar.



Lárétt: **2** eldsneyti, **6** útgerðarfélag, **8** ætt, **9** gen, **11** núna, **12** sóða, **14** skorta, **16** leikfélag, **17** grip, **18** hagnað, **20** í röð, **21** þræta.
Lóðrétt: **1** spil, **3** byrði, **4** firn, **5** vend, **7** sefur ekki, **10** eins um á, **13** eins um n, **15** svara, **16** ábreiða, **19** íþróttafélag.
Lausn:
Lárétt: **2** koks, **6** úa, **8** kyn, **9** dna, **11** nú, **12** óðáms, **14** vanta, **16** la, **17** mun, **18** alk, **20** rs, **21** karp.
Lóðrétt: **1** lúdó, **3** ok, **4** kynstur, **5** snú, **7** andvaka, **10** aða, **13** mmm, **15** ansa, **16** lak, **19** kr.

[VEISTU SVARIÐ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. SÍF.
2. Fimmta sæti.
3. Johnny Carson.

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

ERLENDUR STEINGRÍMSSON: KENNARI Í FB OG PERSÓNA Í TÖLVULEIK

Smíðakennari þjálfar Chelsea

Erlendur Steingrímsson hefur tekið við þjálfun enska stórliðsins Chelsea af Portúgalanum Jose Mourinho, að minnsta kosti í nýjustu útgáfunni af fótboltaleiknum Championship Manager sem kom út fyrir skömmu.

Erlendur, sem er í raun smíðakennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, kannast við að vera í tölvuleiknum vinsæla en segist ekki hafa átt nokkurn þátt í því að koma sér þar inn.

Fyrir nokkrum árum var hægt að senda inn myndir og upplýsingar um fólk sem notendur vildu að yrðu þjálfarar í næstu útgáfu af leiknum. Svo virðist sem einhver hafi sent inn myndina og í nýjustu útgáfunni af leiknum er Erlendur einn af þeim fjölmörgu þjálfurum sem hægt er að velja um.

„Ég get nú lítið sagt um þetta mál nema ég gruna son minn um hafa sett nafn mitt þarna inn," segir Erlendur, sem lá lasinn heima þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Frændi minn hringdi í mig og var ansi hissa að sjá mig þarna en þá var leikurinn nýr. Mig minnir að þetta hafi verið í nóvember á síðasta ári."

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Þeir sem spila tölvuleikinn Championship Manager geta stýrt frægustu knattspyrnuliðum heims. Þjálfarinn getur verið Erlendur Steingrímsson, smíðakennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

ERLENDUR STEINGRÍMSSON ÞJÁLFARI Samkvæmt tölvuleiknum krefst Erlendur 100 punda í laun á viku. „Það er ekki mikið," segir smíðakennarinn.

Samkvæmt leiknum er Erlendur fæddur 2. apríl árið 1962 og verður því 43 ára á árinu. Uppáhaldsliðið hans er gamla stórveldið Víkingur. „Það er allt rétt við þetta nema ártalið. Það er búið að yngja mig eitthvað upp," segir Erlendur smíðakennari, sem verður sextugur á árinu. „Ég spilaði með Víkingi í gamla daga svo það passar alveg. Yngsti strákurinn minn hefur sennilega sett þetta inn, hann rámaði eitthvað í þetta þegar við fréttum af þessu."

Erlendur hefur lengi verið stuðningsmaður Manchester United en býst þó ekki við að nýta sér tækifærið og stýra liðinu til sigurs í ensku úrvalsdeildinni.

„Sonur minn hefur verið að spila þennan leik en ég hef engan áhuga á honum," segir Erlendur, sem í sýndarveruleikanum getur þjálfað Wayne Rooney og félaga hjá Manchester United en í raunveruleikanum kennir hann krökkum í Breiðholti að smíða.

kristjan@frettabladid.is

DV
Foreldrar reiðir
Dóp, morð og nauðganir í Stundinni okkar
DV – hefur þú séð DV í dag?

Sigursteinn í heiðurssæti Röskvu

Nokkra athygli hefur vakið að Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar og fyrrverandi fjölmiðlamaður, sé í heiðurssæti Röskvu, samtaka félagshyggjufólks í Háskóla Íslands.

„Ég held að það fólk sé með hjartað á réttum stað í pólitíkinni. Ég hef trú á að þessir krakkar vilji gera háskólann meira lifandi," segir Sigursteinn, sem hóf nám í uppeldis- og menntunarfræði í haust. „Það skiptir máli að stúdentar láti til sín taka. Háskólinn á að vera óaðskiljanlegur hluti af hinu íslenska samfélagi. Ég trúi því að Röskva vilji breyta um áherslur og veita stjórnvöldum til dæmis meira aðhald varðandi skólagjöld," segir hann.

Sigursteinn var á sínum tíma í blaðamannaskóla í Frakklandi en hefur ekkert lært á háskólastigi hér heima. Hann útilokar ekki að hjálpa til í stúdentapólitíkinni ef eftir því verði óskað. „Ef þau teldu að það væri gagnlegt að hafa mig með væri það ekkert vandamál mín megin. Ég hefði bara gaman af því."

SIGURSTEINN MÁSSON Sigursteinn hóf nám í uppeldis- og menntunarfræði í haust.

Með háskólanáminu vill Sigursteinn öðlast meiri víðsýni og innsýn í þá hluti sem hann telur að styrki sig sem manneskju. „Það er gaman að geta ýtt á þæsutakkann í lífinu. Þetta er eins og að hlusta á góða músík. Þó að hún sé góð er ekki hægt að hlusta á hana út í eitt. Það er gott að geta staldrað við og hlaðið skynfærin upp." ■

Spring Air NeverTurn heilsudýnur

Val um 100% náttúrleg gæðaefni

Laserskorin ConformaFoam eða
Latex heilsu og hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja
stífan setkant og meira svefnsvæði

Tvíhert háþróað gormakerfi

THE NeverTurn™ MATTRESS

SPRING AIR®

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum
þér að finna réttu dýnuna fyrir þig á **ótrúlegu tilboði!**

Nú er tækifærið!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Sími 588 8477 www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR — SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
2. sýning 13. febrúar kl. 19 – FÁAR SÝNINGAR

Landsbankinn

Miðasala á netinu; www.opera.is
Netfang miðasölu; midasala@opera.is • Sími miðasölu: 511 4200

ÍSLENSKA ÓPERAN

BAKÞANKAR
ÞRÁINS BERTELSSONAR

Að skjóta sig í lappirnar

Þótt það sé nú ekki beinlínis sérgrein þess pistlahöfundar sem hér skrifar að vorkenna stjórnmálamönnum skal það viðurkennt að Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, hefur mátt þola furðulega niðurlægingu á sinni formannstíð. Milli kosninga starfar Össur sem formaður flokksins, en þegar nær dregur kosningum er formaðurinn settur í frysti og hinn umdeildi fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún, stígur fram og er dubbuð upp til nýs og áður óþekkts embættis í íslenskum stjórnmálum og kölluð „forsætisráðherraefni“.

FORSÆTISRÁÐHERRAEFNI Samfylkingarinnar sem rak formanninn út af í síðustu kosningum glopraði niður sögulegu tækifæri til að leiða Samfylkinguna til glæsilegs sigurs. Sá undarlegi ferðamáti – að hafa hestaskipti í miðri á – leiddi til þess að það blotnaði í púðrinu. Og því fór sem fór. Að kosningum loknum var Össur svo aftur tekinn úr frysti, en forsætisráðherraefnið skellti sér á námskeið erlendis – til að efla flokksstarfið á Íslandi – meðan Össur sinnti heimilisverkum.

NÚ LÍÐUR AÐ kosningum og hið metnaðargjarna forsætisráðherraefni er aftur komið á stjá. Núna vill það ekki lengur láta sér duga að vera forsætisráðherraefni – enda gafst það ekki vel síðast – heldur sækist eftir formennskunni. Ef Samfylkingin væri sjálfri sér samkvæm í þessum skondnu hrókeringum væri þetta leyst með því að forsætisráðherraefni flokksins frá síðustu kosningum væri gert að formanni í næstu kosningum og formaður flokksins úr síðustu kosningum fengi að vera forsætisráðherraefni í þeim næstu.

BJÁNAGANGUR af þessu tagi leiðir sennilega til þess að Samfylkingin verði eilífðarflokkur í stjórnarandstöðu. Í öðrum stjórnmálaflokkum hér heima og erlendis hefur það gefið sæmilega raun að láta formenn stjórnmálaflokka leiða þá uns þeir falla á vígvelli kosninga eða draga sig í hlé, og þá er nýr foringi valinn. Samfylkingin hefur aðra og sérviskulegri aðferðafræði og kýs að hefja kosningabaráttu sína á því snjallræði að skjóta sig í lappirnar – báðar lappirnar. ■

SKIPT_um gír
JANÚARTILBOÐ Á NISSAN

NISSAN

SKIPT_um væntingar

NISSAN X-TRAIL
TILBOÐSVERÐ 2.990.000 kr.
34.653 kr. á mán.*

Nýr X-TRAIL er gullfallegur bíll sem hæfir íslensku veðurfari. Hann flytur heilu fjölskyldurnar um landið þvert og endilangt og skýst í innanbæjaraksturinn af lipurð og snerpu. Þú situr hátt í Nissan X-Trail og með einu handtaki skiptirðu yfir í fjórhjóladrif ef færð þyngist.

- Sport 2,0
- Sjálfskiptur
- 140 hestöfl
- 5 dyra

150.000 kr. AUKAHLUTAPAKKI
Dráttarbeisli og vetrardekk fylgja öllum Nissan X-Trail jeppum sem keyptir eru í janúar 2005.

NISSAN PRIMERA
TILBOÐSVERÐ 2.390.000 kr.
27.697 kr. á mán.*

Í samræmi við glæsilega hönnun á Nissan Primera, er bíllinn hlaðinn búnaði. Sem dæmi þá er þetta eini fólksbíllinn á markaðnum sem hefur innbyggða bakkmyndavél og skjá sem tryggir að ekkert fari úrskeiðis.

- Primera 1,8i
- Sjálfskiptur
- 116 hestöfl
- 5 dyra

Í KAUPBÆTI NOKIA 6610i
GSM sími ásamt handfrjálsum búnaði fylgir öllum Nissan Primera á tilboði.

NISSAN ALMERA
TILBOÐSVERÐ 1.620.000 kr.
21.090 kr. á mán.*

Kraftur og mýkt einkennir Nissan Almera. Stjórnstöðin styðst við hina einstöku Nissan tækni til að tryggja auðvelda og eðlilega stjórn. Hönnuðir okkar hafa mótað útlit bílsins til að ná fram straumlínulaga, lögun og umgjörðin er dregin fram með kröftugum fram- og afturljósunum.

- Almera 1,5i
- Beinskiptur
- 90 hestöfl
- 5 dyra

NISSAN MICRA
TILBOÐSVERÐ 1.300.000 kr.
15.061 kr. á mán.*

Hvort heldur þriggja eða fimm dyra er Micran nett og auðvelt að aka henni og leggja í stæði. Innanrýmið er svo haglega hannað að þetta er rúmbesti bíllinn í sínum stærðarflokki. Micran er full af hugvitssamlegum lausnum sem gera aksturinn þægilegri og skemmtilegri.

- Visia 1,2i
- Beinskiptur
- 80 hestöfl
- 3 dyra

www.nissan.is
Nánari upplýsingar um Nissan bílaflotann hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.nissan.is

SP
Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN HF.
*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Fíton/SÍA F101532

Ingvar Helgason Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	**Bíla og búvélasalan** Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	**Bifreiðaverkstæðið Áki** Sæmundargötu 3 550 Sauðárkróki 453-5141	**Bílar GS Sport** Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	**Bílaverkstæði Hjalta ehf** Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	**Bílverk** Víkurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	**Bíley** Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453	**Bílasala F.M.G.** Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540	**Bílasala BSV** Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960

Ingvar Helgason — Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is — Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

SPARI DAGAR
Gerðu góð kaup!

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

100 AEG ÞVOTTAVÉLAR Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI!
Erum að rýma fyrir nýjum þvottavélum.
Íslenskt stjórnborð og vönduð íslensk notendahandbók.
Taumagn: 5,5 kg. Vinduhraði: 1400 snúningar á mínútu.
Nýttu þér þetta einstaka tækifæri að eignast AEG þvottavél.
Verð áður: 89.900,- kr. **Nú: 74.900,- kr.**

FYRSTIR KOMA – FYRSTIR FÁ!

RADIONAUST FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
BRÆÐURNIR ORMSSON LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
GAMAN AÐ SJÁ YKKUR! ORMSSON SMÁRALIND www.ormsson.is